


2. tbl. 31. árgangur 2008

# Skíma

MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA







Á vefnum er varpað ljósi á ýmislegt sem aflaga hefur farið í málfari Íslendinga. Hver málfarsmoli fjallar um eitt atriði og kemur með tillögu til úrbóta.

Vefurinn er samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar og málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



[www.nams.is](http://www.nams.is)



**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir  
svansver@hi.is  
sími 863 2424



**Ritnefnd**  
Helga Birgisdóttir,  
helgabi@hi.is  
Jón Özur Snorrason,  
jozur@fsu.is  
Ýr Þórðardóttir,  
yr@lagafellsskoli.is

**Útgefandi**  
Samtök móðurmálskennara  
Kennarahúsinu við Laufásveg,  
101 Reykjavík

**Heimasíða SM**  
<http://www.ki.is/sm>

**Umbrot, filmuvinna**  
Halldór Kristjánsson/Leturval

**Prentun**  
Litróf ehf.

**Forsíðumynd**  
Ólafur Sólímánn teiknaði myndina af Steini Steinarr á forsíðu Skímu.

## Efnisyfirlit

Pistillinn: Að flokka, meta og dæma .....	4
Skammdegisfundur Samtaka móðurmálskennara .....	5
<i>Guðlaug Guðmundsdóttir</i> Sumarnámskeið Nordspråk 2008 – Veruleikinn í bókmenntunum .....	7
<i>Kristján Jóhann Jónsson</i> Mannfýlur og frægðarverk .....	11
<i>Ásdís Egilsdóttir</i> Blóm, býflugur og bækur .....	14
<i>Gylfi Þorkelsson</i> Sumarnámskeið á Flúðum. ....	17
<i>Helga Birgisdóttir</i> Bókmenntavefir – þeir sem eru til og þeir sem ættu að vera til .....	20
Litið um öxl – Samtök móðurmálskennara 30 ára .....	23
<i>Auður Fr. Halldórsdóttir</i> Getum við nýtt tölvur betur í byrjendakennslu? .....	29
Íslenskukennarinn – viðtal við Jóneyju Jónsdóttur .....	30
Íslenskukennarinn – viðtal við Grím Bjarnald .....	31
Steinn Steinarr .....	32
Hetjur í spegli málfræðinnar – bókakynning .....	40
<i>Elísabet H. Einarsdóttir</i> Málfræði á öllum skólastigum .....	41
<i>Guðjón Ragnar Jónsson og Inga Lára Birgisdóttir</i> Forn arfleifð Austurbæjarskóla .....	44
<i>Brynja Baldursdóttir</i> Íslenska 633 .....	46
<i>Halldóra Björt Ewen</i> Málfræði er skemmtileg .....	48
Ritfréttir .....	50

### STJÓRN SAMTAKA MÓÐURMÁLSKENNARA 2008–2009



Guðlaug  
Guðmunds-  
dóttir formaður



Katrín  
Kristinsdóttir  
gjaldkeri



Kristján Jóhann  
Jónsson  
ritari



Sæmundur  
Helgason  
meðstjórnandi



Eygló  
Eirsdóttir  
meðstjórnandi

# Að flokka, meta og dæma

**H**afi ég einhvern tímann efast um að kennarar hafi áhrif á nemendur sína með orðum og athöfnum – og jafnvel klæðaburði – hætti ég að efast eftir ferð með strætisvagni einn eftirmiðdag í vetur. Ég beið á Lækjartorgi eftir vagninum mínum í útsynnings hraglanda ásamt hópi nemenda sem var að ljúka skóladeginum. Ég hef trúlega ekki verið mjög kennaraleg, a.m.k. truflaði ég ekki samræður menntaskólanema sem stóðu þarna hríðskjálfandi í hnapp. Ekki heldur eftir að við vorum öll komin inn í hlýjan vagninn. Umræður unga fólksins snerust nær eingöngu um skólann og þá fyrst og fremst um kennara. Kennara sem höfðu kennt þeim í grunnskóla, kennara sem kenndu þeim í vetur og kennara sem höfðu kennt vinum þeirra eða systkinum. Og það skorti ekki skoðanir. Þessi kennari var svona og hinn hinseginn. Góður kennari, slæmur kennari, falletgur, ljótur, leiðinlegur kennari. „Óþolandi kennarar sem eru alltaf í sömu fötunum. Manstu t.d. eftir kennaranum í fyrra sem var í sömu sokkabuxunum alla önnina?“ „Já, óþolandi, eins og það sé ekki til nóg af sokkabuxum í búðum. Við hefðum átt að gefa henni nýjar.“ Eða – „Manstu eftir þessum sem kenndi okkur í tíunda? Manstu eftir því hvað röddin var óþolandi? Manstu hvernig hann endurtók alltaf sömu brandarana? Eða þessum með kækinn, þessum í brúna jakkanum! Og veistu hvernig dönskukennarinn er? Hann segir sögur af kærustu sinni í hverjum tíma.“ Svona vorum við kennararnir flokkaðir, metnir og dæmdir – og það var engin miskunn hjá Magnúsi.

Mér varð hugsað til þessarar strætóferðar nokkrum vikum seinna þegar ég var að ljúka námskeiði í Svíþjóð. Við „nemendurnir“ settumst niður að loknum síðasta kennslutíma eftir sporsvagnsferð í indælu vetrarveðri og fengum okkur kaffi á kaffihúsi. Ég frá Íslandi, margir Svíar og nokkrir frá

öðrum löndum. Og hvað haldið þið að umræðurnar hafi snúist um? Kennarana á námskeiðinu – nema hvað. Og við flokkuðum, máttum og dæmdum. Kannski ekki af sama miskunnarleysi og unglingarnir – en samt. Umræðan um kennarann virðist einhvern veginn vera hafin yfir aldur, reynslu og menntun.



Skíma kemur nú út í 63. sinn. Eins og fram kom í síðasta blaði er árið 2008 þrítugasta afmælisár Samtaka móðurmálskennara. Afmælisársins var minnst á vor- og aðalfundi Samtakanna sem haldinn var í Hafnarfirði í maí síðastliðnum. Við minnumst tímamótanna einnig í þessari Skímu með því að birta stutta pistla frá sex fyrrverandi formönnum. Þá minnumst við þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu eins af stórskáldum okkar Íslendinga, Steins Steinarr. Auk þessa er að finna í blaðinu áhugaverð skrif frá sumarnámskeiði Nordspråk og á Flúðum, um Njálu, um menntun á miðöldum og um málfræðiumfjöllun í Skímu gegnum árin – svo fátt eitt sé nefnt.

Forsiðu Skímu prýðir mynd Ólafs Sólimann myndlistarmanns. Honum og öðrum höfundum efnis eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt.

Lesendur Skímu eru enn og aftur hvattir til að senda inn efni; greinar, hugleiðingar, kennsluhugmyndir eða annað sem erindi á við íslenskukennara á öllum skólastigum.

■ *Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, ritstjóri Skímu.*





Póra Lárusdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Hrónn Hilmarsdóttir, Arnbjörn Jóhannesson og Soffía Magnúsdóttir.



# Skammdegisfundur SAMTAKA MÓÐURMÁLSKENNARA



Skáldkonurnar Guðrún Eva og Gerður Kristný.

Hinn árlegi skammdegisfundur Samtaka móðurmálskennara var haldinn í Skólábæ við Suðurgötuna í Reykjavík fimmtudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Fundurinn hefur verið haldinn árlega síðan 1992. Á fimmta tug íslenskukennara komu saman og hlýddu á skáld og rithöfunda lesa úr nýútkomnum verkum sínum.

Að þessu sinni lásu Einar Kárasón úr bók sinni *Ofsa*, Guðrún Eva Mínervudóttir úr *Skapanum*, Gerður Kristný úr *Garðinum* og Ingunn Snædal úr ljóðabókinni *Í fjarveru trjáa*. Að loknum hverjum upplestri var dregið í bókahappdrætti og voru m.a. bækurnar sem lesið var upp úr í vinning. Bókaforlögin gáfu vinningsbækurnar. Í boði voru léttar og ljúffengar veitingar. Myndirnar af fundargestum tók Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Fleiri myndir má nálgast á heimasíðu Samtakanna [ki.is/sm](http://ki.is/sm).



Skáldið  
Einar Kárasón.



Rannveig Lund í samræðum við kollega sína. Í baksýn eru Rósa Maggý Grétarsdóttir, Halldóra S. Sigurðardóttir og Ásta Sveinbjörndóttir.



Helga Hjálmtýsdóttir hlaut ljóðabók Ingunnar í bókahappdrættinu.



Katrín Tryggvadóttir, Katrín Kristinsdóttir, Jóhanna Júlíusdóttir, Lilja Möller og Gunnar Skarphéðinsson.



Elínborg Ragnarsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir og Ásdís Arnalds.



Steinunn Njálisdóttir bíður eftir áritun höfundar.



Elínborg Ragnarsdóttir að baki Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur.



Halldóra S. Sigurðardóttir og Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir.



Hrönn Bergþórsdóttir, Herdís Snorraddóttir og Margrét Ólöf Jónsdóttir.



Ásdís Arnalds.

## ÚR BÓK INGUNNAR SNÆDAL, Í FJARVERU TRJÁA

### Vatnsnes

í fjarveru trjáa grýtt slétta  
með svört endalaus fjöll  
á aðra hönd

hikandi sól þrykkir  
flöktandi myndir  
úr svörtum skuggum á jörðina

stórir gráir steinar gera  
göt í mistrið  
alveg niður í fjöru

sjórinn dregur landið til sín  
einn stein í einu

### Skessugarður

fjórtán kílómetra frá  
nýju vegamótunum í heiðinni  
uppi á Grjótgarðshálsi  
er beygt til vinstri hjá bláu skilti  
og gengið  
síðasta spölinn

þá sjást risastór björg  
sem hún ruddi til hliðar  
orðin verulega pirruð  
meðan sú minni sótti  
stóra borinn hans afa síns

### Íslensk ferðalög

ekki fleiri Sómasamlokur  
og ofkryddaðar franskar  
ekki meiri ís í brauði  
né boxi  
ekki eina karamellu í viðbót  
eða djúpsteikt barnabox  
farið með þessa andskotans pylsu  
mér er sama þótt hún sé frá SS

frekar ríf ég í smátt  
serviuttur úr hanskahólfinu  
en dreifi meiri harðfiski í bílinn  
grillfýla liggur yfir öllu  
börnin gosmarineruð aftur

ekki fleiri bensinstöðvaleiki  
með kókómjólkurkrafti þeyti ég  
tappasafninu út í geim

gular Sprite-stjörnur á himnum

### kortaspurning

fyrst bærinn heitir Vatnshlíð  
hvort heitir þá vatnið  
framundan honum  
einfaldlega Vatn  
eða Vatnshlíðarvatn?

ef hið síðara  
ætti þá bærinn ekki að heita  
Vatnshlíðarvatnshlíð?





# SUMARNÁMSKEIÐ NORDSPRÁK 2008

## *Veruleikinn í bókmenntunum*

Enn einu sinni leiddu norrænir móðurmálskenningar saman hesta sína og sátu frábært Nordsprák-námskeið, að þessu sinni í sumarparadís Dana á eyjunni Borgundarhólmi. Viðfangsefni sumarnámskeiðsins 2008 var sjálfsævisögur og hvernig höfundar byggja verkin sín á eigin veruleika. Fyrirlesarar fjölluðu um efnið á ýmsa vegu og lögðu allir sitt af mörkum til að gera þéttskipaða dagskrá áhuga-verða, lærdómsríka og skemmtilega.

Tólf þátttakendur komu frá Íslandi auk Einars Más Guðmundssonar rithöfundar sem flutti afbragðsgóðan fyrirlestur um nýjustu bók sína *Rimlar hugans – ástarsaga* (2007). Námskeiðið var haldið á krúttlegu hóteli Siemensens Gaard í strandbænum Svan- eke á norð-austurströnd Borgundarhólms.

### **Sá sem blíkkar er hræddur við dauðann**

Fyrsta skáldsaga Knuds Romer (1960), *Den som blinker er bange for døden*, olli talsverðu írafári þegar hún kom út árið 2005 en hún fjallar um Knud, strák, sem fæddur er á 6. áratugnum. Hann á danskan föður og

þýska móður og elst upp í bænum Nykøbing á Falstri. Knud lýsir á miskunnarlausan hátt einelti sem fjölskylda hans verður fyrir af hendi nágranna sinna vegna þjóðernis móðurinnar. Hún er hins vegar mjög sterk og ögrandi



Íslenskir þátttakendur á sumarnámskeiði Nordsprák 2008: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir, Guðlaug Guðmundsdóttir, Guðrún Guðjónsdóttir, Halldóra S. Sigurðardóttir, Hulda Ólafsdóttir, Inga Ósk Ásgeirsdóttir, Hrönn Hilmarsdóttir, Katrín P. Andrésdóttir, Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Á myndina vantar Þóru Lárusdóttur.



Við Hammerhus, rústir stórbrotins virkis frá miðöldum sem síðar varð ríkisfangelsi Dana og hýsti m.a. Leónóru Kristínu konungs-dóttur.

persóna sem gefur sig hvergi. Knud sagðist hafa skrifað bókina sem hyllingu til móður sinnar látinnar. Hann hafi orðið að segja þessa sögu. Hann lýsti því einnig yfir að hann hefði verið logandi hræddur við að segja hana þar sem hann bjóst við að viðbrögðin gætu orðið harkaleg og óvægin. Það kom á daginn. Enginn Dani vill gangast við því Þjóðverjahatri sem bókin lýsir og engin þjóð vill viðurkenna að þessi saga lýsi í raun örlögum þúsunda Þjóðverja sem dreifðust um heiminn eftir stríð og voru alls staðar sökudólgar, áttu sér engan málsvara, og koma mátti fram við eins og svín.

Um bókina stóðu hatrammar deilur. Sumir hófu hana til skýjanna og töldu hana eiga brýnt erindi, hrósuðu Knud Romer í hástert fyrir stíl og efnistökk á meðan aðrir fundu henni flest til foráttu, þótti hún illa skrifuð lygasaga og ómakleg árás á friðsælan bæ og íbúa hans. En bókin rokseldist, var prentuð í mörgum upplögum og höfundurinn hlaut margvísleg verðlaun.

Romer kom eins og þrumufleygur inn á sumarnámskeið Nordspråk, hann stökk fram á sviðið með pípustert og björglas í hendi, æddi um gólf og talaði mikið, hratt og af sterkri innlifun. Sumir í hópi frændþjóðanna áttu fullt í fangi með skilja þennan tillitslausa orðhák. Knud Romer sagði marga gagnrýnendur sína hafa lesið bókina á sama

hátt og skrattinn les Biblíuna. Sem dæmi tók hann lokakafla bókarinnar sem hann segir marga rangtúlka. Endir sögunnar er tvíræður á dönsku en í íslensku þýðingunni eru tekin af tvímæli á þann hátt sem Knud segir sjálfur að lesendur hafi misskilið endinn. Það er stór munur á því hvort sá, sem heldur á handsprengju, kastar pinnanum eða sprengjunni sjálfri.

*Sá sem blikkar er hræddur við dauðann* er heitið á íslensku þýðingu þessarar mögnuðu sögu. Hér er fullyrt að hún sé grúplögð saga til að lesa og ræða um við nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

### Orð eru auðlind

Vigdis Hjorth (1959) lærði það strax í barnaskóla að orð hafa afleiðingar. Það gerðist þegar hún var rekin út úr tíma fyrir að brúka munn. Hún komst líka að því að hægt væri að selja orð þegar hún skrifaði uppskálduð, dramatísk lesendabréf í tímarit strax á unglingsaldri og fékk greitt fyrir. Þess vegna varð hún rithöfundur.

Vigdis Hjörth steig á stökk og átti óskipta athygli áheyr- enda sinna á Siemsens Gaard. Hún talaði, sagði sögur og las upp með leikrænum tilburðum svo fyrirlestur hennar var í raun velheppnað uppistand. Viðstaddir veltust um af hlátri.



Viðfangsefnið í sögum Vigdisar er kvenleg reynsla: ástin, samskipti kynjanna, væntingar og vonbrigði í anda Dagbókar Bridget Jones. Nálgun hennar er mjög opinská. Hún hikar ekki við að skrifa um vandræðalegar upptakomur svo sem fyrstu kynlífsreynsluna og setja sjálfa sig í aðalhlutverkið.

Hún hóf feril sinn með barna- og unglingabókum sem fjalla m.a. um vináttuna, kynþroskann og samskipti kynjanna, sígræn viðfangsefni. Þannig lýsti hún fjálglega fyrstu ástinni sinni, í þriðja bekk grunnskóla. Hún lýsti því einnig hvernig hún notaði eigin lífsreynslu sem efnivið í grátbroslegar sögur í unglingabókum sínum.

Aðferð Vigdisar við sagnalistina er að tína saman atvik úr veruleikanum, eigin reynslu og því sem hún heyrir og sér í umhverfi sínu. Sögurnar sem rata inn í bækur hennar eru síðan stílfærðar eftir lögmálum sagnalistarinnar. Dæmin sem Vigdis tók voru óborganlegar sögur. Spurningin um hvort þær séu sannar á ekki við, nær væri að segja að þær séu leikur að sannleikanum. Nýjustu bækur hennar eru *Hjulskipt* (2007) og *Tredje person entall* (2008).

### Dagbókaskrif eru leið til sjálfskoðunar

Arne Melberg er sænskur bókmenntafræðingur og prófessor í Óslóarháskóla. Hann hefur skrifað fjölda bóka um sjálfsævisöguleg skrif og byggði fyrirlestur hans á nýútkominni bók hans, *Selvskrevet i litteraturen* (2007). Hann setti fram yfirlit yfir sögu sjálfsævisagnaritunar og dró fram einkenni bókmenntategundarinnar. Hann sagði að samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu á skáldsögum væru þær annaðhvort sjálfsævisögulegar eða skáldskapur. Kjarni máls Melbergs var að skáldskapur væri hvort tveggja í senn. Melberg lagði ríka áherslu á hlut dagbókarskrifa í lífi höfunda og nefndi mýmörg dæmi um rithöfunda sem halda dagbækur. Hlutverk dagbóka er mikilvægt fyrir alla og ekki síst rithöfunda sem sækja flestir efnivið í eigin veruleika og vinna síðan með hann í verkum sínum. Blogg og dagbækur eru að mati Melbergs náskyld fyrirbæri. Bloggið er leið til að opna fyrir sjálfskoðun líkt og dagbækur en sjálfsævisögur byggja á strangri bókmenntalegri hefð sem settur er ákveðinn rammi.

### Að opna fyrir nýja heima

Hans Otto Jørgensen (1954) er skólastjóri danska rithöfundaskólans en ólst upp í sveit. Sextán ára gamall gerði hann sér grein fyrir að til væri fólk sem starfaði við að skrifa sögur. Þá ákvað hann að verða rithöfundur. Hann vann við sveitarstörf fram til 35 ára aldurs áður en hann gaf út sína fyrstu bók, *Tårnet* (1989). Hans Otto lýsti vinnubrögðum sínum þannig að minningarnar væru eins og mósaíksteinar sem hann raðar saman.

Þekktustu verk hans eru þrileikurinn *Ida og Axel* (2007), safnútgáfa af skáldsögnum *Helt og heltinde*, *Den fotograferede dreng* og *lokasögunni*, sem hlaut gagnrýnendaverðlaunin 2007, *Med plads til 100 køer*. Sú saga byggir á sögu foreldra hans í sveitinni. Á þeim tíma hafði trúin mikil áhrif á daglegt líf fólks á Jótlandi og það kemur fram í verkum hans. Í síðustu skáldsögu hans, *Hestenes øjne* (2008), er að finna sjálfsævisögulega þræði frá uppvexti hans við Limafjörð þar sem hann lýsir bændasamfélagi sem er að hverfa.

Hans Otto Jørgensen hefur hlotið margs konar viður-

kenningar og verðlaun og eru bækur hans mikið lesnar í framhaldsskólum í Danmörku. „Det at skabe kunst, er at åbne en ny verden som ikke har været der før,“ sagði Hans Otto Jørgensen.

### Einar Már braut rimla

Einar Már Guðmundsson (1954) er vel þekktur og afar virtur rithöfundur á Norðurlöndunum. Það ríkti því mikil eftirvænting eftir fyrirlestri hans sem gladdi okkur lands hans. Norskir kennarar sem þarna voru sögðu að koma hans á námskeiðið hefði ráðið úrslitum um að þeir völdu að koma til Borgundarhólms. Þeir urðu ekki fyrir vonbrigðum því fyrirlestur Einars var listaverk. Hann flutti í byrjun ljóð á íslensku og síðan danskar þýðingar þeirra. Þá sagði hann í stuttu máli frá lífi sínu sem rithöfundur og hvernig hann nýtir eigin reynsluheim sem sagnaefni. Lesendur hans hér á landi þekkja þessa sögu og óparfi að rekja hana hér.

Meginefni fyrirlestrarins var sagan af því hvernig bók hans *Rimlar hugans – ástarsaga* varð til. Í farangrinum hafði hann handrit bókunnar í danski þýðingu Eriks Skyum og las vel valin dæmi á sinni skýru og skemmtilegu dönsku. Einar talaði blátt áfram og af einlægni um þann



Einar Már Guðmundsson og Knud Romer skeggræða.

veruleika sem sagan byggir á og ekki var laust við að tár blikuðu á hvörmum þegar hann lauk máli sínu. Það var lærdómsríkt fyrir okkur Íslendingana að upplifa það viðmót og væntingar sem biðu Einars Más. Útrás verka hans er ekki einungis háð markaðsöflum. Þau hafa öðlast traustan sess í huga unnenda góðra bókmennta á Norðurlöndunum.

### Ferðir og fræðsla

Þátttakendur á námskeiðinu fóru í ferðalög um Borgundarhólum og nutu náttúrufegurðar eyjarinnar og menningar. Eftirminnileg máltíð var snædd í Hasle Museumsrøgeri. Þar fékk fólk að gæða sér á margvíslegum reykum fiskréttum, síld, rækjum og silungi með tilheyrandi öli og snafsi. Bornholms Kunstmuseum er glæsilegt menningarsetur þar sem dönsk list nýtur sín í sérstaklega vel heppnuðu samspili náttúru og byggingarlistar. Það væri þess virði að gera sér ferð til Borgundarhólms bara til að skoða það. Framkvæmd og skipulag námskeiðsins var að þessu sinni í höndum Dana. Þeir eiga mikið hrós skilið fyrir að velja því þessa umgjörð sem var bæði „hyggelig og deilig“. Allur aðbúnaður var til sóma og myndaðist ljúf og skemmtileg stemning sem allir þekkja sem sótt hafa námskeið á vegum Nordspråk. Það mátti margt læra af fyrirlesurum og spjalli við samferðafólkið og það er von okkar, sem fengum að njóta þess að fara í kennslugírinn með norrænni innspýtingu, að við fáum tækifæri til að miðla því sem við lærðum í starfi okkar í vetur.



*Knud Romer áritar bók sína Sá sem blikkar er hræddur við dauðann.*

Tilgangur námskeiða á vegum Nordspråk er að leiða saman kennara sem kenna norrænu málin. Þau eiga að vísa þeim á það sem tengir norrænu þjóðirnar saman. Þótt við séum ólík eigum við svo margt sameiginlegt og það er mikilvægt að renna stoðum undir það.

*Ljósmyndir Halldóra S. Sigurðardóttir.*

■ Höfundur er formaður Samtaka móðurmálskennara.

## TILKYNNING

### Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu

Borgarbókasafn Reykjavíkur, í samstarfi við ÍTR og Rás2, stendur fyrir „**LJÓÐASLAMMI**“ í annað sinn á Vetrarhátíð 2009. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður og fastur liður í menningarstarfi safnsins.

Ljóðaslamm felst í flutningi frumsamans ljóðs eða ljóða þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft. Þannig telst hefðbundinn ljóðaupplestur ekki til ljóðaslammis, heldur er áherslan á ljóðaflutning sem sviðslist og miðað við að flytjandi eða flytjendur fari með ljóðið samhliða tónlist, myndlist eða leiklist. Hvort sem er einstaklingur eða hópur getur flutt ljóðið.

Slammið er ætlað ungu fólki og þemað er hrollur.

Skráningarfrestur er til 15. desember 2008. Sjálf keppnin fer fram á Vetrarhátíð í Reykjavík, á safnanótt, föstudaginn 13. febrúar 2009.

Fimm manna dómnefnd velur besta ljóðið og flutning. Í henni situr fyrir hönd Borgarbókasafns Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur. Aðrir eru Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður og tónlistarmaður, Bragi Ólafsson rithöfundur, Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona.

Frekari upplýsingar um keppnina er hægt að nálgast á heimasíðu Borgarbókasafnsins, borgarbokasafn.is, og fer skráning þar fram svo og í afgreiðslu allra safna Borgarbókasafns.





# Mannfýlur og frægðarverk

## Allt öðruvísi – en samt alveg eins

Spjall sem unnið er upp úr fyrirlestri sem haldinn var á Flúðum 5. september 2008, á námskeiði Samtaka móðurmálskennara.

Pó að hér sé talað út frá Njálu þá snýst það sem sagt er einnig um aðrar fornsögur og fjallar beinlínis um það viðfangsefni að standa með fornsögur frammi fyrir ungum nemendum. Njála er dæmi í þessari grein og hún er hentug sem slík. Hún er þekkt og vinsæl og einstakir hlutar hennar geyma hliðstæður við furðu margar aðrar sögur.

Segja má að Njála sé eins og hús á nokkrum hæðum. Stiginn á milli þessara hæða er þó ekki virðingarstiginn gamalkunni heldur eins konar lærdómsstigi. Í hvert skipti sem lesandinn gerir atlögu að bókinni getur hann búist við því að finna eitthvað nýtt, – eitthvað sem hann hefði tæplega séð ef hann hefði ekki verið búinn að lesa verkið áður. Það birtast bæði nýjar merkingar og nýjar eyður sem einhvern veginn þarf að skýra.

Umræðan um eyður í textanum er þekkt úr viðtöku- og túlkunarfræðum. Um þær hefur meðal annars fjallað sá ágæti fræðimaður Wolfgang Iser. Hugmynd hans er sú að eyðurnar í textanum skipti meginmáli. Þar er rými fyrir sköpun og hugmyndaflug lesandans. Þegar fjallað er um verk á borð við Njálu í skólastofunni þá skiptir öllu máli að kennarinn og nemandinn geri sér grein fyrir því hve mikilvægt er að lesandinn sé sjálfstæður og skapandi. Án þess er gagnlegur lestur óhugsandi. Þegar kemur að einstökum umræðuefnum og vinnu nemenda er reyndar rétt að minna á að slík efni geta verið af tvennu tagi: Við getum leitað að því sem er líkt okkur eða því sem er ólíkt okkur og framandlegt. Hvað er líkast okkur sem nú lifum og þess vegna áhugavert? Við getum einnig spurt: Hvaða umræðuefni eru framandlegust? Eru bókmenntir kannski alltaf framandlegar? Er rétt að óttast það framandlega eða er menntun kannski einmitt í því fólgin að kynna sér það?

Til þess að ná tökum á efni Brennu-Njáls sögu þarf að íhuga byggingu hennar og það hefur oft verið reynt. Til dæmis mætti nefna vinsæla klisju um Gunnars sögu og Njáls sögu en sú hugmynd að byggingu eða skiptingu

efnis vinnur eindregið gegn skilningi á texta sögunnar. Ég ræði þetta ekki frekar hér en vísa á þau ókjör af efni sem um þetta hafa verið skrifuð.

### Bygging

Fæðardeilan mótar byggingu sögunnar. Sé horft á hana frá því sjónarhorni gengur ritverkið prýðilega upp. Fæðardeila er heiti á deilu sem rís milli ætta sem leggja varanlega fæð hvor á aðra. Lykilatriði í byggingu Njálu eru þessi: 1) Forsaga er um Hrút og Gunnhildi og í þeirri forsögu kynnumst við Hallgerði. 2) Njáll heldur fram yngsta syni sínum, Bergþóra þeim elsta. Njáll sér til þess að Helgi kvænist upp um stétt og Bergþóra hefnir sín með því að móðga Hallgerði og þar með Gunnar, vin Njáls. 3) Öfundarmenn Gunnars vega hann, Skarphéðinn hefnir en Mörður sleppur. 4) Þráinn, móðurbróðir Gunnars veldur óförum Njálssona, minnugur drápsins á Sigmundi og Skildi. Skarphéðinn hefnir og Bergþórshvoll er brenndur. 5) Kári hefnir Brennunnar og þeir Flosi sættast. Deilan á rót sína í átökum þeirra hjóna á Bergþórshvoli ú taf sonunum Skarphéðni og Helga. Hann líkist Njáli og hans ættmennum en Skarphéðinn Bergþóru og hennar frændliði.

Þær fimm lotur sem hér eru taldar í sögunni móta byggingu sögunnar, byggjast á einni og sömu deilu eða vaxa út úr henni. Þær sýna okkur jafnframt svo að ekki verður um villst að Njála er eitt ritverk sem miðar að niðurstöðu. Sú niðurstaða er að vald eigi að færa frá höfðingjastétt Íslands og til kirkjunnar manna. Þannig séð er Njála afar óþjóðleg bók þó að henni hafi síðar verið gert að verða eins konar þjóðartákn. Hún fjallar um að réttara sé fyrir Íslendinga að leita á náðir ábyrgtra alþjóðlegra stofnana, í þessu tilviki kirkjunnar, en snúa sér frá ábyrgðarlausri og samvisskulausri yfirstétt landsins.

Njála hefur að sjálfsgöðu verið kennsluefni í framhaldsskólum svo lengi sem lífandi menn muna. Sums staðar í

Njáluskýringum má jafnvel finna nöldur vegna vinsælda Njálu og það er yfirfært í eins konar minnimáttarkennd: Af hverju fær hún alltaf allt? Af hverju kennir enginn Hænsna-Þóris sögu eða Öl-Kofra sögu o.s.frv.

Í íslenskukennslu í grunnskólum birtist Njála síðan í styttingum Brynhildar Þórarinsdóttur og varð sú útgáfa mjög vinsæl. Á heimasíðu Vöku var Brynhildur nefnd höfundur Njálu og nokkrum sögum fór af því að í „Trivial Pursuit“ hefði verið spurt hver væri höfundur Njálu og rétt svar verið Brynhildur Þórarinsdóttir. Engar sönnur hef ég þó fundið á því.

## Mannfýlur

Í Njálu eru margar og litríkar mannfýlur. Heitið „mannfýla“ er hér notað yfir persónur sem mér virðist að láti einungis illt af sér leiða. Konur eru fáar í þeim hópi. Fyrstar og fremstar eru drottningarnar Gunnhildur kóngamóðir og Kormlóð, en Kormlóðu er lýst á afar áhugaverðan hátt: „Hún var allra kvenna fegurst og best að sér orðin um það allt er henni var ósjálfrátt en það er mál manna að henni hafi allt verið illa gefið það er henni var sjálfrátt.“ Hreinræktaðri mannfýlu er varla hægt að hugsa sér!

Ef haldið er áfram niður stéttastigann og reynt að flokka helstu mannfýlur bókarinnar þá mætti telja feðgana Mörð og Valgarð sem eru goðorðsmenn, Þráinn Sigfússon frænda Gunnars og Otkel Skarfsson í Kirkjubæ sem eru vel efnum búnir bændur. Þorgeir Starkaðarson og Þá Kol, Óttar og Hauk Egilssyni sem líklega teljast til meðalbænda og bændasona og Grana Gunnarsson og Lýting á Sámsstöðum mætti telja með þeim. Lágstéttamenn í þessum flokki eru svo væntanlega Kolur, Atli, Brynjólfur rósti, Skammkell, Hrappur, Sigurður svínhöfði, Þjóstólfur og þrællinn Melkólfur.

Hér langar mig til þess að draga inn í myndina dauðasyndirnar sjö. Að sjálfsgöðu eru þrjátarnir í Njálu nokkuð markaðir af þeim. Handhægur aðgangur að þeim er til dæmis á Vísindavefnum. Þar hefur verið spurt hverjar þær séu og í svari eru gefnar upp eftirtaldir dauðasyndir: „*Hroki, öfund, reiði, þunglyndi, ágirnd, ofát og munúðlífi*. Í *Íslensku alfræðiorðabókinni* er leti talin upp í stað þunglyndis“. Um þessar dauðasyndir hefur margt verið ritað, heimildum ber ekki að öllu leyti saman og þær eiga sér langa sögu. Ég styðst hér við útgáfu Vísindavefsins sem dugir ágætlega. Hrokinn eða drambið er óhófleg trú á eigin hæfileika sem fyrr eða síðar verður til þess að guði er hafnað. Þetta er grunnsynd og uppspretta annarra synda. Þetta hefur stundum verið kallað hégómi og virðist tengjast íslensku þjóðlífi um þessar mundir. Í Njálu má hiklaust benda á Þráin, Otkel og Skammkel og alla félagana undan Þríhyrningi sem stofna til hestaatsins. Áhugaverð spurning er hvort hroki á einhvern þátt í gengi þeirra féлага Gunnars og Njáls.

Öfund kemur víða við sögu í Njálu. Ötvíræðir fulltrúar öfundarinnar eru þeir Mörður og Þjóstólfur, Skammkell, Þorgeir og Lýtingur en gæti Bergþóra ekki fallið inn í þessa mynd líka? Reiðin í sögunni tengist einna helst lágstéttinni, þeim Þjóstólfi, Hrappi, Kol, Atla og Brynjólfi róstu, en gæti Hallgerður ekki átt heima í þessum flokki og Hildigunnur og Bergþóra? Er reiðin synd lágstétta og kvenna? Þunglyndi eða leti tekst mér ekki að tengja við aðra en Mörð, goðorðsmanninn sem liggur í rúminu og er sama

um allt meðan frændur hans og vinir berjast í túnfætinum hjá honum. Ágirndin á stærri þátt í frásögninni: Otkell og Valgarður grái koma strax upp í hugann og Mörður gígja en hvað um Njál? Ofát eða græðgi í það sem maður lætur ofan í sig sé ég ekki að sé vandi í þessari sögu. Munúðlífi eða losti kemur hins vegar skýrt fram hjá Gunnhildi og Hrutur er þar samsekur eða hvað? Þráinn myndar hættulega sambönd vegna girndar sinnar og Hrappur að sjálfsgöðu líka og Hallgerður fyllir væntanlega þennan flokk þó hún sé ef til vill fremur þolandi en gerandi. Karlarnir sækjast eftir henni og fá hana en hún er ósátt við það sem hún fær í staðinn. Þetta er auðvitað svolítil einföldun en ef til vill er ýjað að losta Hallgerðar í samskiptum við Sigmund og Hrapp.

## Ráð Njáls

Illmennin sem hér hafa verið nefnd mannfýlur halda atburðarás sögunnar gangandi. Aðrar og samsettari persónur tengjast einnig syndum og óguðlegu framferði. Gegn þessum straumi óhæfuverka og synda stendur Njáll keikur og ráðleggur mönnum á báða bóga og frestar endi sögunnar með því! Hversu góð eru ráð Njáls? Er hann „misvitur“ eins og Hallgerður er látin segja? Í Njálu segir einnig að hann var „...lögmaður svo mikill að engi var hans jafningi, vitur og forspár, heilráður og góðgjarn.“ Hvers vegna bætir hann slæðunum, kvenbúningnum margnefnda, við bætunar á þingi? Er það ekki ótrúlega opinská yfirlýsing um að Flosi sé samkynhneigður? Hver ætti að vera klárari á slíkum dylgjum en karl hinn skegglasi? Hvers vegna vill hann ganga inn í húsin þegar brennumenn koma? Þegar Njáll ráðleggur Gunnari eru þau ráð alltaf góð. Gunnar fer einungis illa út úr sínum málum þegar hann fer ekki eftir ráðum Njáls. Í húskarlavígum verða ráð Njáls vandræðaleg vegna þess að kona hans ansar honum ekki enda heldur hún húskarlavígum gangandi til þess að ná sér niðri á Njáli. Það skilur hann ekki að því er virðist, að minnsta kosti getur hún platað hann til að gefa þeim á Hlíðarenda mat og heldur þannig vakandi fæðardeilu sinni við Hallgerði sem í upphafinu var deila milli Bergþóru og Njáls út af framavonum sonanna tveggja.

Þegar synirnir eiga harma að hefna klekkir Njáll á Grjóttármönnum með ráðsnilld. Hann beitir Katli tengdasyni sínum fyrir sig til þess að ná sáttum eftir víg Þráins og tekur Höskuld Þráinsson í föstur. Sagt hefur verið að þessi ráð sýndu gæsku og hjartahlýju en einnig að Njállssynir hafi drepið Höskuld vegna þess að þeir hafi búist við því að hann myndi fyrr eða síðar hefna föðul síns. Það er þá væntanlega sá brestur í ráðagerð Njáls sem Mörður kemur auga á og notfærir sér.

Kristnitakan kemur um það bil sem Höskuldur Þráinsson og Höskuldur Njállsson eru drepnir en víg þeirra tveggja undirstrika að ráðagerðir Njáls eru að þrotum komnar. Þau eru ófyrirsjáanleg og koma eins og fjadinn úr sauðarleggnum. Þá er það sem hann leggur slæðurnar á binginn og gengur inn í húsin með heimilisfólk sitt og gefur Flosa og mönnum hans kost á brennu. Þessi tvö ráð sýna að Njáll hefur tekið ákvörðun en hver er hún? Hér víkur sögunni að Abraham sem kunnur er úr Biblíunni. Hann tók þá fjarstæðukenndu ákvörðun að drepa son sinn guði til dýrðar vegna þess að rödd af himnum sagði honum að





Kristján Jóhann Jónsson talar um persónusköpun í Njálu á sumarnámskeiði Samtaka móðurmálskennara. Mynd: Úlfar Snær Arnarson.

gera það. Um Abraham skrifaði danski heimspekingurinn Søren Kierkegaard margt skemmtilegt. Kierkegaard þótti hefðbundnar hugmyndir um himnaríki ekki sérlega merkilegar. Hann sagðist ekki geta séð að þangað kæmust aðrir en vatnsgreiddir geldingar í feringarfötum og sagan af Abraham og Ísak syni hans þótti Kierkegaard með miklum ólíkindum. Það er fáránlegt að vera tilbúinn að fórna syni sínum vegna þess að óskilgreind rödd segir þér að gera það, sagði Kierkegaard – en það er trúarlegt stökk. Trúin yfirstigur skynsemina. Þetta er eins og að stökkva fram af hengiflugi. Í vali sínu verður hver einasti maður að vera heill hvað sem í skerst. Í því felst kjarni trúarinnar. Persónuleiki okkar verður til í ákvörðunum sem krefjast alls sem við eigum og getum. Sagan um Ísak og fórnina er fáránleg – en táknræn saga. Guð brást Abraham ekki vegna þess að hann trúði en hver er tengingin við Njál?

Sú ákvörðun Njáls að móðga Flosa og leiða fjölskylduna síðan inn til þess að gefa kost á brennunni er trúarlegt stökk. Það er hans frægðarverk og þar skákar hann mannfýlunum. Eftir brennuna eiga þær sér ekki viðreisnar von í þessari sögu. Njáll hefur séð að sannleikurinn er sá að mennirnir ákvarða en guð ræður. Manneskjan þarf að skynja eitthvað handan við sjálfa sig. Einungis þannig getur hún tekið ábyrgð á frjálsri tilvist sinni. Trúarlegt stökk þjóðarinnar inn í kristnina og Njáls inn í brennuna er eitt og hið sama. Njála fjallar um þau óþekktu lönd sem mannhugurinn einn getur unnið þegar rökhbyggju og veruleika sleppir.

Í þessu spjalli hefur verið vikið að átökum, ofbeldi og klækjum á sviði samfélags og siðferðis og rætt um persónulegt siðferði: hvað gerir mann að manni og veruleika að veruleika. Öll eru þessi umræðuefni tekin beint upp úr Brennu-Njáls sögu. Hvers má manneskjan sín í heiminum? Hvað er trú og hvers vegna verða bækur sigildar?

Hvað á að ræða í skólastofum ef ekki þessi efni? Börn og unglingar sem lesa sögur læra þar að auki að skilja lífið og sjálf sig í frásögn. Það held ég að sé einkar mikilvægt í brotakenndum veruleika samtímans. Kierkegaard sagði einhvern tíma að skilningurinn á sjálfum sér og lífinu væri sýn sem líktist því að sitja í vagni og snúa baki í ekilinn. Þú veist ekki hvert þú heldur en svæðið sem þú ferð yfir breiðir úr sér fyrir augum þínum. Ég geng ekki að því gruflandi að miðaldatextar eru að sumu leyti framandlegt efni fyrir skólanema en ég staðhæfi að framandlegt efni er að sumu leyti betra en ofskýrt og ofurhversdagslegt efni. Framandlega efnið veitir nýja sýn á það sem menn þurfa að sjá. Það er þó ekki víst að það sé einmitt það sem menn vilja sjá.

Í fyrirlestrinum á Flúðum, sem er stofninn að þessari grein, byggði ég á því sem ég hef áður skrifað og sagt um Njálu. Aðgengileg er bókin *Lykillinn að Njálu* frá 1998. Vaka Helgafell, Reykjavík. Og jafnframt greinin „Abraham Njáll og Byron“ Gripla XIII. 2002. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. Í þessum tveimur ritverkum má sjá ítarlegri umræðu um margt af því sem hér er nefnt. Auk þess studdist ég við óbirtan fyrirlestur sem ég hélt á Njálusetri 7. ágúst 2005.

■ Höfundur er dósent í íslensku við menntavísindasvið Háskóla Íslands.



# Blóm, býflugur og bækur

**Á miðöldum var minni mannhugans í mun meiri metum en nú á dögum, enda voru bækur fáar. Hið ritaða orð var minninu til stuðnings en kom ekki í stað þess og skóla-lærdóm þurfti að leggja á minnið. Íslenskar biskupasögur eru mikilvægar heimildir um menntun á miðöldum. Þorláks saga og Jóns saga eru til vitnis um þátt minnis í menntun og ritun, hvor með sínum hætti.**

skript sem segir hvat er hvert verkit í sögunni hefir at merkja, er hinn hærri veggriinn. En sú þýðing er þekjan sem oss skýrir þann skilning af þeim gerðum ok verkum er sagan hefir í sér, sem oss er til kennidóms, hvat er oss hæfir af þeira framferðum ok eptirdæmum at gera eðr fram fara sem þá hefir frá verit sagt (*Stjórn* 1862:1–2).

Minnið og utanbókarlærdómur nýtir ekki mikillar virðingar í skólastarfi nútímans. Okkur finnst það að læra utan að vera stagl, sem við kennum oft við páfagauka, og lítt skapandi iðja sem eigi lítið skylt við greind. Því hefur það vakið furðu fræðimanna nútímans hversu lítið álit hugsuðir miðalda virðast hafa haft á því við sem köllum frumleika í hugsun en höfðu minnið og þátt þess í menntun í hávegum. En við ættum ævinlega að varast að dæma viðhorf miðaldamanna út frá eigin forsendum. Vænlegra er að kanna hlutverk minnisins í ljósi andlegs lífs og menningar miðalda. Miðaldamenn hefðu til dæmis aldrei greint að nám og minni.

Ýmiss konar rannsóknir hafa verið gerðar nýlega á minni á miðöldum. Mikið hefur verið ritað og rætt um minni og munnlega geymd. Þá hefur verið fjallað um félagslegt og menn- ingarlegt minni og á síðustu árum

hefur áhuginn einnig beinst að „lærðu“ minni. Samkvæmt hugmynd- um fyrri alda var öllum mönnum gefið eðlislægt minni (*memoria naturalis*) en lært minni (*memoria artificialis*) var eftt með sérstakri þjálfun. Til voru rit og ritgerðir um slíka þjálfun. Þekktast var *Ad herennium* sem talið er samið á árunum 86 – 82 f. Kr. Sú tækni, sem þar er kennd, gengur út á að raða því sem á að muna á staði sem hægt er að sjá fyrir sér, svo sem hús með gólfí, veggjum, lofti og herbergjum. Þá mátti sjá fyrir sér ýmiskonar geymslur og geymsluhólf þar sem allt átti að vera í röð og reglu. Ef til vill er þessi hugmynd að baki formála Stjórnar, biblíuþýðingar frá 13.öld:

Þetta sama herbergi, heilög guðs ritning, hefir þernar greinir eða hálfur: Þat er grundvöll, vegg ok þekju. Sagan sjálf er grundvöllr þessa heimuliga guðs húss ok herbergis. Sú skýring af heilagri

Bók Mary Carruthers, *The Book of Memory*, (1990) hefur átt drjúgan þátt í því að blása lífi á rannsóknir á minnistækni miðalda og viðhorfum miðaldamanna til minnisins. Hún bendir á að rangt sé að draga upp mynd af samfélögum munnmennta og bókmennningar sem andstæðum. Þegar ritun og bókmennning komu til sögunnar varð nýja tæknin ekki að staðgengli minnisins heldur var lítið svo á að hún væri því til stuðnings. Samfélög miðalda héldu áfram að vera samfélög minnis. Eitt af hlut- verkum bókarinnar innan slíks sam- félags var því að vera tæki í þágu minnis. Á miðöldum höfðu menn yfir- leitt ekki aðgang að stórum bóka- söfnum, bækur voru fáar og tor- fengnar. Þannig urðu menn að geta lagt á minnið það sem þeir höfðu lesið til þess að geta haldið áfram að nýta fróðleikinn, óvíst var hvort bókin héldi áfram að vera tiltæk til upp- flettingar. Minnið varð því ríkur þáttur



í menntun þegar bækur voru fáar. Þegar ritun kom til sögunnar gat hún miðlað því sem var munað – eða átti að muna. Bókin getur þá gegnt hlutverki forfeðra sem geyma minningar og miðla þeim til yngri kynslóða. Þannig miðlar höfundur *Hungurvöku* (f.h.l. 13. aldar) fróðleik sem hann hefur numið af eldri mönnum og sér til þess að hann falli ekki úr gleysku:

Hefi ek af því þenna bækling saman settan, at eigi falli mér með öllu ór minni þat er ek heyrða af þessu máli segja inn fróða mann Gizur Hallsson, ok enn nökkura menn aðra merkiliga hafa í frásögn fært (*Biskupa sögur* 2002:3).

Sögur íslensku dýrlinganna og aðrar íslenskar biskupasögur eru helstu heimildir okkar um skólalald á miðöldum. Hafa þar þó í huga að sögur dýrlinga fegra þá mynd sem af þeim og athöfnum þeirra er gefin. Í *Þorláks sögu helga* er lýst skólagöngu Þorláks þegar hann er barn að aldri. Hann er námfúst barn eins og dýrlingi sæmir og lærir sömu fræði af bók og aðrir ungir sveinar í hinum kristna heimi miðalda. En það slæðist með lýsing á námi hans við móðurkné. Frásögnin gefur til kynna að móðirin hafi kennt syni sínum sögur af forfeðrunum og er þetta örugglega eitt elsta dæmið um móðurmálskennslu í íslensku riti:

Sú var þá hans iðja er hann var á ungam aldri at hann var löngum at bóknámi, en at riti optliga, á bönum þess í millum, en nam, þá er eigi dvaldi annat, þat er móðir hans kunni kenna honum, ættvísi ok mannfæði (*Biskupa sögur* 2002:50 – 51).

Af minnistækni miðalda spratt fjölbreytilegt myndmál til þess að tákna lærdóm og minni. Þar koma fyrir geymslur og geymsluilát, býflugur, hunang og býflugnabú, engi, blóm og akrar, *cella*, sem gat merkt kofi eða klefi, en einnig hólf í býflugnabúi og perlur eða mynt í skjóðum. Þeir líkamshlutar sem koma fyrir eru oftast eyru, því menn hlustuðu á það sem þeir var kennt, og hjartað, en það var talið geymslustaður þess sem muna átti. Enn segja enskumælandi „to learn by heart“ þegar átt er við að læra utað að. Í *Jóns sögu helga* eru margar lýsingar á námi og skólalaldi. Í lengri gerð sögunnar er einkum að

finna myndmál sem dregið er af minnistækni miðalda. Þannig er námi Jóns biskups og hér er menntun líkt við fræ sem plantað er í akur, en einnig er minnt á hjartað sem geymir það sem muna skal (leturbreyting mín):

Sem herra Ísleifr byskup undirstóð hversu vel Jón fóstri hans færði sér til nytsemðar þá góða hluti sem hann kenndi honum ok hversu vel þat sáðkorn fagrliga plantaðiz í *hjärtans akri* sem hann hafði nógliga í *sáð* meðr sínum ágætum kenningum ok fagrligum dæmum (Jóns saga helga, *Editiones* 2003:60–61).

Jón biskup segir frá draumi sínum þar sem Davíð konungur birtist honum og lék á hörpu. Sagan segir að hann hafi geymt minninguna um hörpusláttinn í hjarta sér:

Af því bjóð, herra konungr, at mér sé nökkur harpa færð at ek prófi í yðru augliiti hvárt nökkur partr þessa himneska hörpuslags hefir í *mínu hjarta eptir dvalst* (Jóns saga helga, *Editiones* 2003:62).

Hér er lýst námfúsum kirkjusmið:

Valdi hann þar til smið þann er hogastr var í þann tíma á Íslandi er Þóroddr hét ok var Gamlason. Pat er sagt frá þessum manni at hann hafði svá *hvasst næmi* at þá er hann var at smið sinni ok hann *heyrði* at klerkum var kennd *grammatica*, en þat er latínu list. *Loddi*

*honum þat svá í eyrum* at hann varð inn mesti íþróttarmaðr í sagðri list (Jóns saga helga, *Editiones* 2003:82).


Loks er hér frásögn af skólanámi þar sem saman fer myndmál þar sem líkingar eru dregnar af akri og hjarta:

... ok því réðusk margra góðra manna börn undir hönd þessum tveim meisturum, sumir at nema latínu en aðrir söng eða hvárutveggja, kostgæfandi hverr eptir sínu næmi at fylla vanðlaupa síns hjarta af þeim molum viskubrauðs er þeirra kennifeðr brutu þeim til andligrar fæðu, af hverjum <vér> sáum blómberanligan akr guðligrar miskunnar meðr fögrum ilmi víða upp runninn (Jóns saga helga, *Editiones* 2003:86).

Býflugur, og það sem þeim tilheyrði, voru algengt tákun um lærdóm og minni og hér lýsir höfundur af miklum fjálgleik hvernig menn tileinkuðu sér guðsorðið á Hólum, þegar menn skunduðu til kirkjunnar:

... *sætlegan seim sem þrifit býflygi til býstokks heilagar kirkju* meðr sér berandi, hvert þeir höfðu *saman borit ór lystuligum vinkjallara heilagra ritninga* (Jóns saga helga, *Editiones* 2003:87).

*Seimur* merkir hunang og *býstokkur* býflugnabú, með hólfum sínum. *Vandlaupur* er karfa. Í þessa lýsingu tekst höfundi að flétta saman ýmis dæmi um myndmál dregið af minnistækni og sýnir með því þekkingu sína.



Skólastofa frá 14. öld. Úr frönsku handriti. ©The British Library Board.

Fleiri dæmi um myndmál af þessu tagi er að finna í *Jóns sögu* og að þessu leyti hefur hún algjöra sérstöðu meðal íslenskra miðaldarita.

Litið var á minnið sem geymslu þar sem allt átti að vera í röð og reglu. En það sem búið var að setja í geymsluna átti ekki að liggja þar og rykfalla, því þurfti að vera hægt að draga minnisatriðin fram úr vel skipulagðri geymslunni og nota í nýju samhengi. Fræðimenn fornaldar og miðalda gerðu sér ljóst að minnið gegndi tvíþættu hlutverki, það átti að varðveita og finna aftur. Þegar minnisatriðin voru kölluð fram úr minninu mátti raða þeim upp á nýtt og setja í nýtt samhengi. Þannig gat minnið verið skapandi ferli.

Algennt var að löngum ritum væri skipt niður í stuttar einingar til þess að hægara væri að leggja þau á minnið. Tekið var saman efni á bækur til þess að styðjast við ef semja átti efni sem síðan var flutt munnlega, svo sem hómiliur (prédikanir) og kennsluefni. Útdrættir úr stærri verkum voru gjarnan notaðir í þessu skyni. Í Vestur-Evrópu voru slíkar handbækur teknar saman á tólftu öld eða síðar, á sama tíma og lestrar-kunnátta efdist. Handritið AM 677 4to er með elstu íslensku handritum sem varðveist hafa. Meðal efnis í handritinu eru leifar af lista yfir „tölf ósóma“ og hluti úr þýðingu á *Epígrómmum* Prospers af Akvítaníu (d. 460) *Epígrómmum*, sem voru að mestu spakmæli um rétta breytni og siðferði, unnin upp úr ritum Ágústínusar kirkju-föður voru víða notuð sem kennsluefni í skólum miðalda. Þýðingin í AM 677 4to er talin frá 12. öld. Það vantar aftan við þýðinguna í þessu elsta handriti, en brot af sama texta er að finna í AM 685c 4to. Í þessari litlu bók, sem ef til vill hefur verið kennslurit, eru textar sem skipt hefur verið í stuttar einingar eins og tíðk-aðist í ritum af þessu tagi. Listinn yfir „ósómana tólf“ var númeraður, þannig að hver löstur hafði sitt númer. Til

viðbótar er hverjum lesti raðað á sinn pall, hvort tveggja gæti hjálpað til við að festa lestina í minni og hjálpa mönnum þannig að forðast þá. Handbókum og uppflettiritum nútímans er almennt raðað í stafrófsröð, en ýmsar aðrar röðunaraðferðir voru kunnar á miðöldum. Því sem átti að læra og

verður ekkert fullyrt en hafa verður í huga að aðgengi að bókum var ekki eins sjálfsgagt og auðvelt á miðöldum og nú á dögum. Þannig urðu menn að sækja efni í sinn minnissjóð við samningu texta. Mikið er um vísanir í heilaga ritningu til þess að leggja áherslu á guðrækni biskups og heilagleika. Ritningargreinir voru meðal þeirra texta sem áhersla var lögð á að lærðir væru utan að. Tilvitnanirnar draga fram helstu atriðin í ævi og persónuleika Þorláks. Margt bendir einnig til þess að stuðst hafi verið við rit sem hafði að geyma spakmæli á borð við þau sem eru í handritinu AM 677 4to. *Jón saga* og *Þorláks saga* eru merkar heimildir um menntun og kennslu á Íslandi á miðöldum. Báðar sögurnar segja frá skólum og kennurum og báðar geyma vitneskju um þátt minnisins í námi og miðlun fróðleiks.



Biskuparnir og dýrlingarnir Þorlákur helgi og Jón helgi. Íslenskur textill frá 16. öld. Á Þjóðminjasafni.

muna var þannig skipað niður á upphugsaða mynd af Örkinni hans Nóa, margra hæða hús með nokkrum herbergjum á hverri hæð eða pöllum eða þrepum í stiga. Pallarnir, sem sagt er frá að María mey hafi gengið upp ein og óstudd þriggja ára gömul, gætu átt að minna á þann fróðleik sem fylgir hverjum palli í frásögninni:

Musterið merkir himinríki og eilífa sælu með almáttkum Guði. En fimmtán pallar voru upp að ganga til musterisduranna, og mátti eigi annan veg koma í musteríð en of pallana að ganga, og skyldi eigi skjótara fara en syngja sálm á hverjum palli (*Mariukver* 1996:10).

*Þorláks saga* varð til í umhverfi bókmenningar. Höfundur veit hvernig á að skrifa lífssögu dýrlings og notar kunn ritklif úr sögum játara. Ætla má að hann hafi bæði lesið og heyrt slíkar sögur og eins líklegt að hann styðjist við minni sitt eins og að hann hafi textana sjálfa við hendina. Um þetta

### Helstu heimildir

Assmann, Jan. 1992. *Das kulturelle Gedächtnis. Schrift, Erinnerung und politische Identität in frühen*

*Hochkulturen.* München.

*Biskupa sögur I. Íslensk fornrit XV.* 2003. Útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson, Peter Foote. Reykjavík.

*Biskupa sögur II. Íslensk fornrit XVI.* 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Reykjavík.

Carruthers, Mary. 1990. *The Book of Memory. A Study of Memory in Medieval Culture.* Cambridge.

Carruthers, Mary and Ziolkowski, Jan M. 2002. *The Medieval Craft of Memory. An Anthology of Texts and Pictures,* ed. by Mary Carruthers and Jan M. Ziolkowski. Philadelphia.

Hubrath, Margarete. 1996. *Schreiben und Erinnern. Zur „memoria“ im Liber Specialis Gratiae Mechthildis von Hakeborn.* Paderborn.

Jóns saga Hólabyskups ens helga. *Editiones Arnemagnæanæ A:14.* 2003. Útg. Peter Foote. København.

*Leifar fornra kristinna fræða íslenskra.* 1878. Útg. Þorvaldur Bjarnarson. Kaupmannahöfn.

*Mariukver. Sögur og kvæði af heilagri guðsmóður frá fyrri tíð.* 1996. Útg. Ásdís Egilsdóttir, Gunnar Harðarson, Svanhildur Óskarsdóttir. Reykjavík.

*Stjórn.* 1862. Ed. C.R. Unger. Christiania.

Yates, Frances A. 1966. *The Art of Memory.* London.

■ Höfundur er dósent við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.





# Sumarnámskeið á Flúðum

Árlegt sumarnámskeið SM var haldið að Flúðum dagana 5. og 6. september síðastliðinn undir styrkri stjórn Guðlaugar Guðmundsdóttur, Eyglóar Eiðsdóttur, Katrínar Kristinsdóttur og Sæmundar Helgasonar. Námskeiðið var vel skipulagt, fjölbreytt og skemmtilegt og ákaflega vel fór um þátttakendur á vinalegu hótelinu á Flúðum.

Námskeiðið hófst á föstudegi klukkan frjállega tvö, enda dreif þátttakendur að smám saman; margir komu beint úr kennslu. Það var Ásdís Egilsdóttir, dósent við HÍ og miðaldafræðingur með meiru, sem reið á vaðið. Hún fjallaði um minnið, eðlislægt og lært, og hvaða hugmyndir koma fram um það í miðaldaritum, t.d. *Hungurvöku* og

íslenskum dýrlingasögum. Ásdís tók skemmtileg dæmi af myndmáli sem dregið er af minnistækni og leiddi að því líkur að nemendur þess tíma hafi ekki endilega allir verið „barðir til bókar“. Ásdís sýndi líka myndir úr handritum, þar sem nemendur gapa upp í fræðarann á stalli og fróðleiksfýsinn skín af hverju andliti. Var ekki örgrannt um



Fyrir framan Skálholtskirkju. Jóhannes Sigmundsson, leiðsögumaður hópsins, er framarlega fyrir miðri mynd.





Anna Ásmundsdóttir, lengst til vinstri, segir frá uppi á Hrunanum, þar sem kirkjan á að hafa staðið til forna, og sokkið.



Soffía Magnúsdóttir og Jóhannes í Syðra-Langholti rýna í sögulegar minjar í Geysisstofu.

að kennarar á námskeiðinu sæju sjálfa sig og nemendur sína þar lifandi komna í gömlu handriti.

Að loknu erindi Ásdísar, kaffisopa og meðlæti, tóku við stöllumur Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Guðbjörg Grímsdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. Þær kenndu saman við Vallaskóla á Selfossi og þróðu námsefni og kennsluhætti í íslensku fyrir 10. bekk undir áhrifum Dalton-stefnunnar. Þetta kalla þær „Vallaskólaleiðina“ og nú hefur námsefni undir því nafni verið gefið út fyrir 10. bekk og 9. bekk en 8. bekkjarnámsefnið er væntanlegt í endanlegri útgáfu.

Vallaskólaleiðin byggir á hlítarnámi. Nemendur hafa ákveðið frelsi í verkefnavinnunni, ráða hraðanum og í hvaða röð þeir vinna verkefni. Námið fer fram í þriggja vikna lotum sem lýkur með prófi. Í upphafi hverrar lotu setja nemendur sér markmið fyrir lotuna og einkunnin byggist á því hvort þeir hafa náð markmiðum sínum eða ekki. Þannig keppa þeir meira við sjálfa sig en bekkjarfélagi sína. Nemandi sem miðaði á 5 og fékk 6 er því jafnan mun ánægðari en nemandi sem stefndi á 9 en fékk „bara“ 8. Sá fyrri stóðst en sá síðari ekki. Samkvæmt þeim stöllum er þetta afar hvetjandi og nemendur bera sig saman út frá forsendum hvers og eins og allir geta verið sigurvegarar. Aðspurðir kváðust höfundarnir þess fullvissir að námsefnið og aðferðafræðin dygði jafn vel fyrir yngri nemendur grunnskólans sem þá eldri.

Að lokinni kynningu á Vallaskólaleiðinni gengu menn til herbergja og bjuggu sig út. Haldið var í kynnisferð að prestsetrinu Hruna undir leiðsögn Önnu Ásmundsdóttur, kennara á Flúðum. Þar þjónar Eiríkur Jóhannsson, og tveimur kirkjum öðrum, í Hrepphólum og Reykjadal.

Hruni er sögufrægur staður. Kunnur m.a. úr þjóðsögum þar sem segir frá presti nokkrum sem var ákafur dans-áhugamaður og hélt dansleiki og skemmtanir í kirkjunni, móður sinni til armæðu mikillar. Þegar henni blöskraði dansnautnin eitt skiptið fór hún í kirkju og bað son sinn lengstra orða að hættu. Hann svaraði: „Einn hring enn, móðir mín.“ Og kirkjan sökk, með manni og mús. Hruni er

klettahöfði ofan við bæinn og það er hald manna að þar hafi kirkjan bæði staðið og sokkið. Víðsýnt er af höfðanum og fagur fjallahringur. Þar er klettaskora, Nálaraugað, sem gengt er um. Haft er fyrir satt að meyarjar sem leggjast til svefnis í Nálarauganu dreymi mannsefni sitt. Ekki verða bornar brigður á það, enda heyrðu þátttakendur greinilega sungið í klettinum, taktfast eins og kveðið væri við dans:

*Ef sú meyarjar engra bauga  
uppá fingur,  
niður leggst í Nálarauga  
nakin, hugsar: „Ó, mig auma!“  
Þá læðist inn í leynda drauma  
ljúfur drengur.*



En nú var hinni formlegu hlið námskeiðsins lokið þennan daginn og við tók dundur og dekur fyrir kvöldskeiðunum. Hún fór svo hið besta fram en einhverra hluta vegna var ekki dansaður svo mikið sem einn hringur í veislunni heldur gengið til náða á sannkristilegum tíma; flestir vöknud enda ofanjarðar að morgni.

Seinni daginn var á dagskránni ferðalag um nærsveitir með fræðilegu ívafi. Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti, kennari, félagsmálatróll og ferðamálafrömuður, en nú kominn í tölu „löggitra gamalmenna“ að eigin sögn, fræddi í rútnunni um sögulega viðburði, atvinnuhætti, náttúrufar og samferðamenn með gamansömum hætti. Komið var við í Hrepphólum, Reykjarétt á Skeiðum, Skálholti, Geysi í Haukadal, ekið um Brúarhlöð og þaðan niður Hrepp að Flúðum. Jóhannes er eins og unglamb, kominn vel á átt-ræðisaldur, fróður og skemmtilegur.

*Í míkrafóninn mælskur les  
meinlaust grín og fræði.  
Játa skal að Jóhannes  
er jafnvígur á bæði.*

Pá töluðu Kristján Jóhann Jónsson, Helga Birgisdóttir og Einar Kárason. Kristján, dósent í íslensku við mennta-  
vísindasvið HÍ, ræddi um *Njálu*, og kom það fáum á óvart. Hann velti fyrir sér í  
upphafi hve langt kennarar ættu að  
ganga í því að „laga námsefnið að  
veruleika nemenda“ og skildi ég hann  
svo að takmörk gætu verið fyrir því.  
Sjálfsagt litast sú skoðun m.a. af virðingu  
við *Brennu-Njáls sögu* og þeirri hollustu  
sem glíma við texta hennar er. Kristján  
ræddi um stund um persónusköpun í  
sögunni og mátaði síðan dauðasyndirnar  
sjö við persónugerðirnar, og að sama  
skapi hinar sjö megindyggðir. Taldi hann  
vel gott að ræða við nemendur um  
einstakar persónur út frá þessu sjónar-  
horni og setja þær um leið í samhengi við  
nú tímann. Út frá nýlegum tíðindum mætti  
einnig hugsa sér að taka svo kallaða  
útrásarvíkinga sömu tökum.

Helga Birgisdóttir, aðjúnkt við HÍ og  
doktorsnemi, fléttaði saman þræði í raunheimi og rafheimi. Hún ræddi við þátt-  
takendur um bókmenntavefi, notkun þeirra og notagildi, og nauðsyn þess að  
laga vefina að þörfum notendanna, en ekki öfugt. Hún fjallaði um nokkra  
þekkta vefi, kosti þeirra og galla og lauk máli sínu með því að draga saman  
hvað það er sem kennara helst vantar á þessum vettvangi til að vinna með.

Síðastur á dagskrá námskeiðsins var Einar Kárason rithöfundur. Hann skyldi  
ræða um sagnamenntu. Einar hóf leikinn á skrifuðum nótum. Hverjum kostum  
þarf góður sagnamaður, og góð saga, að vera búinn? Líkast var að skáldið vildi  
helst komast sem fyrst gegnum þennan texta; það var alltént ekki fyrr en það tók  
ofan gleraugun og fór að stikla um framan við tilheyrendur að það náði sér á  
strik. Nú runnu sögurnar, hver af annarri, af vörum Einars viðstöðulítið. Voru þar  
komin ljóslifandi dæmin um það sem áður sagði; góðar sögur sagnamanns.

Pá var komið að leiðarlökum og þátttakendur kvóddust með virktum, margir  
hafandi hist á þessum vettvangi um langan aldur, aðrir að hittast í fyrsta sinn.  
Trúi ég að flestir hugsi sér gott til glóðarinnar að ári, enda námskeiðið nú vel  
skipulagt og skemmtilegt, eins og fyrr segir.

Myndir: Úlfar Snær Arnarson.

■ Höfundur er kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands.



Við Hrunakirkju. Hlustað af andakt á  
dýran fróðleik.



Uppi á Hrunanum. Hver treystir sér  
gegnum Nálaraugað? Hvar er úlfaldinn?



Eygló Eiðsdóttir í miðju Nálarauganu.  
Skyldi hana nú dreyma Knút?



Rósa Marta Guðnadóttir í göngunum  
undir Skálholtskirkju.



Hópurinn leggur frá Hrunakirkju í klífið upp á Hrunann.





# BÓKMENNTAVEFIR

## – þeir sem eru til og þeir sem **ÆTTU** að vera til

Á netinu eru miklar upplýsingar um ýmislegt sem kemur skólafarfi við, þar á meðal efni sem nýtist við kennslu einstakra greina.<sup>1</sup> Heilmikið er þar að finna um íslenskar bókmenntir. Við nánara grúsk kemur þó í ljós að furðu lítið er til af efni sem beinlínis er ætlað til bókmenntakennslu. Sömu sögu er að segja um efni samið af móðurmálskennurum eða vefsíður sem þeir halda úti.

Yfirlýstir „bókmenntavefir“ eru fáir og misjafnir að gæðum og nýtast ekki allir vel. Staðreyndin er sú að netið er fyrir okkur en við ekki fyrir netið og nauðsynlegt er að það mæti þörfum okkar sem í raunheimi búa. Eftir því sem ég best fæ séð er þetta ekki alltaf raunin. Hér verður fjallað um íslenska bókmenntavefi; hvernig þeir hafa nýst grunnskólakennurum og hvaða kosti gott vefsetur tileinkað bókmenntum og bókmenntakennslu þarf að búa yfir.

### Hvað stendur til boða?

Hægt er að skipta vefjum sem á einn eða annan hátt nýtast við bókmenntakennslu í nokkra flokka en þessir eru þeir helstu:

1. Krækjúsöfn stofnana, skóla, bókasafna, einstaklinga o.s.frv.<sup>2</sup>
2. Bókmenntatextar (ljóð, skáldsögur, brot út sögum o.fl.).<sup>3</sup>
3. Vefir um einstök skáld.<sup>4</sup>
4. Almennir bókmenntavefir (bæði um höfunda, tímabil, hugtök og heiti).<sup>5</sup>
5. Almennir námsvefir fyrir nemendur (tileinkaðir að hluta eða heild bókmenntakennslu).<sup>6</sup>
6. Vefir kennara um einstök námskeið, hópa eða viðfangsefni í bókmenntakennslu.<sup>7</sup>

Krækjúsöfn eru misvel unnin og fáir kennarar virðast nota þau í leit að kennsluefni eða kennsluhugmyndum.<sup>8</sup> Bókmenntatextar, sem eru t.d. fánlegir á netútgáfu Snerpu, nýtast þó mjög vel við kennslu. Einkum finnast sérkennurum

þægilegt að geta vistað sögur eða sögubrot inn á ritvinnsluforrit þar sem þeir geta breytt letri, leturstærð og þess háttar og þannig komið til móts við nemendur sem eru með lesblindu eða leshömlun af einhverju tagi.

Vefir um einstök skáld og almennir bókmenntavefir eru nokkrir. Mest ber á Bókmenntavefnum (bokmenntir.is) sem er einn vinsælasti íslenski vefurinn um bókmenntir meðal kennara og nemenda. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um fjölmarga rithöfunda, bókalista, greinar, bókmenntarýni og fleira. Skáldavefir eru einnig margir vel unnir, svo sem vefsetrið um Þórberg Þórðarson (thorbergur.is). Þó svo að vel sé staðið að mörgum bókmennta- og skáldavefjum eru þeir engu að síður ekki hugsaðir sem námsvefir og taka því ekki mið af þörfum kennara eða nemenda. Þar er t.d. engin verkefni að finna og vefirnir oft ekki aðgengilegir yngri netnotendum.

Nokkrir námsvefir innihalda efni tengt bókmenntum og bókmenntakennslu. Má einkum benda á Skólavefinn, Stoðkennarann og vef Námsgagnastofnunar. Nauðsynlegt er að borga fyrir aðgang bæði að Skólavefnum og Stoðkennaranum, sem vissulega rýrir notagildi þeirra. Skólavefurinn fær lof kennara fyrir það hversu efnismikill hann er en það er að sama skapi einnig það sem kvartað er yfir – þar sé einfaldlega of mikið af efni, uppsetning ruglandi og erfitt að finna það sem mann vantar hverju sinni. Vefsetrið er mjög litríkt og lifandi en stundum um of og er það reynsla mín að lesblindir nemendur eigi mjög erfitt að rata þar um. Á vef Námsgagnastofnunar er einnig nokkuð af efni tileinkað bókmenntakennslu en háð þeim annmörkum að það er oft tengt vissu prentuðu námsefni. Efnið má þó vissulega oft nota án námsbókanna, t.d. efni á Málbjörgu og Miðbjörgu.

Þeir flokkar vefja sem hér hafa verið tíundaðir eiga það sameiginlegt að vera í fæstum tilvikum unnir af grunnskólakennurum og kennarar hafa lítið sem ekkert að segja um efni vefjanna eða framsetningu þess. Sem betur fer er einfalt að útbúa eigin vefsíðu á netinu og margir skólar sjá



kennurum fyrir heimasvæði sem þeir geta útfært eftir hentisemi. Í skólum landsins starfa margir tölvuvæddir kennarar sem nýta sér tæknina bæði við kennslu, undirbúning, verkefnagerð o.fl. Mun fleiri íslenskukennarar í framhaldsskólum virðast þó halda úti vefsíðum til-einkuðum fagi sínu, ákveðnum áföngum eða hópum sem þeir kenna eða vissu viðfangsefni. Á þetta bæði við um efni tengt málfræði, lestri, ritun og bókmenntum.<sup>9</sup>

Það sem stendur uppi eftir þessa upptalningu er það að ekki mjög margir vefur eru settir upp sem kennsluvefir eða gagnasmíðja fyrir starfandi íslenskukennara. Oftast er um að ræða vefi sem eru miklu frekar til upplýsingar en kennslu og stundum erfitt að sveigja og beygja efnið að þörfum nemenda hverju sinni. Mjög oft vantar upp á að vefir séu uppfærðir, þeir eru ágætlega unnir en ekki vísað í heimildir og algengt er að upplýsingar um höfunda efnis vanti algjörlega. Oft er lagt upp með göfuga hugsjón og metnað, vefurinn settur upp en koðnar síðan niður og nýttist lítið eða ekkert.

### Örlög tveggja vefsetra

Alltof algengt er að vefsetur leggjast í dvala eða hverfi jafnvel gjörsamlega af netinu. Samkvæmt könnun minni er BarnUng (barnung.khi.is) eitt það vefsetur sem hvað best nýttist grunnskólakennurum við bókmenntakennslu. Saga þessa vefseturs nær til ársins 1998 og var þá tilraunaverkefni innan Kennaraháskólans (nú menntavísindasvið HÍ). Nokkrir starfsmenn skólans komu að uppbyggingu vefsetursins og árið 1999 fékkst styrkur til áframhaldandi þróunar. Markmið var metnaðarfullt. Vefsetrinu var m.a. ætlað að „byggja upp ríkulegt námsumhverfi“ og „þjóna hlutverki upplýsingaveitu um barna- og unglingabókmenntir“. Þá var einnig vonast til að vefurinn gæti „orðið samstarfsvettvangur skólanna í landinu á sviði barna- og unglingabókmennta og æsku landsins hvatning að lesa bókmenntir“.<sup>10</sup> BarnUng er vellukkaður vefur að mörgu leyti. Hann er líflegur og auðvelt að rata um. Þar er að finna ýmsar upplýsingar sem gagnast kennurum, nemendum og foreldrum auk kennsluhugmynda sem tengjast einstökum bókmenntaverkum.

Því miður hefur vefurinn verið sárlega lítið uppfærður í langan tíma. Sem dæmi má nefna að á fréttasíðu hans er aðeins eins frétt frá árinu 2008. Sú næstnýjasta er frá 2005 og fréttin þar á eftir frá 2004. Þetta dregur úr trúverðugleika og minnkar líkur á því að gestir komi aftur í heimsókn.

Sjálf tók ég á sínum tíma þátt í uppbyggingu vefsetursins Bókastoðarinnar sem hlotið hefur þessi sömu örlög. Bókastoðin var hluti af Íslenskuskólanum á netinu en sá skóli var ætlaður íslenskum börnum búsettum í út-löndum. Bókastoðin átti að innihalda upplýsingar um barnabókmenntir, lestrarörvandi verkefni, gagnvirk verkefni og útprentanleg af ýmsum toga. Heilmikil vinna var lögð í bókmenntahluta Íslenskuskólans, bæði af minni hálfu og umsjónarmanna en sjálf vann ég að verkefninu um nokkurra mánaða skeið. En skyndilega voru allir sjóðir uppurnir, ekki fékkst meira fé í verkefnið og Íslenskuskólinn var lagður niður.

Eins og með svo marga aðra námsvefi var hugsjónin göfug en aurarnir of fáir og tíminn of naumur. Því miður



eru dagar Íslenskuskólans á netinu, og þar með Bókastoðarinnar, taldir og þar með gríðarlega mikil vinna og tími sem kemur til með að nýtast lítið sem ekki neitt.

### Af hverju leggjast vefsetur í dvala?

Það eru ekki aðeins BarnUng-vefurinn og Bókastoðin sem hafa fallið í gleymiskunnar dá. Sömu sögu er að segja um fjölmarga vefi sem einstakir kennarar og áhugamenn um bókmenntir setja upp. Finir vefir hafa verið smíðaðir í kringum einstök námskeið en þegar því er lokið lýkur

jafnframt afskiptum kennara af vefnum og hann nýtist takmarkað eða ekkert upp frá því.

Fjárskortur er eitt af því sem veldur því að vefir koðna niður. Oft eru vefsetur keyrð á styrkjum, svo sem Íslensku-skólinn og BarnUng, sem eru yfirleitt of litlir og fáir. Heilmikil vinna fer gjarnan í að semja umsóknir, sækja um og standa í alls kyns málum varðandi mögulega styrki en síðan kemur að því að ekki fást styrkir lengur, eða þeir sem að vefjunum standa fá hreinlega nóg af því að rétt skrimta, og vefirnir leggjast af.

Tímaleysi er einnig stór áhrifavaldur. Mjög oft er um gælverkefni að ræða sem unnin eru í frítíma og samhliða öðrum störfum. Kvöld og helgar eru því oft nýtt og hlaðast þessi störf ofan á hin venjubundnu með auknu álagi. Því



kemur ekki á óvart að illa eða ekkert launuð aukastörf eru fyrst til að fara þegar álagið verður of mikið.

Tæknimálin geta líka flækst fyrir fólki og það hefur stundum ekki aðgang að þægilegu vefumhverfi, vefsvæði eða tæknilegri aðstoð. Þetta skapast meðal annars af því að sjaldan eru heil samtök, skóli eða stofnun á bak við vefsetrin. Yfirleitt er um að ræða nokkra áhugasama einstaklinga sem þurfa að útbúa, halda uppi og uppfæra vefina reglulega. Af þessum sömu sökum er markaðssetning vefsetra oft óljós, vanhugsuð og lítið gert úr henni – sé hún einhver.

### Hvað þurfum við?

Í hverjum skóla, hverri einustu kennslustofu og öllum kennaratölvum er að finna ógrynni af verkefnum, glósum, glærum, pistlum og fyrirlesturum sem kennarar í bókmenntum hafa unnið, ýmist frumsamið efni eða unnið upp úr kennslubókum. Allt þetta efni endar niðri í skúffu og fáir njóta afrakstursins nema ef til vill samkennararnir. Því miður hafa móðurmálskennarar ekki vettvang þar sem þeir geta komið saman, miðlað verkefnum sínum hver til annars, unnið saman og lært hver af öðrum. Stórt og gott vefsetur tileinkað bókmenntakennslu í grunnskólum myndi bæta úr þessu.

Að mörgu er að hyggja þegar gæði vefja eru metin og hversu vel þeir koma til með að nýtast kennurum og nemendum. Hér má nefna aðstöðu í skólum, tölvukunnáttu

kennara og nemenda, uppsetningu vefja, aðgengismál og fleira. Aðstaða til tölvuiðkunar er mismunandi eftir skólum. Sömu sögu er að segja um tölvukostinn sjálfan og kunnáttu starfsmanna. Allir vefir sem ætlaðir eru til kennslu verða að gera ráð fyrir því að skólinn, kennarinn og nemendur hafi ekki yfir því allra finasta og flottasta að ráða. Jafnframt er óljóst hversu miklar kröfur eðlilegt er að gera til bekkjar- eða faggreinakennara hvað tölvukunnáttu varðar. Þetta allt þarf að hafa í huga þegar byggður er upp námsvefur í bókmenntakennslu.

Bókmenntavefur fyrir grunnskóla þyrfti að vera unninn með þarfir grunnskólakennara og nemenda í huga og í samvinnu við þessa sömu hópa. Setrið þarf að búa yfir ýmsum kostum en fyrst og fremst þarf það að vera stórt, aðgengilegt og einfalt í notkun. Vefsetrið þarf að hafa fasta starfsmenn sem sjá um að sinna vefnum og jafnframt er nauðsynlegt að hafa skýr markmið og markaðssetningu.

Vefsetur af þessu tagi, námsvefir hvaða fagi sem þeir tilheyra, geta verið af ýmsum toga. Möguleikarnir eru fjölmargir en það er t.d. hægt að bjóða kennurum upp á að útbúa einfalda vefi fyrir námskeið, kennsluefni o.p.h. og einnig væri hægt að leggja inn efni sem allir gætu notað. Með þessum hætti væri hægt að vinna upp heilmikinn gagnabanka sem væri mörgum til hagsbóta og myndi eflaust spara tíma og fé þegar til lengri tíma er litið.

Það sem við þurfum er áttak til að virkja þann mannauð sem er að finna í skólunum. Til að koma glæsilegu vefsetri í gagnið þarf sterkan bakhtar, hvort sem það er menntamálaráðuneyti, menntsið, Samtök móðurmálskennara eða annar stór hópur. Metnaður, vinnusemi og vinnugleði er stór hluti af því sem þarf til að koma svo stóru verkefni á koppinn og sem betur fer eru þetta orð sem lýsa flestum kennurum. Því miður er það ekki nóg. Til að stórt og mikið vefsetur verði til og haldi velli er sterkur bakhtar nauðsynlegur sem styður vel og ötullega við starfið, bæði kennara og aðstandendur vefsetursins.

1 Þessi grein var samin í kjölfarið á fyrirlestri sem ég flutti á samnámskeiði Samtaka móðurmálskennara á Flúðum 6. september 2008. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina „Vefstofan: Af vefa þræði í raunheimi og rafheimi“ og byggir greinin að hluta á efni hans. Þakka ég þátttakendum og skipuleggjendum námskeiðsins kærlega fyrir líflegar og skemmtilegar umræður. Einnig fær Eyrún Elly Valsdóttir, íslenskufæðingur, hugheilar þakkir fyrir alla aðstöðuna.

2 Dæmi: <http://www2.gardabaer.is/bokasafn/linkssafn.htm>, Athugið að aðeins er sýnt eitt dæmi um hvern flokk sem endurspeglar alls ekki fjölda þeirra vefja sem til eru.

3 Dæmi: <http://www.snerpa.is/net/>

4 Dæmi: <http://thorbergur.is/>

5 Dæmi: <http://bokmenntir.is/>

6 Dæmi: <http://skolavefurinn.is/>

7 Dæmi: <http://www.fva.is/harpa/isl193/index.html>

8 Þetta eru niðurstöður óformlegrar könnunar. Ég ræddi við fjölda grunnskólakennara sem ég þekki og sendi að auki tölvupóst til þriggja grunnskóla og bað um viðbrögð frá íslenskukennurum. Alls bárust mér um 30 tölvuskeyti þar sem kennarar tiltöku þær vefsíður sem hafa nýst þeim best í bókmenntakennslu.

9 Ég lenti í mesta basli við að finna vef unnin af starfandi grunnskólakennara sem fjallar um bókmenntakennslu á einhvern hátt. Fundvísir lesendur mega gjarnan benda mér slíka vefi.

10 <http://barnung.khi.is/umvefinn.htm>

■ Höfundur er aðjunkt við kennaradeild menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

# LITID UM ÖXL

**SAMTÖK  
MÓÐURMÁLSKENNARA  
30 ÁRA**

Á þessu ári eru liðið 30 ár frá stofnun Samtaka móðurmálskennara. Af því tilefni rifja sex fyrrverandi formenn upp tímann sem þeir gegndu formannshlutverkinu.



**HEIMIR PÁLSSON:**

**2.**

## Lys uden Varmer er Helvedes Kval

M argt af því sem nú eru sjálfsögð meginviðfangsefni Samtaka móðurmálskennara var á dagskrá á mismunandi stöðum áður en samtökin voru stofnuð. Til dæmis veit ég að miklar samræmingarviðræður um námsefni og áherslur í íslenskukennslunni áttu sér lengi stað milli einstakra kennara við MR og MA. Innan mismunandi kjarasamtaka höfðu íslenskukennarar beitt sér, án félags að baki, til þess að reyna að knýja fram skilning á sérstöðu greinarinnar. Það mun svo, samkvæmt götöttu minni mínu, hafa verið veturinn 1976–1977 að þáverandi námstjóri í íslensku, Indriði Gíslason kallaði mig til fundar við sig og danskan lektor við Háskólann, Peter Søbye Christensen. Peter þekkti ég sáralítið áður, en þessi fundur varð upphafið að einlægri vináttu sem hélst meðan báðir lifðu. Erindi Indriða var einfalt: Mér var uppálagt í samstarfi við Peter, sem boðið hafði hjálp sína, að skipuleggja sumarnámskeið norrænna móðurmálskennara á Íslandi. Peter, sem starfað hafði með Dansk-lærerforeningen, bjó yfir afburðapekkingu og tengslaneti sem kom að góðu haldi, og saman hentum við okkur úti.

Það var með erindi sínu á Laugarvatni sem Peter Søbye kenddi mér tilvitnunina sem stendur hér að fyrirsögn. Þetta eru línur úr Forspili að *Nyaars-Morgen 1824* eftir Grundtvig gamla og síðan hef ég gert mér að reglu að



*Námskeið Samtaka móðurmálskennara á Laugarvatni: Heimir Pálsson, Þórunn Blöndal, Ásmundur Sverrir Pálsson, Guðbjörg Þórisdóttir, Sören Wintherberg og Unnur Kolbeinsdóttir. Sören var einn af fyrirlesurum á námskeiðinu og söng „Dejlig er jorden, Dejlig er Guds himmel“ svo fallega að eftir var tekið.*

vitna til þeirra við upphaf máls míns ævinlega þegar ég tala til norrænna starfssystkina. Er óþarft að skýra frekar hvers vegna, en kvæðið allt geta menn fundið með því að gúgla tilvitnunina.

Ég rek ekki í þessu litla plássi hvernig norræna samstarfið þróaðist, en smám saman leiddi það sem hófst sem óreglulegir fundir glóandi hugsjónafólks til þess að við stofnanavæddum okkur, þjuggum (án alls umboðs) til *Nordspråk* og tókum að skrifa bréf í þess nafni, þangasti ráðherranefndum og öðrum stórstofnunum varð ljóst að þarna væri merkilegur vettvangur sem verður mundi ábyrgðar og jafnvel fjárstuðnings.

Þegar Samtökin voru stofnuð var það sumpart til þess að koma á skilgreinanlegum fulltrúa íslenskukennara í þessu norræna samstafi, og systurfélögin á Norðurlöndum eru því einskonar nærkonur SM.





ÞÓRDÍS S. MÓSESDÓTTIR:

## Tími endurskoðunar og stefnumótunar

Mikill baráttuandi einkenndi alla skólamálaumræðu á 9. áratugnum. Kennarar voru fullir af eldmóði og börðust fyrir breytingum í skólakerfinu. Íslenskukennarar voru fengnir til að semja námsbækur og sátu í ýmsum nefndum um endurskoðun á skólalastarfinu, þetta var tími endurskoðunar og stefnumótunar.

Við stóðum fyrir málfraeðiráðstefnu þar sem frummælendur voru af öllum skólastigum. Samtök móðurmálskennara höfðu mikil völd. Leitað var til stjórnarmanna um hvaðeina sem viðkom íslensku í skólakerfinu. Á þessari málfraeðiráðstefnu var sett fram stefnumótun um hvað skyldi kennt á hverju skólastigi. Grunnskólinn hafði sinn námstjóra í íslensku, en hann var ekki til á framhaldsskólastiginu, því voru Samtök móðurmálskennara mikilvægur hlekkur í keðjunni.

Það var skemmtilegur andi hjá þeim sem sinntu íslensku. Það voru tímamót. Fjölmíðlabylltingin stóð yfir og lestur bóka var í brennidepli. Þeir sem stóðu vörð um bókina töldu að með því að koma lesnum bókmenntum inn í samræmdu prófin ykist lestur bóka. Námsgagnastofnun fékk það hlutverk að sjá um að til væru þær bækur í úthlutun sem lesnar væru til samræmds prófs. Þetta varð grunnur að góðu safni bóka í grunnskólum, sem þeir búa að enn í dag.

Menntamálaráðherra setti á fót nefndina Málrækt 1989. Þá lögðust allir á eitt að gera hlut íslenskunnar mikinn í íslensku þjóðfélagi. Lærðir og leikir tóku þátt í ráðstefnu sem haldin var af þessu tilefni og víða í þjóðfélaginu voru umræður og verkefni sem tengdust íslensku máli. Formaður nefndarinnar var Guðmundur B. Kristmundsson og undirrituð var

fulltrúi SM. Átaki þessu var hrundið af stað 17. júní 1989. Markhópurinn var allir Íslendingar.

Málrækt 1989 mæltist til þess við skóla og dagvistir að vikan 23.–27. október yrði helguð íslensku máli í skólum landsins. Móðurmálsvika var svo haldin nokkur ár á eftir með það að leiðarljósi að laða nemendur að málinu.

Norrænt samstarf var í miklum blóma. Fimm ára áætlan norrænu ráðherranefndarinnar leit dagsins ljós. Sigurður Svavarsson, Sölvi Sveinsson og Þuríður Jóhannsdóttir

Það er alkunna að sjöundi áratugur næstliðinnar aldar var áratugur útpenslunnar miklu í íslenskum framhaldsskólum. Frá því að starfa í einföldu tvískiptu kerfi sem ætlaði sér að gera þjóðina vel að sér til munns og handa (með bóknámi og iðnnámi) unnu móðurmálskennarar framhaldsskólastigsins nú í sundurleitum fjölbrautaskólum um allt land. Árekstrar og ágreiningur, sem vissulega áttu sér stundum fornar rætur, birtust nú í nýju ljósi. Vissulega hafði lengi verið áherslumunur milli menntaskólanna gömlu í því efni hvenær ætti að kenna hvað og í smáatriðum hvað ætti að kenna. Ég vitnaði oft í eigin reynslu af því að hafa *Egils sögu* fyrir námsbók í þriðja bekk á Akureyri 1960–61 og aftur í fjórða bekk veturinn á eftir í Menntaskólanum í Reykjavík. En við sem fórum á milli skóla með þeim hætti vorum fá og engin ástæða til að breyta dómi okkar vegna. Eftir því sem framhaldsskólakerfið tók við fleiri nemendum í sífellt fjölbreytilegra nám varð krafan um samræmingu milli skóla háværarari. Það bitnaði á mörgum nemendum á hverju hausti að hafa leið viltlaust námsefni í skókkum skóla önnina áður og þeim varð erfitt að eiga allt sitt undir liðleika einstakra kennara og starfsfólks viðtöskuskólans þegar flutt var á milli skóla, og reyndar gátu nemendur lent í innanbúðarnúningi innan stofnunar þegar þeir skiptu um námsbraut í fjölbrautaskólum. Kvartanir undan misræmi í námsmati milli skóla voru háværarar og réttmætar. Samræmi innan grunnskóla var þegar orðið miklum mun betra.

Þetta var ástæða þess að árin mín í SM-formennsku fóru talsvert mikið í umræður og vinnu við samræmda námskrá í íslensku handa framhaldsskólum. Hversu hallur sem ég hafði oft verið undir óreiðu og frelsi í námskránni var ég nú orðinn skólameistari í flóknum skóla á Selfossi og hlaut að leggjast á árar með gömlum félögum mínum úr Hamrahlíð til þess að koma reiðu á óreiðuna. Það er líklega af þessum sökum sem ég minnst þess einna best frá árum mínum í formennskunni þegar við fórum fjórir saman, Jón Böðvarsson af Suðurnesjum, Helgi Guðmundsson úr Hafnarfirði, Valdimar Gunnarsson af Akureyri og ég frá Selfossi, sátum í einangrun eina helgi í Brekkuskógi og sömdum námskrá fyrir móðurmálskennslu í framhaldsskólum. Hún skal ekki frekar rædd hér enda gerði ég grein fyrir henni í Skímu á sínum tíma. En hinu mun ég aldrei gleyma, annars vegar hve einlæglega við vorum allir af vilja gerðir til að komast að samkomulagi um nemendavæna lausn mála, og hins vegar því hver yfirburðakokkur Helgi Guðmundsson reyndist okkur. Honum og öllum öðrum félögum óska ég til hamingju með afmælið og þakka fyrir samfylgd liðinna áratuga um leið og ég óska félagsmönnum SM alls hins besta þar sem ég sit nú, að vísu ekki móðurmálskennari, en þó kennari í íslensku sem erlendu máli.

Heimir Pálsson

Uppsala Háskóla í október 2008.



Heimir Pálsson í gervi Óðins í Lokasennu á Laugarvatnsnámskeiði.

höfðu verið tengiliðir við norrænt samstarf. Íslenskir móðurmálskennarar hittu norræna móðurmálskennara á samnorrænum námskeiðum. Ritun, ljóðakennsla og tölvur sem nýjung í skólastarfi voru þættir sem voru í brennidepli. Þarna fengum við nýjar hugmyndir og hittum norræna félagar okkar, skipst var á skoðunum og nefndir skipaðar um sameiginlega bókaútgáfu á samnorrænum bókum.

Stjórnarmenn SM sáu um námskeið, sátu í ýmsum nefndum sem tengdust íslensku máli, voru í samvinnu við bókaútgáfur sem stóðu að smásagnasamkeppnum, sátu í nefndum um endurskoðun á námsefni miðstígs grunnskóla, sáu um árlega deildastjórafundi íslenskukennara í framhaldsskólum og svona mætti lengi telja. Guðni Olgeirsson var námstjóri í íslensku og varð gott samstarf hjá okkur. Hann var tengiliður við Menntamálaráðuneytið og góð samvinna var milli þess og Samtaka móðurmálskennara.

Var starf SM orðið svo viðamikilið að í grein Sölva Sveinssonar frá árinu 1990 kom fram að nú væri svo komið að deila þyrfti verkefnum milli skóla, svo stjórnin gæti sinnt því verkefni „að hafa forystu um skipulagningu móðurmálskennslu á grunn- og framhaldsskólastigi“. Kennarar gætu annast tiltekna málaflokka, ennfremur benti hann á nauðsyn þess að fá námstjóra fyrir framhaldsskólana.

Við gáfum út fyrsta fréttablað SM, þar sem ekki var hægt að biða eftir útkomu Skímu með ýmsar fréttir til félagsmanna. Þó kom Skíma út fjórum sinnum á ári. Við réðum fyrsta ritstjóra Skímu, en þar til höfðu áhugasamir íslenskumenn verið ábyrgðarmenn blaðsins og fengið með sér góða ritstjórn.

Stjórnina skipuðu árið 1988–1990: Þórdís S. Mósesdóttir, Víðistaðaskóla, formaður, Ragnheiður Rikharðsdóttir, Varmárskóla, ritari, Margrét Friðriksdóttir, MK, gjaldkeri, Þuríður Jóhannsdóttir, MH, fulltrúi SM í stjórn Nordspárak.

Ásta Svavarsdóttir, HÍ, meðstjórnandi, Sölvi Sveinsson, FA, varastjórn, Páll Ólafsson, Æfingadeild KHÍ, varastjórn og Símon Jón Jóhannsson, Flensburg, varastjórn.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum afar gott og skemmtilegt samstarf og öðrum þeim sem ég kynntist í leik og starfi fyrir góða samfylgd.

*Þórdís S. Mósesdóttir, kennari og fagstjóri í íslensku við Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.*



**8.**  
**SVEINBJÖRG SVEINBJÖRNSDÓTTIR:**

## Samvinna og samkennd

Þegar ég lít til baka og rifja upp árin í stjórn Samtaka móðurmálskennara 1994–1996 stendur eitt öðru ofar; það eru samskiptin við kollega mína nær og fjær. Samvinna og samkennd einkenndi samskipti okkar. Það var ómetanlegur stuðningur af því fyrir önnum kafinn formann að vita af kraftmiklum hugmyndaríkum hópi kennara víðs vegar um landið sem var tilbúinn að leggja á sig ómælda vinnu við að halda námskeið, ráðstefnur, skjóta skjólshúsi yfir erlenda gesti, gefa út söngbók, stjórna fundum, sjá um ferðaleiðsögn og ritstýra Skímu svo fátt eitt sé nefnt.



*Nordspárak-námskeið á Hanaholmen við Helsingi 1986. Á myndinni eru m.a.: Ingibjörg Johannessen, Heimir Pálsson, Sif Sigurðardóttir, Aðalsteinn Eiríksson, Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, Ragnheiður Heiðreksdóttir, Þórunn Blöndal, Ingibjörg Axelsdóttir, Sölvi Sveinsson, Sigfús Árnason. (Úr safni Sverris Páls)*



Nordspák-námskeið á Hanaholmen við Helsingi 1986. Á myndinni eru: Púriður Jóhannesdóttir, Sigurður Svavarsson, Berglind Gunnarsdóttir, Jón Már Héðinsson, Heimir Pálsson og Sólvi Sveinsson. (Úr safni Sverris Páls)

Mikil umræða var þessi ár um námskrá og námsmat og haldnar ráðstefnur um þau efni í samvinnu við KHÍ en á hverju sumri voru námskeið, bæði innan lands sem utan, þar sem málefni eins og bókmenntir, málfræði, ritun og tjáning voru rædd ofan í kjöllinn og fyrirlesarar fengirn víða að. Eilífðarmálin voru málfræðikennslan og ritgerðarfargið.

Samskipti við ráðuneyti menntamála tóku drjúgan tíma og vorum við oft hugsi yfir forgangsröðun þar á bæ. Skýrslur voru skrifaðar en virtust stundum daga uppi. Einnig var skrifað til ráðherrans og reynt að fá kennsluafslátt fyrir móðurmálskennara en því var vísað til fulltrúa okkar hjá KÍ. Oft var erfitt að fá farareyri til að funda með félögnum á Norðurlöndum svo ýmiss kostnaður lenti jafnvel á fulltrúunum sjálfum.

Þetta voru „bernskuár“ tölvunnar en hugmynd um samnorrænan geisladisk til bókmenntakennslu var kynnt fyrir Samtökum móðurmálskennara á Norðurlöndum í apríl 1994. Íslenski hópurinn starfaði af miklum eldmóði en vinnan dróst á langinn vegna örðugleika við forritun. Þó aðeins sé lítið 12 ár aftur í tímann má segja að mikið hafi breyst. Nú opnar formaður SM tölvuna sína og nær strax sambandi við allan heiminn á örskotstundu. Árið 1995 þurfti formaðurinn stundum að bíða dögum og jafnvel vikum saman eftir bréfi utan af landi eða hinum stóra og fjarlæga heimi.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að sinna starfi formanns SM og lít á það sem forréttindi að hafa öðlast þessa reynslu.

*Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, kennslustjóri í Fjölbrotaskólanum í Ármúla.*



**SIGURRÓS ERLINGSDÓTTIR:**

**10.**

## Menn lögðu hönd á plóginn

Fyrstu kynni mín af Samtökum móðurmálskennara voru á sumarnámskeiði Samtakanna 1981. Ég var að hefja kennslu og fann strax fyrir þrótti félagsmanna og líka umburðarlyndi gagnvart mér, fáfróðum og hjárænu- legum nýliðanum. Þegar ég var komin á fullt í kennslu urðu endurmenntunarnámskeið SM mér feykimikill styrkur, bæði í starfi og persónulega. Samveran og þælingar um námsefni og kennsluhætti eflaði mig sem kennara.

Það var gaman í stjórn SM. Þar lögðu menn hönd á plóg um endurmenntun, bæði í innanlands og erlendis, sinntu útgáfustarfsemi og stóðu fyrir alls kyns samkomum. Ég var mjög kát þegar heimasíða Samtaka móðurmálskennara var opnuð 1998 og fannst mikið til koma að vera í þessum framsækna félagsskap. Eins var ég stolt þegar ég mætti á úrslit í fyrstu upplestrarkeppninni. Forverar mínir í stjórn, Ingibjörg Einarsdóttir og Baldur Sigurðsson, útfærðu stóru upplestrarkeppnina af kostgæfni og sáu til þess að hún fengi fastan farveg. Heilmikill tími stjórnar fór í verkefni tengd keppninni og var honum vel varið. Fyrir tilstilli upplestrarkeppninnar hafa sífellt fleiri notið þjálfunar í upplestri



og góður upplestur er keppikefli fjölmargra grunnskólá-  
nemenda.

Samtök móðurmálkennara skipuðu stóran sess meðal  
fjölskyldu minnar á stjórnarárum mínum. Heimasíða sam-  
takanna var ofin á heimilinu og oft var fréttablað sam-  
takanna lagt á kvöldverðarborðið. Það var nefnilega mikil  
handavinna að brjóta saman og setja límmiða með  
viðtakanda á hvert eintak af fréttablaðinu og þá naut ég  
gjarnan hjálpar barna minna og vina þeirra. Ég er þakklát  
fyrir árin mín í stjórn SM því ég hitti margar merkiskonur  
og -kappa og naut samskipta við fjölmarga úr hinum  
skemmtilega hópi íslenskukennara.

*Sigurrós Erlingsdóttir, íslenskukennari við  
Menntaskólann við Sund.*



**KNÚTUR HAFSTEINSSON:**

12.

## Ljúfsárar minningar

Ósköp fennir fljótt yfir spörin í minninu, – og þó. Sem  
vörður í snjóuggunni eru síðdegisstundirnar sem  
ég átti með stúlkunum í kjallara Kennarahússins  
að Laufásvegi á árunum 2003 til 2005. Ég eini karlinn í  
hópi fjögurra föngulegra snóta! Fyrri árið naut ég samvista  
við Björk Einisdóttur, Hrönn Bergþórsdóttur, Kolbrúnu  
Kolbeinsdóttur og Þóru Björk Hjartardóttur, en seinna árið  
hvarf Kolbrún á braut og í stað hennar kom Halla Kjartans-  
dóttir. Í minningunni eru þetta kátar stundir með kaffi og  
kruðeríi og þörfu og óþörfu spjalli sem karlinum í hópnum  
þótti stundum nóg um og veifaði útgefinni dagskrá fund-  
arins. Ég sé það í skýrslu stjórnarinnar fyrir 2004–05 að ég  
lýsi áhyggjum yfir karlmansleysi er ég hyrfi á braut. Eftir  
á að hyggja hefði ég þó ekki viljað deila stundunum þeim  
arna með öðrum körlum, – en það er önnur saga.

Þrátt fyrir allt komum við ýmsu í verk þótt einhverju hefði  
mátt þoka lengra, móðurmálkennurum og móðurmálinu  
til framdráttar. Á þessum árum voru hugmyndir um  
styttingu náms til stúdentsprófs á sveimi og minnst ég  
fundar í menntamálaráðuneytinu þar sem við lýstum yfir  
miklum áhyggjum yfir því. Þá voru samræmd stúdentspróf  
við lýði, ekki endilega að okkar ósk, enda nú horfin á  
braut. Á fundi suður í Hafnarfirði hlaut Stóra upplestrar-  
keppnin okkar nafn, Raddir, og flaggskip samtakanna,  
Skíma, kom reglulega út undir ritstjórn Símonar Jóns.  
Uppi í Háskóla hélt ég tölu yfir öðrum forsvarsmönnum  
fagfélaga sem urðu grænir af öfund yfir viðgangi ritsins  
okkar sem vísað er til víða um heim. Og hver gleymir  
skammdegisfundum í Skólábæ með góðskáldunum?  
Fleiri rósir, jafnt fölnaðar sem í blóma, mætti tína til en þó  
eru e.t.v. rjóðustu rósirnar sumarnámskeiðin.

Eftirminnilegt er t.a.m. námskeiðið *Að mæla og hlýða,*  
*rita og rýna* haldið í Reykholti í ágúst 2003 undir styrki  
stjórn Guðlaugar Guðmundsdóttur núverandi formanns.  
Þá er ekki síður minnisstætt námskeiðið árið eftir í  
Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, *Á slóðum garpa og*  
*galdramanna við Djúp*. Þar lögðust á eitt veðurguðirnir og  
umsjónarmaður námskeiðsins, Gerður Steinþórsdóttir,  
kunnur útivistarmaður og sjálfsagt í góðum tengslum við  
áðurnefnda guði. Það sem okkur var áhyggjuefni á  
þessum tíma var lítil tenging milli grunn- og framhalds-  
skólakennara, sérstaklega á sumarnámskeiðunum, m.a.  
vegna ólíks styrkjafyrirkomulags. En þarna í Djúpinu var  
brotið blað og námskeiðið sótt bæði af grunn- og  
framhaldsskólakennurum. Þó hygg ég að toppnum hafi  
verið náð í námskeiðahaldi á þessum árum þegar friður  
flokkur móðurmálkennara hélt í viking til Dyflinnar undir  
forystu Elinborgar Ragnarsdóttur í ágústmánuði 2005. Nú  
bið ég bara eftir öðru strandhöggi á vegum Samtaka  
móðurmálkennara. Ég tæki glaður þátt í þeirri útrás.

Takk fyrir samveruna, gæskurnar.

*Knútur Hafsteinnsson, íslenskukennari við  
Menntaskólann í Reykjavík.*



**BJÖRK EINISDÓTTIR:**

13.

## Með góðu fólki

Það er ekki auðvelt að horfa yfir farinn veg og nefna  
eitt hvað eitt sem stóð upp úr í starfinu, árin eru  
mörg og verkefnið öll svo mikilvæg í minningunni.  
Ég hef tekið þátt í starfi Samtaka móðurmálkennara frá  
því ég hóf störf sem íslenskukennari við Gagnfræðaskólann  
í Mosfellsbæ árið 1992. Mér fannst það svo sjálfsagt að  
mæta á alla fundi og sækja námskeið sem haldin voru á  
vegum samtakanna þau ár sem ég starfaði sem  
íslenskukennari. Ég fékk mikinn innblástur og hvatningu  
frá Ragnheiði þegar kom að því að sækja námskeið og  
ráðstefnur og verð henni ævinlega þakklát fyrir það. Það  
er svo mikilvægt að skólastjórnendur hvetji starfsfólk sitt  
til að viðhalda þekkingu sinni og sækja nýja strauma og  
stefnur í fræðigreininni. Það eflir kennarana í starfi og ætti  
að skila sér í bættum námsárangri og áhuga nemenda en  
um það snýst þetta allt saman þegar upp er staðið.

Þegar horft er til baka tel ég mig búa vel að nám-  
skeiðunum og kynnum mínum af fagfélögum um land allt.  
Innihald námskeiðanna er að sjálfsögðu meginstefið en  
samskiptin skipta sköpum, að kynnast, skiptast á  
sköpunum og hugmyndum er að mínu viti leiðarljós að  
öflugu og ánægjulegu starfi.

Mér er eitt námskeið afar minnisstætt og sjálfsagt að

nefna það, sérstaklega með hliðsjón af efnahagsástandi þjóðarinnar þegar þetta er ritað. Í þeim þrengingum sem við okkur blasa hafa fáar þjóðir sýnt jafn mikið vinarþel og samstöðu og Færeyingar. Sumarið 2000 var haldið endurmenntunarnámskeið, fyrir móðurmálsekkennara, og þá sem kenna norræn mál á Norðurlöndunum, í Þórshöfn í Færeyjum. Frá Íslandi fóru tíu kennarar af grunn-, framhalds- og háskólastigi. Þátttakendur voru fimmtíu frá öllum Norðurlöndunum. Viðfangsefnið var færeyskt mál, menning og bókmenntir. Það er tvennt sem stendur upp úr af svo mörgu eftirminnlegu frá þessu námskeiði. Annars vegar ferðin til Nólseyjar en það var eins og að koma á æskustöðvagnar í Flatey á Breiðafirði að sigla yfir í eyjuna, ganga nokkur skref aftur í tímann í órafjarlægð frá þeim efnisheimi sem við búum við á Íslandi í dag. Málflutningur kennarans, sem rakti sögu skólans, bar vitni um bjartsýni á framtíðina, virðingu í garð nemenda sinna og trú á að í hverjum og einum búi eitthvað sérstakt sem vert sé að líti dagsins ljós. Eftirtektarvert var að heyra hve mikil rækt var lögð við menningararfinn með því að hefja söng, dans og tónlist til vegs og virðingar hjá unga fólkinu. Hins vegar þykir mér einstaklega vænt um þá ljúfu staðreynd að meðal okkar Íslendinganna tíu, sem sóttum námskeiðið, hafa skapast rík vináttutengsl og sú vinátta mun án efa haldast um ókomna tíð.

Það var þó ekki fyrr en um það leyti sem ég hætti að kenna sem ég gekk til liðs við stjórn samtakanna, eða aldamótaárið 2000, en árið áður tók ég sæti í ritnefnd Skímu. Símon Jón Jóhannsson, þáverandi ritstjóri, hringdi til mín og spurði hvort ég hefði ekki áhuga á að starfa með ritstjórninni. Ég hélt það nú, taldi það bæði heiður og nokkra áskorun að takast á við svo spennandi verkefni. Ári síðar gekk ég svo til liðs við stjórnina og gegndi starfi ritara fyrstu árin. Árið 2005 tók ég að mér formennsku í samtökunum. Þetta var afar skemmtilegur og lærdómsríkur tími með góðu og gefandi fólki.

Það er góð tilfinning að hafa átt þátt í að standa vörð um íslenska tungu öll þessi ár með svo margvíslegum



Á Nordspråk-námskeiði á Laugarvatni 1986, Dillibossakvartett í Lokasennu: Ásmundur Sverrir Pálsson, Guðlaug Guðmundsdóttir, Þórunn Blöndal og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.

leiðum og áhugasömu og duglegu fólki sem vann mikið og óeigingjarnt starf. Helsta markmið samtakanna er og hefur ætíð verið að vinna að vernd og viðgangi íslenskrar tungu. Þau ár sem ég tók þátt í störfum stjórnar, sendi hún frá sér ályktanir, stóð fyrir ráðstefnum í samvinnu við aðra, tók þátt í nefndarstörfum og námskrárgerð á vegum menntamálaráðuneytis og Námsgagnastofnunar, sendi frá sér umsagnir um mýmörg mál, kom að samningu prófa fyrir læknaeild, stóð fyrir námskeiðum fyrir félagsmenn, vann að heimasíðu samtakanna, gaf út fréttabréf og tímarit, átti fulltrúa í dómnefnd Fernuflugslins, fulltrúa í héraðsnefndum Stóru upplestrarkeppinnar og svo mætti lengi, lengi telja.

Samtökin geta verið stolt af því að eiga hlutdeild í verkefnum eins og Stóru upplestrarkeppninni og Fernuflugi Mjólkursamsölnnar. Fernuflugið hefur orðið tilefni til umræðna í eldhúsinu á mörgum heimilum og sannarlega heiður fyrir samtökin að eiga hlutdeild í þeim samræðum.

Þetta eru dæmi um vel heppnuð verkefni, til að efla áhuga á íslensku máli, og þá ekki síst meðal skólabarna. Mér þykir afskaplega vænt um Stóru upplestrarkeppnina, hún hvetur börn til að bæta lestur sinn, lesa bókmenntir og njóta þeirra og veitir þeim færni og sjálfstraust. Verkefnið er einstaklega gott dæmi um hvernig hægt er að virkja skóla, foreldra, nemendur og samfélagið allt til samstarfs um eflingu skólastarfs. Það er engum vafa undirorpið að Samtök móðurmálsekkennara eru enn sá vettvangur umræðu og skoðanaskipta, um vernd og viðgang íslenskrar tungu, sem þeim var í upphafi ætlað að verða, starfsemin er viðamikil og þörfin fyrir slík samtök sjaldan verið meiri.

Ég óska Samtökum móðurmálsekkennara til hamingju með 30 árin og bið þeim jafnframt velfarnaðar um ókomna tíð.

Takk fyrir samstarfið kæru félagar.

*Björk Einarsdóttir, formaður Heimilis og skóla.*

## Formenn Samtaka móðurmálsekkennara frá upphafi

1. Indriði Gíslason (1977) 1978–1980
2. Heimir Pálsson 1980–1982
3. Sigurður Svavarsson 1982–1986
4. Þuríður Jóhannsdóttir 1986–1988
5. Þórdís Mósesdóttir 1988–1990
6. Margrét Friðriksdóttir 1990–1992
7. Ragnheiður Ríkharðsdóttir 1992–1994
8. Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir 1994–1996
9. Ingibjörg Einarsdóttir 1996–1999
10. Sigurrós Erlingsdóttir 1999–2001
11. Edda Pétursdóttir 2001–2003
12. Knútur Hafsteinsson 2003–2005
13. Björk Einarsdóttir 2005–2007
14. Guðlaug Guðmundsdóttir 2007–

Auður Fr. Halldórsdóttir

# GETUM VIÐ NÝTT TÖLVUR BETUR Í BYRJENDAKENNSLU?

Í tímaritinu *ARENA medlemsblad för Svenska modersmålläroforeningen i Finland* (1. tbl. 2007) er að finna grein sem heitir „Intelligent med tangent“. Í henni er bent á nýja útfærslu í byrjendakennslu við lestur og skrift og fór tilraunakennslan fram í Vasa-æfingaskólanum í Svíþjóð. Tilgangurinn er að auka lestrar- og skriftarfærni barnsins frá skólabyrjun. Aðferðin brýtur flestar hefðir sem fylgja skólunum okkar í dag. Kennarinn sem skrifar greinina er einn þriggja sem tóku þátt í tilrauninni. Hugmyndin kemur hins vegar frá Arne Tragetons, kennara og námsráðgjafa. Hann hefur gefið út bækur sem fjalla nánar um þessa aðferð. Verkefnið snýst um það að leggja hinni hefðbundnu skriftarkennslu og leyfa börnunum að vinna meira á tölvur. Mér finnst þetta mjög athyglisverður flötur í byrjendakennslu og þess virði að kynna sér betur og fróðlegt að gera tilraun með þetta hérna á Íslandi.

Kennararnir óttuðust að ef þeir myndu leggja skriftarbókunum og hætta að láta börnin skrifa í þær myndu þau ekki þjálfast nægilega mikið í fínhyfingum auk þess sem það orkar tvímælis að hvetja börn til að vinna meira í tölvum nú þegar áberandi er í samfélagsumræðunni að börn sitji alltof mikið við tölvur dagsdaglega. Niðurstöður tilraunarnar leiddu í ljós að þessar áhyggjur voru óþarfar.

Í upphafi tilraunarinnar fékk hver bekkur nokkrar fartölvur og hver nemandi leyniorð sem hann átti fyrir sig. Í fyrsta bekk voru börnin saman tvö og tvö til að hjálpast að við að skrifa. Þau studdu hvort annað og komust yfirleitt saman í gegnum það að skrifa orð fyrir orð. Þau sömdu saman sögur og voru fjögur þemaverkefni í gangi yfir veturinn þaðan sem þau fengu innblástur. Þau unnu með hvert þema, sögur voru lesnar fyrir þau og þau lásu lestrarbækur sem tilheyrðu efninu. Líttlestrarbækur og aðrar bækur voru sýnilegar í kennslustofunni og börnin dugleg að leita í þær. Þegar börnin unnu saman tvö og tvö lögðu þau metnað í að skrifa niður tvær sögur saman, eina fyrir hvort.

Mikilvægt er að húsgögnin í kennslustofunni séu þægileg og hefur það sýnt sig að gott er að hafa borð sem börnin geta staðið við fyrir utan þessi hefðbundnu. Þá er einfaldara að skipta um pláss til að skiptast á að skrifa á tölvuna. Nemandur fá enga sérstaka kennslu í fingrasetningu en er bent á að setja vísifingurna á upphækkuðu stafina F og J og er mjög merkilegt að sjá hvernig þeir tileinka sér rétta fingrasetningu út frá því.

Börnin safna textunum sínum í sérstaka möppu og til að þjálfra fínhyfingarnar myndskreyta þau sögurnar. Þau leggja mikla vinnu í myndirnar því þau vita að allir fá að sjá möppurnar. Möppurnar eru aðgengilegar bæði fyrir krakk-



Samvinna skiptir sköpum. Auður Ebba og Bóel Rún áhugasamar við tölvuna. Mynd: Greinarhöfundur.

ana og foreldrana og finnst þeim áhugavert og skemmtilegt að lesa sögur hvers annað. Þetta ýtir undir lestrarhæfnina því það er svo skemmtilegt að lesa eitthvað sem maður sjálfur eða bekkjafélagi hefur samið og myndskreytt.

Einnig er bent á að með því að vinna í tölvum er létt að leiðrétta og betrumbæta texta. Kennari sest með börnunum og fundin er leið til að hafa textann réttan. Ef búið er að skrifa í skriftarbók þarf að stroka út og leiðréttingar verða mjög erfiðar. Það er líka erfitt að lesa út úr skrift bekkjafélaganna. Þarna þurfa börnin ekki að rýna í alls kyns ólæsilega skrift og fyllast sjálfstrausti við að geta lesið svona mikið af efni hvern annars.

Kennararnir segja að með þessu móti fái þeir frábært léttlestrarefni fyrir börnin sem um leið eykur kennslumöguleikana. Það sé frábært að sjá áhuga barnanna sérstaklega þegar þeirra eigið efni er kannski notað í lítið leikrit eða í ljóð, því alltaf er verið að vinna með textana.

Greinin endar eins og hún byrjar á því að kennarinn talar um skriftabækurnar sem liggja óhreyfðar upp í hillu. Af er sem áður var þegar þær voru fullskrifaðar eftir veturinn. Eftir að hafa prófað þetta í einn vetur efast hann ekki um að þetta virki mjög vel og er ákveðinn í að halda þessu áfram og segist ætla að bjóða öðrum kennurum skriftarbækurnar ef það er þá ekki of seint.

■ Höfundur er kennari við Hvolsskóla Rangárþingi eystra.



## Jóney Jónsdóttir Íslenskukennari við Menntaskólann á Egilsstöðum

### Af hverju ákvaðst þú að verða íslenskukennari?

Hugmyndin um að taka kennslufræðina kviknaði þegar ég lagði stund á íslenskunámið í Háskóla Íslands. Full áhuga sat ég kennslustund eftir kennslustund hjá kennurum sem miðluðu visku sinni um móðurmálið af brennandi áhuga. Í kennslunni sá ég fram á að geta sameinað áhuga á íslensku máli og menningu, unnið með ungu fólki og miðlað áhuga mínum og þekkingu yfir til næstu kynslóða.

### Hvað finnst þér jákvæðast við starfið þitt?

Það að engir tveir dagar eru eins. Nemendurnir hætta aldrei að koma mér á óvart, ekki frekar en Njála, Jónas Hallgrímsson eða hvað eina sem við kennum. Íslenskan er jafn lifandi og unga fólk. Maður lærir eitthvað nýtt á hverjum degi og vonar að nemendurnir geri það líka. Starfið kallar á sköpun og frumkvæði og frelsið sem hinn almenni kennari hefur gefur svigrúm og ýmsa möguleika. Þegar ég horfi yfir útskriftarhópin hverju sinni finnst mér ég hafa sinnt mikilvægu starfi.

Ég bý svo vel að vera hluti af vel samsettum hópi

íslenskukennara í mínum skóla. Af þessum kollegum mínum læri ég mikið og samstarf okkar er mér ákaflega dýrmætt.

### Hverju vildir þú helst breyta í starfinu þínu?

Minnka kennsluskyldu þannig að verkefnabunkarnir sem fara þarf yfir verði yfirstíganlegir. Þannig gefst aukinn tími til að þróa kennsluna sjálfa og bæta sig í starfi.

### Hvaða góð ráð átt þú handa öðrum íslenskukennurum?

Að missa ekki sjónar á hugsjóninni og gildi þess að vernda og viðhalda íslenskunni og vekja áhuga næstu kynslóða á þessu mjög svo lifandi máli. Ekki gleyma að góðir hlutir gerast hægt.

Mikilvægt er að vera í sambandi við aðra íslenskukennara, sækja námskeið og vera opin fyrir nýjungum.

Undanfarin ár hef ég setið í starfshópi skólans um innra mat. Það hefur reynst mér lærdómsríkt og aukið skilning minn á kennslu í öðrum greinum og skólastarfinu í heild. Jákvæðni er alltaf nauðsynleg og ekki sakar að hafa húmor fyrir sjálfum sér og öðrum.



# Grímur Bjarndal

## Íslenskukennari við Lágafellsskóla

### Af hverju ákvaðst þú að verða íslenskukennari?

Ég hef alltaf haft áhuga á íslenskrri tungu. Rithöfundurinn Ármann Kr. Einarsson var föðurbróðir minn og bækur hans voru afar vinsælar á mínu heimili. Ég ólst því upp við mikinn bóklestur og þegar ég ákvað að gerast kennari lá beint við að gera íslensku að minni kennslugrein. Ég hef aldrei séð eftir því og hef ég nú kennt margar greinar í grunnskólanum. Íslenska hefur samt alltaf verið mér hugleikin. Ég hef reynt eftir fremsta megni að efla áhuga dætra minna á íslenskrri tungu og hefur það tekist bærilega að mínu mati. Þær eru allar bókelskar og sú elsta er íslenskukennari.

### Hvað finnst þér jákvæðast við starf þitt?

Börn og unglingar hafa gaman af sögum og bókmenntum og það er alltaf hægt að ná til þeirra með sögulestri eða frásögn. Frásagnarhæfni er eitt af því sem ég hef ekki glatað frá bernsku minni og það hefur oft komið sér vel í kennslunni.

Það er einnig skemmtilegt þegar manni tekst að kenna nemendum ný orð og orðatiltæki og fá þá til að leika sér að málinu. Það er afar fróðlegt og fræðandi að vinna með öflugum kennurum sem margir hverjir eru hafsjór af hugmyndum. Maður verður ungur í anda á vinnustað þar sem alltaf er verið að skapa eitthvað nýtt og stöðnun er ekki leyfð.

### Hverju vildir þú helst breyta í starfi þínu?

Fyrir utan það að vilja hækka laun kennara, bæta vinnuaðstöðu þeirra og haga starfinu þannig að kennarinn fái meiri tíma til undirbúnings – þá myndi ég vilja sjá meiri bóklestur í skólanum

og minni málfræði. Það er verið að kenna of mikla málfræði í unglingsáldinni á kostnað bókmennta og ritunar. Ég vil efla lestraráhuga barna og stend í þeirri staðföstu trú að það gerum við með því að hvetja börnin okkar til að lesa meira ásamt því sem við lesum fyrir þau. Ég er alveg ófeiminn að lesa fyrir unglinga og segja þeim sögur, það finnst þeim alltaf skemmtilegt. Áhuginn á töluðu máli er eilífur.

### Hvaða góðu ráð átt þú handa öðrum íslenskukennurum?

Vera meðvituð um eigið málfar, vera ófeimin að ögra nemendum með fjölbreyttum textum og sögum. Umfram allt, leika með málið. Íslenska er falleg tunga sem við eigum að varðveita.



# Steinn Steinarr



Steinn Steinarr, öðru nafni Aðalsteinn Kristmundsson, fæddist 13. október 1908. Hann lést 25. maí 1958. Steinn er án efa eitt áhrifamesta ljóðskáld 20. aldar á Íslandi. Í tilefni af hundrað ára fæðingarafmæli hans ákvað ritstjórn Skímu að minnast skáldsins með fjölbreyttum hætti.

Forsíðumyndin eftir Ólaf Sólímann vísar til ljóða Steins, Kristín Þórarinsdóttir fjallar um minningar sínar af Steini og Ásthildi, konu hans, Guðmundur Andri Thorsson skrifar hugleiðingu um Stein, nokkrir einstaklingar skrifa um uppáhaldsljóð sitt eftir Stein og fyrstu kynni af skáldskap hans. Þá eru birt nokkur ljóð sem bárust í ljóðasamkeppni sem Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara stóðu fyrir til minningar um Stein.

## Bláfátækt skáld og tvítug stúlka

Nokkur myndbrot Kristínar Þórarinsdóttur um Stein Steinarr og Ásthildi Björnsdóttur

Í vorhefti Skírnis (182. ár, 2008) birtist grein eftir Kristínu Þórarinsdóttur um „líf og listsköpun Steins Steinarr á tilurðarárum Tímans og vatnsins“. Í umfjöllun sinni sem ber heitið: „Og líf mitt stóð kyrrt eins og kringlótt smámynt“ dregur Kristín upp heildstæða mynd af því hvernig þetta tímamótaverk íslenskrar ljóðagerðar varð til í tveimur gerðum, önnur frá 1948, alls þrettán ljóð, en hin sem birtist árið 1956 í ljóðasafni Steins, *Ferð án fyrirheits*, inniheldur tuttugu og eitt ljóð.

Auk tilurðarsögunnar les Kristín ákveðna heildarhugsun úr verkinu sem hefur reynst mörgum snúið vegna þess hversu óhlutbundinn (abstrakt) heimur ljóðsins er. Í þessu ljósi má minna á einkunnarorð þau sem Steinn valdi í fyrri útgáfu Tímans og vatnsins: „A poem should not mean, but be“. Í lokaorðum ritgerðar sinnar segir Kristín um heildarhugsun verksins: „Um er að ræða ferð einstaklings í gegnum ákveðið þroskaferli. Líf hans stöðvast og hann upplifir hrun tilverunnar. Þá eykst honum afl frá kröftum höfuðskepnanna og honum tekst að snúa þróuninni við. Eftir þessi hvörf opnast nýjar víddir

og jafnvægi kemst á. Öll bygging verksins og þær burðarstöðir sem hér hafa verið skoðaðar styðja þessa túlkun. Þessi erfiða ganga einstaklingsins leiðir einnig í ljós að maðurinn stendur alltaf einn andspænis örlögum sínum.“

Kristín, sem starfar við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, er systurdóttir ekkju Steins Steinarr, Ásthildar K. Björnsdóttur. Hún geymir í hugskoti sínu myndbrot og minningar frá þeim árum þegar hún sem barn hitti og sá Stein og Ásthildi. Ritstjórn Skímu leitaði eftir þessum minningum hennar og brást hún við af góðsemi og skilningi og framkallaði eftirfarandi frásögn:

### Tveir karlar í síðum frökkum

Fyrsta minning mín af Steini er líklega frá því ég var um fjögurra ára gömul. Þá áttum við heima á Selfossi og hann kom í heimsókn með Jóhannesi úr Kötlum. Ég var úti að leika mér þegar ég sá tvo karla í síðum frökkum koma gangandi frá sýslumannshúsinu. Þegar þeir komu nær sá ég að annar var Steinn. Ég minnst þeirra sitjandi í stofusófanum og það var hlegið óskaplega mikið.



Seinna spurði ég föður minn um þessa heimsókn þeirra sem sat svo sterkt í barnsminni mínu. Þá sagði hann að þeir hefðu verið eitthvað við skál og höfðu verið viðstaddir yfirheyrslur hjá sýslumanni. Einhver, sem var þeim líklega kunnugur, hafði tekið sokkbol ófrjálsri hendi á nafngreindum bæ í Flóanum og þeir óttuðst allan tímann að yfirheyrslurnar snerust í höndum sýslumanns þannig að hann yrði sjálfur dæmdur í stað þjófsins. Þarna hafa frásagnarhæfileikar Steins notið sín og kaldhæðnin vafalaust ráðið för.

### Bragginn og tíkin Tuska

Önnur minning frá því ég var barn er úr bragganum sem Ásthildur og Steinn bjuggu í um tíma í Kamp Knox. Ég man reyndar ekki sérstaklega eftir Steini, miklu frekar hve undarlegt hús mér fannst þetta vera. Veggirnir náðu ekki til lofts og allt var svo ólíkt því sem ég hafði áður séð. Best man ég þó eftir húsi þeirra í Fossvoginum við Sléttuveg. Þangað kom ég oft og þangað var gott að koma. Hins vegar man ég ekkert sérstaklega eftir heimsóknum Ásthildar og Steins til okkar nema þegar eitthvað sérstakt var um að vera eins og þegar þau komu með tíkina Tusku sem löngu er orðin fræg vegna skrifa þeirra til borgastjórans í Reykjavík til að fá að halda hund í Reykjavík. Þeim var þó neitað um það og Ásthildur kom niðurbrotin með hundinn í fóstur til mömmu. Tíkin var hjá okkur upp frá því.



Ásthildur Björnsdóttir, sextán ára á menntaskólaárum.

### Venjulegur hlýlegur karl

Steinn var mjög barggóður og minning mín um hann er aðeins góð. Ég þekkti aldrei þá mynd af honum sem gjarnan hefur verið haldið á lofti. Fyrir mér var hann bara venjulegur, hlýlegur karl. Hann spjallaði við mann og sagði manni sögur af dýrunum þeirra. Frá því ég man eftir mér var Steinn metinn að verðleikum í minni fjölskyldu. Tvö barna minna, Aðalsteinn og Ásthildur Kristín eru skírð í höfuðið á þeim hjónunum. Mamma og Steinn voru góðir vinir og ég man eftir bréfi frá Steini sem hann hafði skrifað henni líklega þegar hann var við vinnu á Sólbakka vestur á Flateyri. Bréfið byrjaði á þessum orðum: „Ó guð minn góður hvað það er gaman að þú skulir vera til“. Ég fékk reyndar aldrei að lesa bréfið til enda.

### Sameiginlegt skjól

Frá því ég komst til vits og ára vissi ég að erfiðleikar höfðu verið í sambandi Steins og Ásthildar um tíma. Þau kynntust 1937–38. Þá var Ásthildur nýlega komin til Reykjavíkur eftir að hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri. Hún var yngst fjögurra systkina sem barnung misstu móður sína norður á



Ásthildur Björnsdóttir, rétt rúmlega tvítug, tyllir sér á stein við Mývatn.



Ingibjörg Björnsdóttir, móðir Kristínar Þórarinsdóttur, og Steinn Steinarr.



*Systurnar þrjár og Tóta meistari. Frá hægri: Ingibjörg, Ásthildur og Þorbjörg Björnsdætur ásamt Þórunni Sigurðardóttur.*

Bergsstöðum í Svartárdal þar sem faðir þeirra var prestur. Ingibjörg móðir mín og Þorbjörg systir hennar voru komnar áður til Reykjavíkur og eftir að Ásthildur bættist í hópinn bjuggu þær allar saman að Lækjargötu 6. Þar söfnuðust gjarnan saman vinir þeirra og skólabræður og kölluðu þeir íbúð þeirra „Skjólíð“. Flestir þeirra voru skólabræður Ásthildar úr Menntaskólanum á Akureyri. Í Skjólínu kynntust Ásthildur og Steinn þegar vinur hans kom eitt sinn með hann þangað.

### Ást og aðskilnaður

Á þeim tíma sem Steinn og Ásthildur fóru að vera saman var Steinn bláfátækur og lífsstíll hans kannski ekki sá ákjósanlegasti fyrir tvítuga stúlku sem var að byrja lífið nýkomin úr skóla. Faðir Ásthildar og fleiri ættingjar höfðu áhyggjur af þessu ráðslagi og ráðlögðu henni að slíta sambandinu um 1940. Seinna veit ég að afi og Steinn urðu góðir vinir og Steinn mat hann mikils. Steinn og Ásthildur voru þó ekki aðskilin lengi og tóku saman aftur áður en langt leið. Ásthildur elskaði Stein út yfir gröf og dauða alla tíð en ég held að hann hafi verið lengi að fyrirgefa henni þetta. Árið 1943 varð Ásthildur ófrísk eftir Stein en hann var þá ekki tilbúinn að takast á við slíka ábyrgð og rofnaði samband þeirra aftur. Ásthildi leystist höfn er hún var talsvert langt gengin með og næstu ár urðu þeim báðum erfið.

### Lítill laun fyrir skáldskap

Fljótlega eftir að Steinn kom heim frá Svíþjóð og Danmörku árið 1946 fóru þau Ásthildur að búa saman að Lækjargötu 6, þar sem móðir mín var þá gift, flutt austur fyrir Fjall og Þorbjörg farin til London. Eftir það vann Ásthildur fyrir þeim báðum því Steinn fékk lítið í aðra hönd fyrir skáldskap sinn. Um þetta leyti er Steinn að yrkja Tímann og vatnið. Auðséð er af ýmsum gögnum úr þeirra eigu að Ásthildur hefur aðstoðað Stein mikið við að vélrita ljóðin og skrifa upp fyrir hann hugmyndir að ljóðaheitum og fleira þess háttar.

### Bókin sem aldrei var skrifað í

Ég man vel er ég sá Stein í hinsta sinn. Það var sumarið 1957 er ég var ásamt frænku minni Sólveigu Eggerz í Reykjavík í nokkra daga. Hún hafði búið alla tíð erlendis og við fórum því í heimsóknir til ættingja til að sýna okkur og sjá aðra. Við vorum með svona bækur, sem stelpur gjarnan áttu á þeim árum, þar sem fólk var látið skrifa nafn sitt og fæðingardag og einnig vísur sem þóttu hæfa manni. Mamma ráðlagði okkur að fara til Steins og láta hann yrkja fyrir okkur í bækurnar. Hann tók okkur mjög vel en var þá sjálfsagt farinn að finna fyrir þeim veikindum sem drógu hann til dauða. Hann sagðist ekki geta ort til okkar núna en hann skyldi gera það seinna. Sú stund kom þó aldrei því hann dó vorið eftir. ■



*Tíkin Tuska með hvolpana sína á tröppunum fyrir utan íbúðarhúsið í Glóru í Hraungerðishreppi.*

## Bakdyr eilífðarinnar

Guðmundur Andri Thorsson

Á þessu ári, þann 13. október hefði Steinn Steinarr orðið hundrað ára en þann 25. maí síðastliðinn voru fimm tíu ár liðin frá dauða hans.



Hann endurnýjaði gömul og úrsérgengin ljóðform með sínum kaldranalega spjallstíl, fann nýjan tón sem hæfði nýjum degi, tókst fyrstur skálda á við það að þótt borgin kunni að eiga sinn fuglasöng og æskupökka á hún líka sínar regnvotu götur þar sem svart malbikið margfaldar einsemd mannsins. Og sveitin horfin – og þar með þúsund ára samband manns og jarðar.

Af einhverjum ástæðum varð Steinn vinsælasta skáld þjóðarinnar – um hríð að minnsta kosti – þótt valdaöflin í menningarlífi landsmanna eigi enn bersýnilega í hálfgerðu basli með hann ef marka má hina opinberu þögn um þessi tímamót.

Í mínu ungdæmi og lengi fram eftir virtust allir fá Kvæðasafn og greinar í fermingargjöf og gátu þar með byrjað sjálfan fermingardaginn á þessu guðspjalli hins guðlausa existensialisma, þar sem skáldið fullvissar okkur um, næstum glaðhlakkalega, að hrunið sé yfirvofandi og óhjákvæmilegt.

Sem það náttúrlega var.

Furðu margir fóru að blaða í bókinni á gráum rigningardögum fyrir tölvuöld, sumir gutlandi á gítar um leið – enda ekkert skáld íslenskt sem hefur fengið við ljóð sín jafn mörg lög með jafn fáum hljómunum. Glottandi tómhyggjan og absúrd-húmorinn var vörn gegn gluggaveðri og gráma, súld og soðnu ýsunni. Þversagnirnar nærðu ungan huga eins og heilabrot; óvænt tilfinningasemin og töffaraleg viðkvæmnin ýfði geðið. Hnífsbragð hinnar hárbeyttu lokalínu gat breytt ungrri heimsmynd fyrir fullt og allt – og svo voru náttúrlega

allar þessar „bláfextu hugsanir“ sem hverfa „inn um bakdyr eilífðarinnar“ „eins og blóðjarnaðir hestar“ og gerðu mann ölvaðan af orðum. Í þessum ljóðum var sem sé einhver æska. Einhver kraftmikil uppreisnargirni sem rímaði vel við vaknandi rokkmúsík þessara ára – eitthvert sambland af kæruleysi og heift sem lýsir sér í línunum á borð við „En þið heyrðuð það ekki“ – eitthvert attítúd sem sást líka í myndum á borð við Rebel without a cause og við heyrðum svo í bítlagarginu.

Auðvitað fullmikið sagt að Steinn Steinarr hafi verið fyrsti rokkarinn – en er ekki viss skyldleiki? Er ekki að minnsta kosti meira rokk í honum en atóm-skáldunum?

Steinn var hvað sem öðru líður skáldið sem færði okkur tilgangssleysi á tímum þegar hugmyndafræði hins gamla samfélags var komin að fótum fram með sinni súrsuðu þræslund. Hann tókst á við guðlausa lífssýn af æðruleysi, húmor og fullkomnu vonleysi. Ljóð eftir ljóð endar á dimmum hlátri eða holum rómi sem drynur í: ekkert, ekkert... aldrei aldrei... nei nei nei.

Hann kvaðst á við fjandann. Og smám saman skynjar maður að til einhvers er ort. Eða öllu heldur – hann sleppur um síðir undan holum rómi Einskis og inn í ljóð sitt þar sem er Allt. *Tíminn og vatnið* er ballett gerður úr orðum þar sem hversdagmerking er leyst upp og orðin dansa: Gildi ljóðanna felst í þeim sjálfum og feegurð þeirra. Að vísu er bersýnilega ort til horfinnar ástvinu eins og til að mynda sést á undurfallegum línunum á borð við þessar: „Og fjarlægð þín sefur / í faðmi mínum / í fyrsta sinn“. Þarna er ort um harm og tár, fljúgandi myrkur og sprengjandi hönd. Og auðvitað „hugans neind“. En fyrst og fremst dansa orðin. Og þar með axlar skáldið ábyrgð sína í heimi hrúnninna gilda – að nýta frelsið og skapa heim nýrrar fegurðar og nýrra tengsla. ■



# Fegursta leyndarmál heimsins

– hugleitt um ljóð Steins

## Flóttinn

Það var nótt.  
Og ég gekk eftir götunni.  
Og gatan var hljóð og mannlaus,  
því það var nótt.  
Ég gekk föstum og ákveðnum skrefum  
og sagði við sjálfan mig:  
Sjá, ég er farinn á brott.  
Ég kem aldrei aftur.  
Og engum skal takast  
að finna felustað minn.  
Þá heyrði ég snögglega  
fótatak einhvers á eftir mér.  
Og ég sneri mér við,  
því ég vildi sjá hvort ég þekkti hann.  
En það var ekki neinn.  
Það var aðeins skóhljóð, sem elti mig.  
Og ég hrópaði, skjálfandi röddu:  
Hvað hef ég þá gert?  
Mér var svarað með lævísium hlátri,  
lengst úti í myrkrinu:  
Ég er lífið sjálft. Og þú kemst ekki undan.  
Ég elti þig.



Það er erfitt að gera upp á milli ljóða Steins Steinarr. Þau eru mörg full bölmóðs eða kaldhæðin og í þessu ljóði finnst mér hvoru tveggja koma fram. Sá sem talar í þessu ljóði hefur ákveðið að snúa baki við lífinu og hann er einbeittur í þeirri ákvörðun sinni. Á einmanalegum flóttu sínum verður hann fyrir truflun, hann fyllist hræðslu því hann veit ekki hver er á hælum hans. En þetta er lífið sjálft sem lætur hann vita að hann geti ekki flúið; hann gæti allt eins reynt að flýja sjálfan sig.

Lífið sem við lifum er ekki eitthvað sem við getum yfirgefið eins og leiðinlega leiksýningu sem okkur kemur ekki við, heldur er það margbreytilegt og við erum svo sannarlega hluti af því.

Mér finnst Steinn Steinarr komast svo skemmtilega að orði þegar lífið svarar honum með „lævísium hlátri“. Er þá lífið undirförukt og svikult gagnvart okkur? Nei, þvert á móti. Ég lít svo á að stundum þurfi lífið að beita brögðum, ýta hressilega við okkur til að fá okkur til að vakna af doðanum og taka þátt í því. Og það er svo sannarlega þess virði!

*Sif Bjarnadóttir, dönskukennari í MH*

## Hallgrímskirkja (líkan)

Húsameistari ríkisins  
tók handfylli sína af leir  
og horfði dulráðum augum  
á reislur og kvarða:

51 x 19 + 18 ÷ 102,  
þá útkomu læt ég mig  
raunar lítils varða.

Ef turninn er lóðréttur  
hallast kórinn til hægri.  
Mín hugmynd er sú,  
að hver trappa sé annarri lægri.

Húsameistari ríkisins  
tók handfylli sína af leir,  
og Hallgrímur sálugi Pétursson  
kom til hans og sagði:

Húsameistari ríkisins!  
Ekki meir, ekki meir!



Það fyrsta sem ég heyrði af Steini Steinarr var það að eiginkona hans var frá Auðkúlu í Svinavatnshreppi, minni heimabyggð. Sem skáld var hann ekki mjög þekktur, lesinn eða umtalaður í sveitinni það best ég man.

Ég hef síðan í gegnum tíðina gluggað í ljóðin hans mér til skemmtunar og uppbyggingar. Ég hef alltaf hrifist af stílnum sem oft á tíðum virkar skemmtilega íronískur og hárbeyttur. Steini tekst líka einstaklega vel að draga upp ljósflíandi myndir og skapa andrúmsloft svo skýrt að það er eins og lesandinn sé staddur inni í ljóðinu sjálfu. Eitt fyrsta ljóðið sem ég heyrði og lærði eftir Stein Steinarr var Hallgrímskirkja. Kannski greip þetta ljóð mig strax vegna þess að föðurbróðir minn var staðarhaldari á Auðkúlu og meðhjálpari og faðir minn organisti við Auðkúlukirkju og kirkja mér því ávallt hugstæð. Ég veit það ekki né heldur hvort það er þessi andi sem í ljóðinu birtist; háðið og íronían sem hreif mig. Hvað sem því líður var þetta fyrsta ljóðið eftir Stein Steinarr sem mér kom í huga þegar ég var beðinn um órstutt innlegg.

*Eiríkur Grímsson, skrifstofustjóri  
há Námsgagnastofnun*

## Kvæði um Krist

*Það var kvöld.  
Og við sátum í garðinum,  
tvö fátæk börn.  
Og við horfðum á sólina  
hverfa  
bak við fjöllin  
í fjarska.  
Það er svo undarlegt, finnst manni,  
þegar maður er ungur,  
að sólín skuli hverfa  
af himninum  
bak við fjarlæg fjöll.  
Það er eins og framandi hönd  
hafi hrífsað frá manni  
leikföng manns.*

*Og við,  
sem eygðum ei kvöldið  
í öryggi hins sólhvíta dags,  
sátum hljóðir og undrandi  
andspænis svörtum vegg,  
sem við komumst ei yfir,  
það var nóttin.*

*Og við sátum í garðinum,  
tvö fátæk börn.  
Það var þá,  
er þú sagðir mér leyndarmál þitt,  
hið mikla leyndarmál,  
sem enginn hafði áður  
haft vitneskju um.  
Það var svo fagurt  
og dularfullt,  
það var fegursta leyndarmál heimsins.  
Og við sátum og hvísluðum  
hvor að öðrum  
undarlegum,  
vængjuðum orðum  
um sólina,  
sem myndi skína uppi á himninum  
stærri og bjartari  
en nokkru sinni áður,  
og um mennina,  
sem yrðu svo góðir við börnin.  
„Og þá verða allir menn svo góðir“,  
sagðir þú,  
„svo góðir,  
eins og blómin.  
Og þá þurfum við ekki framar  
að hræðast myrkrið,  
því þá verður aldrei nótt,  
þegar þúið er að frelsa heiminn“.*

*Og við sátum í garðinum  
eitt kvöld  
fyrir tvö þúsund árum,  
tvö fátæk börn.*



Það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég var beðinn að velja eitt ljóð eftir Stein Steinarr var Kvæði um Krist. Hefði ég hugsað lengur hefðu mér komið önnur ljóð í hug, úr svo miklu er að velja. En maður á að hallast að fyrsta hugboðinu. Mér þykir einhverjum veginn óskaplega vænt um þetta ljóð. Það hefur fylgt mér lengi og enda þótt það sé eitthvert erfiðasta ljóð til lestrar, það gengur svo nærri tilfinningum manns, hef ég alltaf þörf fyrir að heyra mig sjálfan glíma við að lesa það og koma þessari barnlegu einlægni og tandurhreinu feegurð í hljóð. Oft hafa aðrir orðið að hlusta á og hvað sem öðru líður hefur það ævinlega kallað á þögn. Það er sérkennilegt að Steinn skuli í sömu ljóðabókinni (Ljóð) kalla fram þessa einlægu sýn í upphafsljóðinu, Kvæði um Krist, og á ný undir lok bókarinnar með ljóðinu Barn: Ég var lítið barn og ég lék mér við ströndina... Innan um og saman við eru tilraunir og nýjungar, sem trúlega hafa reynst einhverjum harðar undir tönn, leiftur frá liðinni kreppu óráðinni framtíð. Þessi tvö ljóð eru, hvernig sem á allt er lítið, einstök. Það finnst mér.

*Sverrir Páll Erlendsson, íslenskukennari við MA*

## Gömul vísa um vorið

*Ó, sláðu hægt mitt hjarta  
og hræðstu ei myrkrið svarta.  
Með sól og birtu bjarta  
þér birtist vor á ný.  
Og angan rósa rauðra,  
mun rísa af gröfum dauðra.  
Og vesæld veikra og snauðra  
mun víkja fyrir því.*

*Um daga ljósa og langa  
er ljúft sinn veg að ganga  
með sól og vor um vanga  
og veðrin björt og hlý.  
Þá rís af gömlum grunni  
hvert gras í túni og runni.  
Hún, sem þér eitt sinn unni,  
elskar þig kannske á ný.*



Ég hef lengi átt mér eitt uppáhalds ljóð eftir Stein Steinarr. Það heitir Gömul vísa um vorið og birtist í Ljóð, annarri ljóðabók Steins. Kristín Ólafsdóttir söng þetta ljóð í gamla daga við gullfallegt lag sem aldrei heyrst núorðið. Það á örugglega sinn þátt í því að ég tók ástfóstri við ljóðið á menntaskólaárunum. Í ljóðinu kemur fram þessi ljúfsára angurværð sem svo oft er að finna í ljóðum Steins þótt kaldhæðnin sé þar einnig áberandi á stundum. Hjá okkur Íslendingum býr alltaf djúpstæð von og í raun vísu um að það komi betri tíð þegar fram líða stundir, engin ástæða sé til að hræðast myrkrið svarta því það vori á ný. Þetta er eitt af okkar sterkustu persónueinkennum ef hægt er að segja svo. Vorið getur líka verið pólitískt tákun um að sá tími komi að hinir veiku og snauðu nái rétti sínum til betra og mannsæmandi lífs. Það væri vonandi á þessum síðustu og verstu tímum og hver veit nema gamlar kærustur elski okkur á ný þegar vorar.

*Simon Jón Jóhannsson, íslenskukennari í Flensburg*

# Ljóðasamkeppni Íslenskrar málnefndar og Samtaka móðurmálskennara

Í tilefni af aldarafmæli Steins Steinarr stóðu Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara í sameiningu fyrir ljóðasamkeppni unglinga í þremur efstu bekkjum grunnskóla. Á fjórða hundrað ljóða barst í keppnina. Úrslitin voru gerð kunn á hundrað ára fæðingardegi ljóðskáldsins, 13. október síðastliðinn. Stefnt er að því að þessi ljóðasamkeppni verði árlegur viðburður.

Höfundar verðlaunaljóðanna eru Elín Elísabet Einarsdóttir, Borgarnesi, Guðbrandur Loki Rúnarsson, Austurbæjarskóla, og Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir, Hagaskóla. Dómnefnd skipuðu Davíð A. Stefánsson, Kristín Svava Tómasdóttir og Þórarinn Eldjárn. Í undirbúningsnefnd voru Ingibjörg Haraldsdóttir, Katrín Kristinsdóttir, Sæmundur Helgason, Úlfhildur Dagsdóttir, Þorlákur Karlsson og Þórarinn Eldjárn.

Auk verðlaunaljóðanna þriggja eru hér birt ljóð nokkurra annarra nemenda sem sendu ljóð í keppnina.

## Úr annarra ljóðum

Ástarstjarna drangans  
er komin til mín.  
Ég þekki ekki stjörnuna  
nema úr annarra ljóðum  
hún brosir með mér  
þegar hönd þín hvílir með minni.  
Er sólin ríkir  
hlýnar stjörnunni í mér.  
Elín Elísabet Einarsdóttir,  
Borgarnesi.

## Ég elska

Ég elska andartakið  
sem kemur öðru hvoru,  
þegar ég skil  
lífið allt,  
tilgang þess,  
ástina og sálina.  
En þó myndi ég fórna því,  
fyrir andartakið er kemur augnabliki seinna,  
þegar ég hef öllu gleymt  
á ný.  
Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir,  
Hagaskóla.

## Sálmur um gerviblóm (xD)

Á breiðstræti hinna brotnu drauma  
ráfa börnin fædd sem draugar,  
ósýnilegir ungar þeirra Evu og Adams,  
óskilgetin afkvæmi guðanna,  
Jesúsar og Júdasar úthverfanna,  
Messíasar meðalmannsins  
og sjaldan fellur eplið langt frá eikinni  
og uppúr þessu syndahafi  
nýr kynstofn er uppalinn  
af föðurlausum skilnaðarbörnum,  
bitrum barónum með brotnar bokkur,  
tilvistarlausir, tilgerðarlegir,  
tímalausir aumingjar samtímans,  
ný kynslóð af Guðrúnum og Jónum Jónsbarna,  
óhamingjusamlega giftum  
ófrjóum samfélagshórum KB banka & Co,  
ganga í gegnum lífsins endalaus gang  
með stórplön fyrir morgundaginn  
en láta mikilmennskuna upp á hillu í bili  
til að selja sálir sínar fyrir stangarsett og seppa  
og jafnvel fjórhjóladrifinn jeppa,  
ný kynslóð af því sem er hvorki gott né illt  
guðdómlegt eða mannlegt,  
ný kynslóð af ...  
Guðbrandur Loki Rúnarsson,  
Austurbæjarskóla.



## Norðurárdalurinn á endurnýjaðri íslensku

*Djöfull er Baulan bjúttífúl  
og brilliant sólskin um Norðurá.  
Hraunsnefsöxlin er helvíti kúl  
og hagana græna er geðveikt að sjá.*

*Elín Elísabet Einarsdóttir,  
Borgarnesi.*

## Hugur

*Hjartað hefur ástæðu  
sem hugur  
skilur ekki.*

*Laura Alejandra Salinas Moreno,  
Austurbæjarskóla.*

## Líffræðikennari

*Hinn  
fyrrí  
felst í því að  
færa  
frjókorn  
frá  
frjóhnappi  
fræfils að  
fræni á  
frævunni.  
Þessi  
færsla  
frjókornsins nefnist  
frævun.  
Sjálfrævun er þegar  
frjókorn berst af  
frjóhnappi  
fræfils yfir á  
fræni  
frævu í sama blómi.*

*Kinnat Sóley Lydon,  
Austurbæjarskóla.*

## Sundlaugarsamræður

*Unglingar!  
Virðingarlausir,  
pirrandi,  
þröngsýnir,  
fordómafullir,  
árásarhneigðir.*

*Segir viðsýnt,  
skynsamnt,  
kurteist,  
fullorðið fólk  
og blótar svo Pólverjunum  
í sand og ösku.*

*Sólrún Kolbeinsdóttir, Austurbæjarskóla.*

## Sólin

*Hvar er sólin?  
Hún er í útlöndum.  
Purður Benediktsdóttir,  
Austurbæjarskóla.*

## Hugsunarlöngun

*Barbapabbi er sorgmæddur,  
Barbapabbi leikur við börnin.  
Barbapabbi uppgötvar,  
að hann getur breytt um lögun.*

*Bágt er að verða að þræla þrátt.  
Eitt kvöldið haustið 1917  
skrapp ég með nokkrum kunningjum mínum  
inná kaffihúsið Skjaldbreið.*

*Flest skordýt fara einförum  
og eru útaf fyrir sig.  
Af hryggleysingjum  
finnst aragrúi tegunda.*

*Knútur Ingólfsson, Austurbæjarskóla.*

# Hetjur í spegli málfræðinnar



Síðastliðið haust kom út á vegum bókaútgáfunnar Sölu barnabókin *Með hetjur á heilanum*. Höfundur hennar er Guðjón Ragnar Jónasson. Bókin segir frá ungum dreng sem flyst austur í Fljótshlíð. Þar lendir hann í ýmsum ævintýrum og berast leikar meðal annars inn að Hlíðarenda þar sem pilturinn verður í draumi þátttakandi í aðförinni að Gunnari Hámundarsyni. Bókin er nokkurs konar innansveitarkrónika Fljótshlíðarinnar og athyglisverð fyrir þær sakir að vera ein fárra barnabóka sem fela í sér lýsingu á sveitalífi nútímans. Þáttum úr sögu íslensku þjóðarinnar er lýst í bókinni og reynt að koma til skila breytingum sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi síðustu 100 árin. Hér birtast tveir heimar, gamla sveitin og sú nýja, sú gamla á kannski meira sameiginlegt með Gunnari Hámundarsyni og félögum en nútíma-barninu. Í bókinni eru orðskýringar þar sem sjaldgæf orð eru feitletruð og útskýrð í lok hvers kafla sem gefur lesendum tækifæri á að bæta við orðaforða sinn.

Bókin var upphaflega samin sem fylgiskjal með kennsluverkefni undirritaðs til B.Ed.-prófs í Kennaraháskóla Íslands. Tveimur árum síðar var bókin endurskrifuð og nýtt kennsluefni samið við hana í tengslum við M. Paed.-próf sem undirritaður lauk haustið 2007. Kennsluefnið ber heitið *Hetjuspegill*; málfræðin er nefnilega notuð til að spegla bókmenntirnar. Þetta kennsluefni er nýstárleg vinnubók sem hugsuð er fyrir fimmta til áttunda bekk grunnskóla. Hún verður einungis gefin út á tölvutæku formi og er ætluð til notkunar með bókinni *Með hetjur á heilanum*. Kennarar geta

prentað út námsefnið og valið úr því það sem hentar á hverjum tíma. Þetta vinnulag rímar vel við hugmyndafræði sem boðuð hefur verið í tengslum við einstaklingsmiðað nám, enda geta kennarar valið verkefni úr *Hetjuspegli* sem henta hverjum nemanda og bætt öðrum við úr sínu eigin safni. Hugsunin er sú að allir nemendur hafi sömu forsiðu og *Hetjuspegli* er best lýst sem nýstárlegum hugmynda-ramma utan um íslenskukennslu þar sem rammíslensk barnabók er grunnur.

Í *Hetjuspegli* er hugtakið tungumál kynnt til sögunnar, jafnt talmál sem ritmál. Málsögu er blandað inn í vinnubókina til að nemendur fái meiri tilfinningu fyrir málinu og því að þeir eru hluti af tungumáli hvers tíma og geta haft áhrif á vöxt þess og viðgang. Í starfi mínu sem grunnskólakennari varð ég þess áskynja að nemendur áttuðu sig ekki alltaf fyllilega á tilgangi málfræðináms. Ég tel að þeir átti sig ekki á að málfræðihugtök sem þeir læra snerta bæði talmál og ritmál. Við samningu *Hetjuspegils* var hugmyndafræði orðræðugreiningar höfð til hliðsjónar. Að bókin sé skrifuð algjörlega í anda hennar er ofsögum sagt en hins vegar fást mörg verkefni við mun á töluðu og rituðu máli. Í því augnamiði eru nemendur m.a. látnir skoða mismunandi form af tölvupósti og bloggtextum sem þeir laga til þannig að þeir líti lögmálum ritmáls.

Fleiri nýstárleg verkefni má finna í *Hetjuspegli*. Sem dæmi má nefna að sögunni er skipt niður í fjóra þætti og að loknum hverjum þeirra halda nemendur stutta ráðstefnu eftir að hafa krufið efni bókarinnar í hópum. Tengsl latneska nafnorðsins „textus“,

sem á íslensku útleggst vefnaður, og sagnarinnar „textere“, sem merkir að vefa eða fella saman, eru einnig kynnt til sögunnar. Það er gert með því að ramma ýmis textabrot úr *Með hetjur á heilanum* inn í lopapeysu og láta nemendur greina orð í orðflokka með því að líta þau í mismunandi litum allt eftir því hvort um er að ræða nafnorð sem auðkennd eru með bláum lit eða sagnorð sem lituð eru gul. Lýsingar-orðin fá rauðan lit enda við hæfi að orð sem lýsa hlutum fái skærasta litinn. Hér flokka nemendur í orðflokka eftir öðrum leiðum enda alkunna að sumir þeirra eiga auðveldara með að læra hluti þegar þeir eru settir í myndrænt samhengi.

Á undanförunum árum hafa margir orðið til þess að gagnrýna of mikla notkun á vinnubókum í skólastarfi. Menn gagnrýna kannski ekki vinnubækurnar sjálfar heldur miklu fremur hvernig þær eru notaðar. Oft vill nefnilega brenna við að kennslan fari að snúast um verkefnið í bókinni og þau verði þungamiðja í kennslunni. Sú gagnrýni sem vinnubækur hafa fengið snýst einkum um þá staðreynd að þær þykja of kennaravænar og að markmiðið með þeim sé miklu frekar að hafa ofan af fyrir nemendum en að örva þá til náms. Þetta er reynt að forðast í *Hetjuspegli* með því að láta alla þætti íslenskunnar mynda eina heild, sbr. hugmyndafræði hinar heildstæðu móðurmálskennslu. Höfundur reyndi við samningu *Hetjuspegils* að taka það besta úr öllum stefnum sem urðu á vegi hans. Markmiðið var að búa til vinnubók þar sem margbreytilegir og nútíma-legir kennsluhættir fengju notið sín.

Guðjón Ragnar Jónasson.



# MÁLFRÆÐI Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM

## Umfjöllun um málfræðigreinar í Skímu frá árinu 1978

**Málfræðiumfjöllun í Skímu einkennist af skoðanaskiptum um það hvort kenna eigi málfræði og hvað eigi að kenna í málfræði á hvaða skólastigi. Greinarnar eru skrifaðar af kennurum á öllum skólastigum og margir telja sambandsleysi ríkja milli skólastiga.**

Málfræðiumfjöllun í Skímu einkennist af skoðanaskiptum um það hvort kenna eigi málfræði og hvað eigi að kenna í málfræði á mismunandi skólastigum. Skíma er kjörinn vettvangur til skoðanaskipta og getur gefið vísbendingu um umræðuna á kennarastofum og víðar. Málfræðiumræðan virðist koma í bylgjum og er fyrsta bylgja frá 1978–1981 og síðar kemur sterk bylgja með þingi Samtaka móðurmálskennara (SM) 1983. Við gerð aðalnámskrár 1989 og 1999 lifnar einnig yfir umræðunni. Menn virðist líka greina á um hvort málfræði sé undirflokkur móðurmálskennslu eða sérstök námsgrein. Sumir telja hana aðeins tilheyra latínukennslu. Flestir segja að málfræði lærist með talmálinu því ákveðinni reglu eða kerfi sé fylgt í málnotkun. Þessa reglu er hægt að útskýra og fræðast um með notkun málfræðiheita og hugtaka. Þessi þekking auðveldar líka lærdóm annars tungumáls.

Málfræðigreinar Skímu eru skrifaðar af kennurum á öllum skólastigum. Meðal höfunda þeirra er Höskuldur Þráinsson sem ítrekar m.a. í greinum sínum í Skímu 1979 og 1983 að málið greini manninn frá dýrunum. Heimir Pálsson á nokkrar greinar í Skímu liðinna ára og honum er hugleikinn vandi og kreppa móðurmálskennarans. Ragnar Ingi Aðalsteinsson ritar nokkrar greinar, þar á meðal um áherslubreytingar í málfræðikennslu. Og er þá fátt eitt talið af góðum greinum með þörfum ábendingum.

Ráðstefnur móðurmálskennara um málfræði virðast uppspretta margra fróðlegra greina. Árið 1983 var gefið út sérít Skímu nr. 18 um málfræðiráðstefnu SM. Þessi ráðstefna var opin móðurmálskennurum af öllum skólastigum. Samtökin töldu brýnt að halda ráðstefnu um málfræði en skiptar skoðanir hafa verið um málfræðikennsluna.

Í þessum Skímugreinum kemur í ljós að kennarar hafa áhyggjur af fátæklegum orðaforða grunnskólabarna, óánægja framhaldsskólakennara með málfræðikunnáttu grunnskólanemenda og háskólakennarar hafa einnig áhyggjur af minnkandi þekkingu framhaldsskólanemenda í málfræði.

Margar spurningar vakna og verður unnið út frá nokkrum þeirra. Er málfræði meðfædd eða þarf að kenna hana? Fyrst verður athugað hvernig umræðan hófst en „miklu veldur sá er upphafinu veldur“. Sjónarmið nokkurra kennara verða reifuð. Hefur eitthvað breyst og hvað skal gera? Einnig er minnst á könnun sem gefur athyglisverða niðurstöðu. Að lokum er reynt að merkja hvort nú ríki sátt um málfræðikennslu og námsefni.

### Er málfræði meðfædd eða þarf að kenna hana?

Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er bæði að gera nemendur viðuræðuhæfa um mál og málfar og að betri málnotendum (Aðalnámskrá 1999:14).

Flestir telja málfræðikennslu nauðsynlega og rökstyðja þá skoðun. Kennara allra skólastiga greinir þó á um með hvaða hætti sé best að bregðast við. Ef allir kennarar myndu telja sig íslenskukennara hefði það líklega áhrif á óskina um fjölda kennslustunda á viku í íslensku. Flestir virðast telja að nemendur efri bekkja í grunnskóla geti lært orðflokkgreiningu, eintölu og fleirtölu, nútíð og þátíð, þekkja föll og vita hvað málsgrein er, þeirra á meðal er Þórdís Mósesdóttir (Skíma 1992).

Í fyrsta tölublaði Skímu var rætt við Guðnýju Ýri Jónsdóttur en hún telur móðurmálið mikilvægustu námsgreinina. Hún greindi frá fjölda kennslustunda í íslensku í 6. bekk – sem voru einni fleiri en í kennslu erlendra tungumála. Guðný taldi orðaforða nemenda hafa hrakað á tíu ára kennsluferli sínum. Þetta taldi hún merki um að börnin læri fremur hvert af öðru en af einhverjum fullorðnum umönnunaraðila. Hún sagði nemendur velja sér léttlestrarrefni, „myndasögur eru eftirlætislesefni þeirra“ (Skíma 1978 1:3). Hún áleit að engu mætti sleppa úr





væri óþörf en hann spyr: „Er verjandi að veita henni þetta rúm í móðurmálskennslunni án þess að svara spurningunum: „Hvers vegna málfraeði? Hvaða málfraeði? Hvenær málfraeði?“ (Skíma 1978). Í Skímu 1983 taldi Indriði samt að varlega þyrfti að fara í breytingar á málfraeðikennslu. Örn Ólafsson var sammála Indriða um óþarfa kennslu málfraeðinnar en einnig sammála Höskuldi Þráníssyni um meðfædda eða áunna málvitund mannanna.

Heimir Pálsson aðhylltist skoðun Indriða. Hann sagði umræðuna sýna að grunnskólanemar læri ekkert í málfraeði „Það verður enginn betri málnotandi á móðurtungu sinni þótt hann kunni skil á formlegri málfraeði [hennar]“ (Skíma 1983:7).

Aðrir fylgdu Höskuldi Þráníssyni að máli um nauðsyn málfraeðikennslu. Þeirra á meðal var Árni Pétursson sem ræddi um málfraeðikennslu í eldri bekkjum grunnskóla og framtíð hennar. Hann taldi stóran hluta 12–14 ára nemenda, hafa þroska til að læra málfraeði sem rétt og skipulega er sett fram. Hann telur kennarann skipta miklu máli. „Það eru áhrif hans, áhugi og samband við nemendur sem ræður úrslitum“ (bls. 21). Hann minnti á hvernig fór með vandamál stærðfræðinnar sem leysa átti með byltingu. Hann vildi hefja sókn og gera veg málfraeðinnar og móðurmálsins sem mestan (Skíma 1983).

Eiríkur Páll Eiríksson er ósáttur við umfjöllun Indriða Gíslasonar í Skímu, taldi hana gáleysislega og leggur til að „dregið verði úr málfraeðikennslu á grunnskólastigi og meginþungi hennar færður yfir á framhaldsskóla-

málfraeðikennslunni heldur auka við hana með fjölbreyttri nálgun.

Viðmið kennslu og þroska nemenda hlýtur að haldast í hendur en varla er hægt að hlaupa yfir undirstöðuatriði málfraeðinnar. Prefað er um hverjir undirstöðupættirnir séu en flestir telja orðflokka og beygingar til þeirra. Karpið um skiptingu kennslunnar lýtur að því hversu mikið eigi að kenna í grunnskóla og hvernig byggja eigi ofan á námið í framhaldsskóla svo fagleg umfjöllun í málvísindum geti átt sér stað á háskólastigi. Ljóst er að mönnum er nokkur vandi á höndum. Einkenni málfraeðiþróa felast oft í greiningu undantekninga eða orða sem nemendur skilja ekki. Þetta getur valdið því að nemendum finnist málfraeði strembin og slitin úr tengslum við þeirra daglega líf. Á árunum 1978–1983 voru skiptar skoðanir um hvort kenna ætti málfraeði. Í þeirri umræðu skiptu menn sér í fylkingar.

Sumur fylgdu Indriða Gíslasyni um að málfraeðikennsla

stíg. Grunnskólinn einbeiti sér að kennslu í málnotkun, þjálfni nemendur í beitingu málsins“ (bls. 15). Hann vildi að fundin yrði niðurstaða í verkaskiptingu skólastiganna (Skíma 1983). Á sömu skoðun var Valdimar Gunnarsson sem sagði að í grunnskóla eigi „fyrst og fremst að þjálfva grundvallaratriði og leggja höfuðáherslu á mjög hagnýtt gildi námsins. Í framhaldsskólum [...sé] eðlilegt að fjalla meir um fræðileg atriði“ (Skíma 1987:38).

Umræðan um málfraeðikennslu erlendra tungumála var í höndum Eyglóar Eyjólfsdóttur. Hún ræddi um að kunnátta í málfraeði móðurmáls auðveldi lærdóm hins erlenda máls og vill alls ekki að málfraeðikennsla verði felld niður. Hún sagði m.a. „Móðurmál [nemendanna] á framtíð sína undir því að þeir kunni að fara rétt með það og til þess að skýra ranga málbeitingu og málnotkun og kenna rétta, hlýtur móðurmálskennari að þurfa á hugtökum málfraeðinnar að halda. [...] Móðurmál nemandans er sá grunnur sem kunnátta í öllum öðrum fögum byggist á“ (Skíma 1983:33).

Pessu var Ragnar Ágústsson ósammála en taldi hlutverk móðurmálskennara yngri bekkja grunnskólans vera að aðstoða nemendur við málskilning á flestum sviðum. Hann taldi brýnna að horfa til félagslegs gildis málsins en málvísindalegrar byggingar og nefnir nokkrar ritunarhugmyndir. Hann taldi hættu stafa af tungumálakennurum og vísindamönnum og aðferðir þeirra ýti nemendum út á hallærisplön landsins (Skíma 1984).

### Hefur eitthvað breyst og hvað skal gera?

Erfiðast virðist að samræma skil eða samfellu kennslunnar milli skólastiga. Ljóst er að upprifjun er nauðsynleg en ekki má eyða of löngum tíma í hana. Í mörgum greinum kemur fram að höfundar telja sambandsleysi ríkja milli skólastiga í umræðunni sem átti sér stað í Skímu 1987.

Nú er það svo að þó menn séu mjög vel rittærir og kenni við háskóla þá eru þeir ef til vill ekki réttu aðilarnir til að semja námsbækur fyrir grunnskóla eða framhaldsskóla. Höskuldur Práinsson taldi vanta kennslubækur sem tækju mið af málrannsóknum og sagði að „hins vegar er trúlega í fáum tilvikum heppilegt að menn semji einir síns liðs kennslubækur fyrir skólastig sem þeir hafa aldrei kennt á“ (Skíma 1979:8).

Námsbókakostur hefur batnað verulega frá þeim tíma er aðeins var um málfræðibók Björns Guðfinnsonar að velja. Mér virðist að námsbókahöfundarnir hafi tekið alla þætti sem rætt er um í Skímu til gagngerrar endurskoðunar og miðað útgáfu við þær ábendingar sem þar koma fram. Námsbókaútgáfu hefur fleygt fram og það er e.t.v. Skímu að þakka því nú eru fjölmargar bækur til um málfræði í senn aðgengilegar og áhugaverðar.

Árið 1991 spurði Baldur Sigurðsson í Skímu um leiðir til úrbóta á vanda móðurmálsins. Félagsgleir þættir vega þungt, s.s. breyttir atvinnuhættir, fleiri nemendur í Háskóla Íslands, jafningjalærdómur málsins, áhrif enskunnar, fjölmiðlar og vinna með námi. Flestir virðast sammála um að efla þurfi íslenskukennsluna og bæta aðstöðu kennara. Í Skímu fyrir áratug (um 1980) mátti lesa um sama eða svipað efni.

Vegna fjölgunar nemenda sagði Hallfríður Ingimundardóttir að fleiri nemendur þurfi á aukinni hjálp að halda þegar þeir koma í framhaldsskóla. Hún fagnaði nýjum kennslubókum en taldi að í framhaldsskólum þyrfti að „byggja sérstaklega upp kennslu fyrir nemendur sem eru vannærðir málfarslega“ (Skíma 1991:7). Málbeitingin var í meiri vanda en tungumálið að mati Þóru Kristínar Jónsdóttur og hún var sammála Hallfríði um félagslegar aðstæður barna. Hún taldi að fjölga þyrfti kennslustundum í móðurmáli og að huga þyrfti að kennaramenntun, bókasöfnun, fækkun nemenda í bekkjum og skyldum foreldra og fjölmiðla.

Mikil umræða var um málfræði og móðurmál í Skímu 1992. Þórdís Mósesdóttir ræddi um tilgang málfræði í móðurmálskennslu. Henni var hugleikin þjóðfélags-

breytingin líkt og fleiri bentu á frá 1978. Hún minntist á að ekki væru allir á eitt sáttir um gildi málfræðinnar því rætt væri um staglið sem er neikvætt en aðrir töluðu um fræðsluna. Þessi kennsla hafi „uppeldislegt gildi, nemendur læri öguð vinnubrögð, læri að beita skilgreiningum“ (bls. 6). Þórdís lagði spurningar fyrir 10. bekk um hvað mælti með eða á móti málfræðikennslu í grunnskóla. Svörin voru misjöfn en flestir nemendur eru hliðhollir málfræðikennslu og sjá tilgang með henni.

### Málfræðin er samofin tungumálinu

Þjóðfélagið breytist sífellt. Börnin hugsa töluvert um sig sjálf og mikið framboð er af afþreyingu. Enn er stefnt og unnið að góðum tengslum milli heimilis og skóla. Með þessari umfjöllun um málfræði í Skímu er reynt að fleyta ofan af því sem hæst ber í umræðunni.

Jákvætt er hve ýmsar nefndir hafa unnið vel að úrbótum og stefnu í móðurmálskennslu. Þessar nefndir voru og eru skipaðar mjög hæfu fólki frá öllum skólastigum. Það virðist hafa unnið markvisst og skipulega að gerð nýrra námskráa og mótað stefnu um hvað skuli kenna á hvaða skólastigi. Námsbókakostur er nú miklu fjölbreyttari en þegar umræðan hófst í Skímu árið 1978.

Menntun kennara er stöðugt í endurskoðun og framþróun. Þó menntunarstigið gildi ekki alltaf um bestu kennsluna eða hæfasta kennarann þá er almenna reglan sú að meiri og betri menntun skilar betri og hæfari kennurum til starfa. Ýmsar nýjungar eru í farvatninu. Þar má nefna heildstæðar kennsluáðferðir, einnig kennsluhreyfinguna „Náttúruleg leið til náms“ (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir 2005a og b). Umræðan er lifandi og henni er viðhaldið og sífellt er leitað leiða til úrbóta.

Ákveðinn þjóðfélagsvandi virðist vera til staðar. Umræða manna á meðal og í fjölmiðlum er á þann veg að minni kröfur virðast gerðar til nemenda. Ýmiss konar þrýstingur er líka frá þjóðfélaginu. Nemendur vinna margir með námi. Sumir kennarar hafa ekki svör við tilgangi málfræðikennslu og nemendur heyra líka að mikilsverðara sé að kunna ensku í alþjóðavæðingunni. Það er ljóst að kennsla málfræði líkt og annarra námsgreina er vandmeðfarin og nú er ekki spurt hvort kenna eigi málfræði heldur hvernig.

Útgáfa Skímu er góður og nauðsynlegur grundvöllur fyrir umræðu og skoðanaskipti móðurmálskennara. Menn hafa ýmsar skoðanir á þessum málaflokk og margt hefur áunnist sem ef til vill tengist greinaskrifum í Skímu. Ég hygg að flestir vilji hlúa að íslenska tungumálinu en málfræðin er og verður samofin því.

■ Höfundur er M.Paed nemi við Háskóla Íslands.

**Hefurðu skoðað heimasíðu  
Samtaka móðurmálskennara nýlega?**

**ki.is/sm**





# Forn arfleifð Austurbæjarskóla

Stolt hvers skóla er oft og einatt tengt öflugu bókasafni enda er vandfundið betra tæki til að stuðla að öflugu læsi. Alltént hefur það lengi verið skoðun okkar sem störfum í Austurbæjarskóla að sú sé einmitt raunin. Fram undir 1930 var venjan sú að skrifa einungis stuttar sögur handa börnum sem venjulega voru gefnar út nokkrar saman í formi ævintýra, bernskuminninga og hvunndagssagna þar sem eitt barn var jafnan í hlutverki aðalpersónu. Í kjölfar kreppunnar efldist sá skilningur að lýsa skyldi aðstæðum barna á raunsæjan og gagnrýninn hátt. Þetta tengdist því að á þessum árum var raunsæisstefnan allsráðandi í bókmenntum og áhersla var lögð á að vekja verkafólk til vitundar um niðurbælt afl sitt sem virkja skyldi til réttmætrar uppreisnar gegn aldagamalli kúgun.

Bókasafn Austurbæjarskóla og sú hugmyndafræði sem það styðst við á sér langa og merkilega sögu eða allt frá þeim tíma er hér að ofan var lýst. Saga skólans nær allt aftur til ársins 1930 og fyrsti skólastjórinn var Sigurður Thorlacius. Skólinn var byggður á erfiðum tímum í sögu íslensku þjóðarinnar en samt var vandað til verksins og hvergi til sparað. Til sannindamerkis um það má nefna að þegar skólinn opnaði mátti í honum finna sundlaug, íþróttasal og vandaðan bíósal. Ekki geta allir nútímaskólar státað af slíku og segja má að skólabyggingin beri djarfhug og framsýni



Bókahillan góða á bókasafninu í Austurbæjarskóla. Mynd: Greinarhöfundar.



ráðamanna kreppuáranna glöggvitni. Strax í árdaga skólastarfsins urðu mjög sterk tengsl við íslenska barnabókaútgáfu en þar réð mestu um einlægur áhugi Sigurðar á viðfangsefninu. Auk þess er rétt að nefna að til skólans völdust úrvalskennarar sem höfðu áhuga á og hæfileika til að skrifa barnabækur. Stefna hópsins var strax í upphafi sú að skrifa á vandaðan hátt um hversdagslíf barna í bæjum og sveitum enda var Sigurður og hans fólk þekkt fyrir róttækar stjórnmálaskoðanir.

Enn þann dag í dag leggja kennarar Austurbæjarskóla mikið upp úr því að nemendur lesi vandaðar og góðar barnabækur. Safnkostur bókasafnsins er mikill miðað við skólasafn í grunnskóla enda saga skólans löng á íslenskan mælikvarða. Allir nemendur í 1.–7. bekk fara vikulega á bókasafnið í upplýsingamennt og nemendur unglingsaldarinnar sækja þangað tíma vikulega í eina önn á hverju skólaári. Þá er lögð áhersla á að efla frjálstan lestur og þegar líður á skólagönguna gera allir nemar sögu-greiningar þar sem þeir greina í stuttu máli frá efni og innihaldi bókana sem þeir lesa. Einnig fara fram umræður um nýlesnar bækur. Í áður nefndum tímum er rætt um tilgang lestrar og þegar nemendur heyra að rannsóknir sýni fram á að lestur sé auðveld leið til að bæta námsárangur leggja flestir við hlustir. Sögu- og bókagerð er líka algengt viðfangsefni

í tímum í upplýsingamennt og þá er ósjaldan notast við arfinn frá „rithöfundum Austurbæjarskóla“ sem hvatningu til skrifa.

Árangur skólans í lestrarkeppnum hefur verið mjög góður og á öflugt og lifandi bókasafn stóran þátt í því ásamt þeirri lestrarhefð sem hefur verið ríkjandi í skólanum alla tíð. Nemendur eru hvattir til að hafa alltaf „skúffubók“ að grípa til í stofunni sinni og eins að vera duglegir að fá bækur að láni heim. Við erum í góðu samstarfi við Borgarbókasafn og tökum þátt í ýmsum uppákomum þar á bæ. Til dæmis fara nemendur fjórða bekkjar í skipulagðar safnkynningar þangað og við það tækifæri fá þeir lánsskrarteini. Til þess að efla læsi höfum við verið iðin við að fá rithöfunda í heimsókn til þess að ræða við nemendur. Sá höfundur sem hvað oftast hefur komið í skólann er Vilborg Dagbjartsdóttir en hún kenndi við skólann í 45 ár eða á árabílinu 1955 til 2000. Samhliða kennslustörfum vann Vilborg að vexti og viðgangi bókasafns Austurbæjarskóla.

Af störfum frumherjanna í árdaga skólans erum við sem nú störfum í Austurbæjarskóla mjög stolt. Skólabókasafnið er sannkallað hjarta skólans og þangað sækja allir nemendur reglulega. Þar er sögu safnsins sem og skólans gerð góð skil, líkt og sjá má á meðfylgjandi myndum þar sem bókum frumherjanna er stillt upp og þær blasa við um leið og komið er inn

um dyrnar. Segja má því að núverandi nemendur skólans geti andað að sér sögunni þar sem verk gömlu læri-meistaranna leggja okkur til liði, lykt og leiktjöld inn á menningar sviðið sem lengst af hefur einkennt allt daglegt líf í Austurbæjarskóla. Auk áður nefndrar Vilborgar kenndu Stefán Jónsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ísak Jónsson, Sigurður Helgason og Gunnar M. Magnúss öll lengi við skólann. Einnig má nefna að Ármann Kr. Einarsson og Jóhannes úr Kötlum kenndu um hríð við Austurbæjarskóla auk nokkurra annarra höfunda sem ekki verða allir taldir upp hér. Við viljum að nemendur þekki þessa „rithöfunda skólans“ og verk þeirra. Sem dæmi eru lög við kvæði Stefáns Jónssonar enn sungin í skólanum og ein af föstu hefðunum í Austurbæjarskóla er þegar nemendur fyrsta bekkjar fá að sjá myndband sem til er á safninu þar sem Vilborg Dagbjartsdóttir segir söguna af henni Gípu.

Við sem í skólanum störfum erum mjög hreykin af sögu skólans. Það er staðreynd að gömlu meistararnir náðu góðum árangri í því að efla læsi og almenna grunnmenntun í landinu. Kennararnir í Austurbæjarskóla voru í árdaga innblásnir af þeirri hugmyndafræði að öllum skyldi koma til nokkurs þroska og á það prýðilega við enn í dag.

■ Höfundar eru kennarar í Austurbæjarskóla.

## Hver er staða móðurmálskennslu?

Stjórn SM hyggst blása til ráðstefnu á vori komanda og fjalla um námsgreinina íslensku í grunn- og framhaldsskólum. Til efni þess er að íslenskt skólakerfi stendur nú á miklum tímamótum þar sem til stendur að gera gagngerar breytingar á því. Áleitnar spurningar blasa við. Hver er staða fagsins? Hvert á að vera inntak móðurmálskennslu? Hvar á að leggja áherslu? Hvaða breytingar er mikilvægt að gera á faginu til að það verði gagnlegt og ánægjulegt viðfangsefni nemenda á 21. öld? Hver er staða kennaramenntunar og hvaða möguleikar eru á símenntun?

Hefur þú rannsakað eitthvað á sviði móðurmálskennslu? Hyggst þú gera kennslurýni (starfendakönnun) eða hefur þú prófað nýjungar í kennsluháttum sem ástæða er til að segja frá?

Ábendingar um fyrirlesara og efni sendist til stjórnar SM. Fylgist með nánari upplýsingum á heimasíðunni: [www.ki.is/sm](http://www.ki.is/sm).



## ÍSLENSKA 633

Í lok annar voru nemendur spurðir um álit sitt á áfanganum. Svörin voru á ýmsa lund:

„Krefjandi, lærdómsríkur, fræðandi, massa góður áfangi, geðveikt skemmtilegur, eins og heitt súkkulaði með rjóma, væri til í að taka hann aftur.“

Ög nú spyr kannski einhver: Um hvaða áfanga er verið að tala hér? Ég skal svara því með ánægju. Þetta er áfangi sem kallast í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999 íslenska 633 og fjallar um barna- og unglingabókmenntir. Þótt markmiðin séu skýr í námskránni er ég kannski ekkert sérstaklega dugleg að fara eftir þeim, ekki öllum (enda hrikalega mörg!). Þá er það næsta spurning: Hvað kennirðu þá eiginlega í þessum áfanga? Það er nú það. Margt og margvíslegt væri stutt og laggott svar en betur má ef duga skal. Auðvelt er að fara inn á heimasíðu skólans (fg.is) og sjá kennsluáætlun en svona til fróðleiks ætla ég að segja frá nokkrum verkefnum.

Til að hrista hópinn saman kemur hver og einn upp að töflu, hefur uppáhaldsbók sína með og segir frá því þegar viðkomandi sat í kjöltu einhvers og lét lesa fyrir sig. Þá má oft heyra upphrópanir eins og þessar: „Já, ég man eftir þessari bók, oh, hún er svo skemmtileg.“ „Já, ég var búin(n) að gleyma þessari – má ég skoða?“

Ég hef eina bók til grundvallar í kennslunni, greinasafn undir dyggri ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur, *Raddir barnabókanna*, gefin út af Máli og menningu árið 1999. Þar má finna afar nýtsamar greinar sem falla vel að mínum kennsluháttum.

Nemendur byrja á að lesa grein Silju um íslenskar barnabækur – sögulegt yfirlit. Þar með erum við komin í gang og eftir að hafa rætt um upplýsinguna og söfnun þjóðsagna nemum við staðar og tökum til við fyrsta verkefnið. Allir lesa fyrst fræðigreinar um ævintýri og sagnir (meðal annars greinar eftir Guðrúnu Bjartmarsdóttur sem birtust í tímaritinu *Lífi* áður en nafnið breyttist í *Nýtt líf* og grein eftir Ólínu Þorvarðardóttur (sem birtist í *Morgunblaðinu* fyrir nokkrum árum) og svo er tekið til við að rannsaka eitt ævintýri og eina sögn (draugasögu eða hvað menn velja). Hér glíma menn við að skoða þá sálfræðilegu þætti sem hugsanlega geta legið að baki ævintýrinu og boðskapinn sem finna má í sögninni. Þetta vekur áhuga og skapar umræður. Er mögulegt að megi lesa um kynproskaskeið ungra stúlkna í ævintýrum eins og Rauðhettu og Mjallhvíti? Af hverju trúa menn á drauga? Hvenær eru menn dauðir og hvenær ekki? Áfram höldum við í bókmenntasögunni og staðnæmumst næst við bernskuminningar sem komu fram í byrjun tuttugustu aldar. Bernskuminningar eru stuttar frásagnir um hinn yndislega heim æskunnar þar sem gleði og sorg haldast í hendur og allt gat verið svo ljúft en líka erfitt. Hversu langt muna nemendur aftur í tímann? Gerðist ekki eitthvað skemmtilegt – sorglegt – leiðinlegt í lífi þeirra? Nú bretta þessar elskur upp ermar og skrifa sína eigin minningu. Þá koma fram hugleiðingar um lengd og breidd á slíkum frásögnum og sumir spyrja: Já, en hvernig er hægt að skrifa eina og hálfu síðu um það þegar ég fékk kúlu á



hausinn? Enginn vandi, segir kennarinn og gefur þeim leiðbeiningar um ritun bernskuminninga. Nemendur hafa mjög gaman af og sumir hafa skrifað sig frá sárum atburðum, losað um og ýtt upp á yfirborðið svo hægt sé að ræða málið. Bernskuminningar nemenda eru trúnaðarmál milli þeirra og kennara.

Ekki er lengi staldrað við hér í sögunni heldur brunað áfram og þá verða hvunnadagssögur fyrir valinu. Oft hafa verið lesnar bækur Guðrúnar Helgadóttur eða Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og Kristín Steinsdóttir hefur skrifað skemmtilegar bækur sem flokka má til hvunnadags. Lesnar eru valdar bækur og rannsakenndur skoða persónusköpun og málfar, tíma og umhverfi, gagnrýni og fleira. Upplagt er að fá rithöfund í heimsókn ef þess er kostur. Það gefur lífinu lit að fá höfund ljóslifandi inn í stofu.

Myndskreytingar í ríkulega myndskreyttum barnabókum er námsefni sem alltaf hefur verið á kennsluáætlun ísl 633 í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Þrjár greinar í *Röddum barnabóka* koma að gagni, „Yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabóka“ og „Setið í kjöltunni“ eftir Margréti

Tryggvadóttur og „Í ævintýraskóginum – um textatengsl í *Skilaboðaskjóðunni*“ eftir Jón Yngva Jóhannsson. Ég leiði nemendur inn í afar áhugaverðan heim og óska oft að ég kynni meira. Þetta er heimur myndabókanna og hvað megi lesa út úr myndunum annað en það sem augljóst er! Ég bendi þér, lesandi góður, á grein Margrétar, „Setið í kjöltunni“ til að fá innsýn í þennan heim. Ungu fólkið velur sér ríkulega myndskreytta bók til að myndlesa og svo brakar í höfðum viðkomandi því þetta er þínu flókið. Að þessu loknu skal reynt á náðargáfurnar og menn semja og myndskreyta sína eigin bók og tekst oft ótrúlega vel upp. Það eru stoltir nemendur sem horfa á afkvæmi sitt þegar upp er staðið!

Þá snúum við okkur aftur að lestri, nú skal ný eða nýleg

bók lesin og gagnrýnd. Hér reynir á allan orðaforðann því ekki má láta nægja að segja að bókin sé skemmtileg eða leiðinleg, bönnuð orð. Draugar eru á dagskrá þessa önnina undir fyrirsögninni fantasiúbækur og þá munum við lesa smásögur sem komu út í tilefni af norrænu barnabókahátíðinni „Draugar út í myri“, en bókin heitir *At og aðrar sögur*. Einnig tókum við til lestrar bókina *Draugurinn sem hló* og er safn norrænna draugasagna.

Að lokum lesum við greinar um unglíngabækur, til eru allnokkrar greinar eftir hin ýmsu gáfumenni og hægt er að nálgast þær eftir krókaleiðum á heimasíðu Önnu Heiðu Pálsdóttur (ritlist.is). Ég varpa spurningum fram til

krakkanna, til dæmis: Fyrir hverja eru þessar bækur skrifaðar? Hverjir lesa þær? Hvað lesa unglíngar? Um hverja eru þær skrifaðar? Hvenær er maður unglíngur og hvað vill maður þá lesa? Hvernig er heimsmynd unglíngar? Svörin eru margvísleg og mismunandi og skapa skemmtilegar umræður og jafnvel rífrildi. Gaman, gaman.

Í lok annar ganga menn keikir frá borði, hafa skilað níu verkefnum og uppskorið samkvæmt því. Engin próf og enginn kvíðahnútur í maga.

Svona í lokin nokkur orð frá nemendum:

„Áfanginn hefur gefið mér innsýn í heim barnabókmenntanna.“ „Gaman er að grúska í myndum og fara á bak við þær!“ „Flott að læra eitthvað öðruvísi og hverfa aftur til æskuáranna.“

Áfangi sem þessi er öðruvísi og vekur nemendur til vitundar um þær bókmenntir sem við berum á borð fyrir börnin okkar. Áfanginn er hollur og nauðsynlegur, bæði fyrir kennara og nemendur.

Myndirnar tók greinarhöfundur í kennslustund.

- Höfundur er MA í íslenskum fræðum og íslenskukennari við Fjölbrautaskólann í Garðabæ.







# MÁLFRÆÐI *er skemmtileg*

Í þessari grein er sagt frá valáfanga í íslensku sem kenndur er í Menntaskólanum við Hamrahlíð á yfirstandandi önn. Í honum er eingöngu fengist við málfræði með það að leiðarljósi að opna augu nemenda fyrir fjölbreytileika hennar og stuðla að og hvetja til sjálfstæðrar og gagnrýnnar hugsunar.

Margir segja að málfræði sé svo þurr og leiðinleg en mér hefur nú aldrei þótt það, ekki íslensk málfræði að minnsta kosti. Oft hefur því verið velt upp meðal móðurmálskennara, t.d. hér í Skímu, hvernig eigi að kenna málfræði og hvað eigi að kenna. Án þess að hafa gert á því vísindalega úttekt finnst mér eins og viðhorf marga til málfræði séu helst til neikvæð. Margir virðast tengja hana við innantómt stagl sem hafi enga tengingu við nokkuð í lífinu. Allt snúist um rétt og rangt, fallbeygingu og viðtengingarhátt þátíðar. Að sumu leyti get ég tekið undir að fallbeyging sé kannski ekki sérlega ögrandi í sjálfri sér, a.m.k. ekki fyrir þá sem hana kunna sæmilega. Hún er hins vegar órjúfanlegur þáttur íslenskunnar og án hennar væri erfiðara að leika okkur, t.d. með orðaröð.

Mér hefur fundist ég greina svipuð viðhorf hjá nemendum til málfræðinnar. Margir þeirra virðast fá grænar bólar þegar orðið málfræði er nefnt í kennslustund. Nemendur tengja það við stagl og utanbókarlærdóm sem þeir hafa ekki getað sett í samhengi við sjálfa sig og tungumál

sitt, og það er synd. Á þessu eru vissulega undantekningar og alltaf er einhver eða einhverjir sem hafa ánægju af því að leika sér í umræðu um setningaliði og prufa eitt og annað og uppgötva á sama tíma að það er gaman að kunna að gera grein fyrir hinu og þessu með því að kunna að tala um tungumálið með þar til gerðum verkfærum. Ég man t.d. eftir skemmtilegum tíma um tvíræðni forsetningarliða. Það var gaman þegar nemendur áttuðu sig á því að tvíræðnin fælist í því hvernig setningaliðir tengdust (nú veit ég að einhverjir lesendur Skímu gretta sig en þetta var í alvörunni skemmtilegur tími). Enn skemmtilegra getur þó verið þegar nemendur átta sig á því að málsaga er alveg jafnmikil málfræði og fallbeyging, umræður um talmál og ritmál sömuleiðis og hvernig við veljum okkur málsnið við mismunandi aðstæður. Þetta virðast fáir tengja við málfræði.

## Málfræði er ekki stagl

Þess vegna var það sérlega ánægjulegt að u.þ.b. 20 nemendur skyldu velja áfanga á yfirstandandi önn þar

sem er einvörðungu fengist við málfræði. Í upphafi ákvað ég að kynna nemendum sem fjölbreyttast svið málfræðinnar með það að markmiði að opna augu þeirra fyrir því hversu málfræði er áhugaverð, fjölbreytt og laus við allt stagl. Á áætlun er gert ráð fyrir því að taka til umfjöllunar máltöku barna og málstol, mállýskur, tengsl máls og samfélags, málkunnáttu og kynjamál svo fátt eitt sé nefnt. Til að hægt sé að tala um þessi viðfangsefni verður auk þess fjallað um hljóðfræði, orðmyndun og setningarfræði, svo eitthvað sé nefnt af „hefðbundinni“ málfræði. Það er reynsla mín að nemendur hafa mikinn áhuga á þessum viðfangsefnum og uppgötva ýmislegt um sjálfa sig þegar þeir fá réttu tækin í hendurnar til að rýna í tungumálið, en tungumálið er jú stór hluti af okkur sjálfum.

Í upphafi annar spurði ég nemendur um ástæðu þess að þeir völdu áfangann og við hverju þeir byggjust. Einhverjir sögðust hafa áhuga á félagslega vinklinum en aðrir víðruðu áhyggjur sínar af hnignun tungunnar og að þeir gerðu ráð fyrir því að læra rétta íslensku í áfanganum. Þeim hin-

Lesendur **Skímu** gefst kostur á að reyna sig í spurningaleik. Vinsamlegast sendið svar á netfangið svansver@hi.is fyrir 1. mars 2009 og þið gætuð unnið glæsileg bókaverðlaun. Merkið tölvupóstinn **Spurningaleikur Skímu**. Tveir heppnir lesendur verða dregnir út. Vinsamlegast greinið frá fullu nafni og heimilisfangi.

## Verðlaunasurningar:

1. Hver hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2008 og fyrir hvaða bók?
2. Hver þýddi bókina *Karlar sem hata konur* sem Bjartur gaf út 2008?
3. Hver er höfundur eftirfarandi ljóðlína: *Ég er gull og gersemi / gimsteinn elskuríkur. / Ég er djásn og dýrmæti / Drottinn sjálfum líkur.*

Verðlaunahafi síðustu Heilabrota var aðeins einn, þ.e. Fríða Proppé, kennari við Menntaskólann í Kópavogi. Hún hlaut í verðlaun bækurnar Svartfugl og Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson. Bókaútgáfan Bjartur gaf bækurnar.

## Hver er klárastur á kennarastofunni?

1. Eftir hvern er ljóðið *Sólskríkjan*?
2. Hver er höfundur ljóðabókarinnar *Í fjarveru trjáa*?
3. Hver er höfundur textans *Átján rauðar rósir*?
4. Hvað merkir orðið *sýtingssemi*?
5. Hvernig beygist kvenmannsnafnið *Yr*?
6. Hvað merkir orðið *fyrirdiskur*?
7. Hvaðan er orðið *glitnir* komið?
8. Hvað heitir þátturinn um mál og málnotkun á Rás 1 á laugar-dögum?
9. Hvaða bein líkamans kallast *trúlofunarbein*?
10. Hvað er *bjúgaldin*?

## Svör:

1. Pál Ólafsson
2. Ingunn Snædal
3. Iðunn Steinsdóttir
4. smámanasemi
5. Yr - Yri - Yri - Yri - Yri
6. Kjúkskur
7. Úr góðfræðinni, bústædur Forseta
8. Orð skulu standa
9. Beiðnir og óhþogunum, oft kallað
10. Banani

um sömu brá nokkuð þegar ég tilkynnti þeim að í áfanganum yrði ekkert stimplað rétt eða rangt og að í lok annar byggist ég við því að skilningur nemenda á mismunandi málnotkun hefði aukist. Auðvitað er það ekki svo að allt sé talið rétt en það er bara svo miklu meira spennandi að velta fyrir sér og rannsaka af hverju málnotkun fólks er jafn ólík og raun ber vitni. Ég held að nemendur séu að komast á þá skoðun líka, þótt ekki séu liðnar nema fjórar vikur af önninni þegar þetta er skrifað.

## Stolið og staðfært

Ekki er notast við neina kennslubók í áfanganum. Þess í stað eru nemendur látnir lesa fræðigreinar úr Íslensku máli og vinna með þær. *Íslensk tunga I-III* kemur að góðum notum og nemendur lesa valda kafla í þeim. *Alfræði íslenskrar tungu* kemur einnig að góðum notum. Þar að auki eru ýmsar handbækur nýttar og kennslubók sem lengi hefur verið notuð í Háskóla Íslands, *An Introduction to Language* eftir Victoriu Fromkin og Robert Rodman. Í henni eru margar góðar hugmyndir að verkefnum og umræðuefnum. Ekki ætla ég að láta nokkurn halda að ég sé að finna upp hjólið þegar kemur að námsmati og verkefnum. Ég nýti mér óspart allt sem ég hef lært í Háskóla Íslands í málfræði en reyni vissulega að laga það að nemendahóp mínum. Námsmat byggir á fjölbreyttum verkefnum nemenda. Verkefnin eru stór og smá, sum er auðvelt að leysa en við sumum eru engar sýnilegar eða auðveldar lausnir. Þau verkefni eru skemmtilegust. Þar er það ekki lausn-

in sem skiptir máli heldur leiðin að henni, úrvinnslan og hugsunin. Mér finnst mér takast best að ná markmiðum mínum með því að hvetja til og efla sjálfstæða og gagnrýna hugsun með þeim, auk þess sem ég tel að þannig verkefni undirbúi nemendur mína vel undir frekara nám. Mér sýnist nemendur líka njóta þess að brjóta heilann klukkan átta á föstudagsmorgnum í leit að skýringu á því hvaða hefðbundnu kynhlutverk hafa gert miðaldra karla að heppilegum málhöfum í hefðbundnum mállyskurannsóknum, en það er meðal þeirra verkefna sem ég hef lagt fyrir.

Þegar þetta er sett á blað hafa nemendur nýlokið við að kynna sér mikilvægar rannsóknir á íslensku máli og gera grein fyrir þeim. Meðal rannsókna sem nemendur kynntu sér voru rannsóknir Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling á hinni svokölluðu nýju þolmynd og Jóhannesar Gísla Jónssonar og Þórhalls Eypórssonar á breytingum á frumlagsfalli, eða þágufallssýkinni alræmdu og nokkrum öðrum sjúkdómum. Að minnsta kosti þrennt vannst með verkefninu. Nemendur lásu greinar eftir viðurkennda fræðimenn. Þeir kynntust nokkrum af stærri rannsóknum á íslensku máli og síðast en ekki síst kviknuðu hugmyndir nemenda að nýjum rannsóknum sem þeir geta nýtt í loka-verkefni í áfanganum. Þannig varð til þekking og áhugi á að skapa nýtt úr verkefninu, sjálfstæð og skapandi hugsun kviknaði og ég get ekki annað en hlakkað til að sjá útkomuna í lok annar.

- Höfundur er MA í íslensku málfraeði og íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð.

## Eflum íslenskt mál í skólastarfi

Stjórn Samtaka móðurmálskennara hvetur alla félagsmenn til að brydda upp á umræðum í skóla sínum um íslenska tungu og vekja athygli á því að allir kennarar eru málfyrirmyndir. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að öll Norðurlöndin nema Ísland nýta sér notendaviðmót í tölvum á móðurmálinu. Einfalt er að breyta þessu og kostar ekkert. Sjá heimasíðuna [www.microsoft.is](http://www.microsoft.is).

## Frá Forlaginu

### Norræn goðafraði fyrir börn 21. aldarinnar

Mál og menning hefur sent frá sér *Órlög guðanna*, norræna goðfræði þar sem Ingunn Ásdísardóttir endurskrifar texta *Snorra-Eddu* á einkar aðgengilegan og skemmtilegan hátt. Bókina prýða stórglæsilegar myndir eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur sem getið hefur sér gott orð á undanförunum árum fyrir myndskreytingar í barnabókum.

Norræn goðafraði geymir mergjaðar sögur sem gengið hafa kynslóð fram af kynslóð, öldum og árpúsundum saman. Hér er heimi þessara sagna lýst frá því hann varð til úr líkama hrímþursins Ýmis og allt til baráttunnar miklu í ragnarökum.

### Skerpa – vinsælt námsefni í íslensku

*Skerpa – Vallaskólaleiðin* er námsefni í íslensku fyrir 8.-10. bekk. Höfundar eru Guðbjörg Grímsdóttir, Kristjana Hallgrímsdóttir og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir. *Skerpa* byggir á hugmyndafræði sem höfundar hafa þróað undanfarin ár og sækir m.a. í smíðju Daltonskólanna og hlítarnáms. Gengið er út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám, að örva nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og fá þá til að bera ábyrgð á eigin námi og meta færni sína út frá eigin forsendum. Námsefnið samanstendur af tveimur hlutum, verkefnahefti og vef, bæði fyrir kennara og nemendur. Síðastliðið haust kom *Skerpa 1* út fullbúin en *Skerpa 2* og *3* í tilraunaútgáfum. *Skerpa 2* er svo væntanleg fullbúin í vor og *Skerpa 3* voríð 2010.

Í *Skerpu* er unnið í þriggja vikna lotum. Verkefni hverrar lotu eru fjölbreytt og taka á öllum þáttum íslenskunnar; stafsetningu, ritun, bókmenntum, málfræði og framsögn.

Í lok hverrar lotu er tekið sjálfspróf og lotupróf.

Vefur *Skerpu* er ákaflega fjölbreyttur og þar má finna hjálpargögn fyrir kennara, lotupróf, lausnir, verkefnaskrár, glærusafn, gagnvirk próf og margt fleira. Vefurinn er í stöðugri endurskoðun og sífellt bætt við nýju efni. Mál og menning gefur út.

### Stóra orðabókin um íslenska málnotkun loks aðgengileg á snara.is

Í haust bættist *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* í safn orðabóka og uppfléttirita sem eru



aðgengileg á vefsíðunni [snara.is](http://snara.is). Höfundur bókarinnar er Jón Hilmar Jónsson. *Stóra orðabókin* veitir notendum sínum einstakan aðgang að alhliða lýsingu á íslenski málnotkun. Í henni eru um 13.000 uppfléttiorð og 85.000 orðasambönd leitarhæf og með leit er ferðast á milli orða, hugtaka og orðasambanda.

Af öðrum verkum sem eru aðgengileg á [snara.is](http://snara.is) má nefna *Íslenska orðabók*, *Dansk-íslenska orðabók*, *Íslensk-danska orðabók*, *Ensk-íslenska orðabók*, *Íslensk-enska orðabók*, orðstöðulykla Halldórs Laxness og Íslendingasagna o.m.fl. JPV-útgáfa gefur út.

### Íslensk orðsifjabók – loksins fánleg aftur

*Íslensk orðsifjabók* er fánleg á ný eftir nokkurt hlé. Þessi einstaka orðabók greinir frá uppruna og ættum tugþúsunda íslenskra orða. Rakinn er skyldleiki þeirra við orð í öðrum málum, fjallað um tökuorð sem borist hafa í málið og hvenær þeirra verður fyrst vart.

*Íslensk orðsifjabók* gegnir stóru hlutverki í íslenski menningarsögu, enda fyrsta verk sinnar tegundar á íslensku. Bókin er ómetanleg þeim sem er annt um tungumálið, vilja þekkja sögu þess og láta sig framtíð þess einhverju skipta.


Ásgeir Blöndal Magnússon orðabókarritstjóri var þjóðkunnur fyrir þekkingu sína á sögu íslensks orðaforða. Í þessari bók miðlar hann af áratugarannsóknum sínum á Orðabók Háskólans á alþýðlegan og fræðandi hátt.

### Stafsetningarorðabókin – nú komin út í kilju

*Stafsetningarorðabókin* er nú komin út í handhægu og þægilegu kiljubroti. Bókin hefur notið fádæma vinsælda enda nauðsynlegt uppfléttirit við alla textagerð.

*Stafsetningarorðabókin* er hin opinbera réttitunarorðabók um íslensku. Ritstjóri verksins er Dóra Hafsteinsdóttir. Bókin er gefin út í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í *Stafsetningarorðabókinni* eru ríflega 65.000 flettiorð og að auki um 8.000 undirflettiorð. Í bókinni er allur almennur orðaforði málsins, auk fjölda mannanafna, örnefna, ríkja- og þjóðheita og orðaforða úr helstu fræðigreinum. Notendur geta fundið beygingar orða, séð notkunardæmi, ýmis algeng orðatiltæki og dæmi um rétta orðnotkun. Ítarlegar ritreglur fylgja, settar fram á aðgengilegan hátt með fjölda dæma. JPV-útgáfa gefur út.






## Frá Námsgagnastofnun

### Orðasjóður – efni til málörvunar

Mál- og talörvunarefni sem ætlað er til að byggja upp orðaforða og æfa hlustun og talað mál. Efnið má nota á ýmsan hátt í námi yngstu nemendanna í grunnskólanum en nýttist sérstaklega vel í námi nemenda með annað móðurmál en íslensku og barna með seinan málproska. Um er að ræða yfir 200 myndaspjöld sem er hagnlega komið fyrir í öskju.



### Græni gaukurinn



Smábók, verkefni og myndaspjöld Skemmtileg saga eftir Gerði Kristnýju með lifandi myndum eftir Lóu Hjálmtyróttur. Bókin er ætluð börnum sem eru farin að lesa en þurfa þjálfun. Létt málfræði- og lesskilningsverkefni með sögunni má finna á vefsíðu Námsgagnastofnunar. Myndirnar í bókinni eru einnig fánlegar á sérstökum spjöldum með spurningum aftan á. Tilgangurinn með þeim er að örva nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu.

### Draugasaga Dóra litla – auðlesin sögubók

Ný bók eftir Þórarinn Leifsson flokknum Auðlesnar sögubækur. Sagan er skrifuð á léttu máli og söguþráður útdúralaus. Miðað er við að nemendur sem eiga erfitt með lestur geti nýtt sér bækur í þessum flokki. Því eru þær líka aðgengilegar á hljóðbók sem hala má niður af vefsíðu Námsgagnastofnunar. *Draugasaga Dóra litla* er einkum ætluð nemendum á aldrinum 11 til 15 ára.



### Gagnvirkt efni á vef

Nú eru komnir út fjórir vefir til að nota í tengslum við lestur smábóka. Þessir vefir eru ætlaðir til að efla



orðaforða, örva lesskilning og veita þjálfun í að skrifa léttu texta og kynna ólíku rit- og málsniði. Öll fyrirmæli eru lesin og hentar því efnið vel nemendum með lestrarerfiðleika, jafnvel nemendum á miðstigi. Vefirnir sem um ræðir eru með bókunum *TX-10*, *Það er ég, Margt skrítið hjá Gunnari*, *Gagga og Ari* og *Rumur í Rauðhamri*.

### Kæra dagbók 1 og 2

Nýlega kom út *Kæra dagbók 2* en fyrri bókin kom út haustið 2007 og hefur fengið einkar góðar viðtökur. Efnið er ætlað nemendum með annað móðurmál en íslensku og hefur nýst ýmsum aldri. Miðað er við að nemendur séu læsir á sínu móðurmáli. Um er að ræða nemendabók, hljóðbók, verkefni og ábendingar til kennara á vef og um ýmis bókarslaus viðfangsefni eins og leiki og spil. Efni er mikið myndskreytt og leggur áherslu á að kenna grunnorðaforða.



### Málrækt 3

*Málrækt 3* eftir Guðmund B. Kristmundsson, Rósu Þorbjarnardóttur og Þóru Björk Kristinsdóttur kom fyrst í tilraunaútgáfuárið 1983. Nú hefur efnið verið endurskoðað af höfundum. Sem fyrr er námsefnið einkum ætlað nemendum í 7. bekk grunnskóla. Í bókinni er að finna hvers kyns verkefni og æfingar í móðurmálinu með aðaláherslu á málfræði og ritun en einnig stafsetningu og bókmenntir. Áður er komnar út í endurskoðaðri útgáfu *Málrækt 1* og *Málrækt 2*.

# NÝTT OG SPENNANDI NÁMSEFNI Í ÍSLENSKU

Skerpa – Vallaskólaleiðin, heildstæð og skilvirk leið í námi!




EINKUNNIR EFTIR EINSTAKLINGUM

ÍTARLEGT VEFEFNI,  
FYRIR KENNARA OG NEMENDUR

SJÁLFSTÆÐIR OG ÁBYRGIR NEMENDUR

*Skerpa* er námsefni í íslensku fyrir 8.–10. bekk grunnskóla og samanstendur af verkefnabókum og vef. Námsefnið skiptist í þriggja vikna lotur þar sem allir þættir íslenskunnar koma við sögu: stafsetning, ritun, bókmenntir, málfræði og framsögn. Hver lota endar með sjálfsprófi og lotuprófi. Vef námsefnisins er skipt í kennarahluta og nemendahluta. Í kennarahlutanum má finna leslista og verkefnaskrár, próf, lausnir, glærusafn og margt fleira. Nemendur geta svo nýtt sér sjálfspróf, glósur o.fl. í nemendahlutanum.



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)